



GJALD Á KVIKMYNDUN Í  
PINGVALLAPJÓÐGARÐI ▶ 2

ÚTTEKT Á STEFNU  
STÓRU FLOKKANA ▶ 38



**TAX FREE**  
OPIÐ ALLA HELGINA  
**Rafha**  
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík  
www.rafha.is

ALLIR OFNAR,  
ÖLL HELLUBORÐ &  
ALLAR VIFTUR  
Jafngildir 20,32% afslætti

# FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ  
6. apríl 2013  
80. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*



## HÚN VAR STÓRKOSTLEG HÚN MAMMA

**Tinna Gunnlaugsdóttir** er fyrsta konan í starfi  
Þjóðleikhússtjóra. Hún fetaði ung í fótspor  
móður sinnar, stórleikkonunnar Herdísar  
Porvaldsdóttur sem féll frá um síðustu helgi.  
Tinna ræðir opinskátt um listina og lífið. ▶ 24



**SLÆR Í GEGN Á YOUTUBE**  
Frumraun Gunnu Helgu  
Sváfnisdóttur er eitt vinsælasta  
myndband landsins. ▶ 74



**DANSSTRÁKUR  
Á HVÍTA TJALDIÐ**  
Styr Júlíusson leikur  
aðalhlutverkið í Fölskum  
Fugli. ▶ 40



**VEISTU HVAD  
ÞÚ LÆTUR  
OFAN Í PIG?**

Hver Íslendingur  
borðar 24 kíló af  
kjúklingi á ári. ▶ 32



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**ÖLLHÁRSNYRTITÆKI**  
**20-50%**  
LÝKUR Á MORGUN  
AFSLÁTTUR  
byggto og búíð | Kringlunni

**ÚTSALA**  
Á ERLENDUM  
**BÓKUM**  
5. apríl - 4. maí  
Afpreying,  
fróðleikur og fræðirit  
**35-70%  
AFSLÁTTUR**  
**bóksala stúdenta**  
Háskólatorgi - Vatnsmýrinni • 5 700 777 • www.boksala.is

Opið til  
**18**  
í dag  
**Vor  
útsala**  
3.-9. apríl  
Smáralind



### VERÐHÆKKANIR Í SKJÓLI SYKURSKATTS 4 BARNAHÚS STÆKKAR 6

Stuttmynd Guðna Líndal Benediktssonar er á leið á kvikmyndahátíðina frægu.

### PÁFI VILL AÐGERÐIR GEGN OFBELDI 10

„Hvernig sem á það er litið er þetta hrikalegt fylgistap hjá stjórnar-flokkunum.“ 12

Stefanía Óskarsdóttir, stjórnmalafraeðingur



### SKOÐUN 16→19

#### ER SIGMUNDUR DAVÍÐ LÆRDÓMUR OKKAR AF HRUNINU? 18

Jón Kalman Stefánsson um stjórnmal.

#### KYNFERÐISBROT: BRUGDIST VIÐ NEYÐARÁSTANDI 19

Jóhanna Sigurðardóttir um kynferðisbrot gegn börnum.



### HELGIN 22→50

#### REKST OFT Á SIGMUND DAVÍÐ 22

Leikarinn Hannes Óli þykir ná Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, formanni Framsóknarflokksins æði vel.

#### GAGNSÆI ER LYKILLINN AÐ FULLTRÚALYÐRÆÐI 28

Smári McCarthy segir fylgisaukningu Pírata viðbúna.

#### NÁTTÚRUVERND OG SKULDAVANDI HEIMILANNA 30

Guðmundur Franklín segir Hægri græna hafa margt fram að færa.

#### BUXNADRAGTIN Í SVIÐSLJÓSIÐ 44

Buxnasniðin í sumar eru margvísleg, víð og þröng, stutt og síð.

#### KRAKKASÍÐAN 48 KROSSGÁTAN 50



### MENNING 58→74



**ÁRATUGUR Í LÍFI LISTAMANNS 58**  
Gretar Reynisson telur dagana í glósum, vikurnar í skyrnum, mánuðina í koddum og árin í plöttum. Framrás tímans og endurtekningin eru element sem hann leikur sér að í listinni.

**NO HOMO Á LEIÐ TIL CANNES 63**  
Stuttmynd Guðna Líndal Benediktssonar er á leið á kvikmyndahátíðina frægu.

**JOHN GRANT SEMUR TÓNLIST FYRIR NÝTT LEIKRIT 74**

Tónlistarmaðurinn hefur ekki unnið í leikhúsi áður.

### SPORT 68

#### FORDÆMISGEFANDI MÁL 68

Kári Kristján segist hafa spilað með landsliðinu í góðri trú þar sem hann hafi fengið grænt ljós frá læknum Wetzlar.

#### SÁRNAÐI UMRÆÐAN 68

Alexander Petersson er ekki sáttur við margt sem var sagt og ritað er hann gaf ekki kost á sér fyrir HM á Spáni.



## FIMM Í FRÉTTUM BOLTASTRÁKAR Í BOBBA OG PÍRATI Á FERÐ




Kristján Arasyni hefur nú verið stefnt fyrir dóm af slitastjórn Kaupþings. Slitastjórnin vill að hann borgi protabúi bankans mörg hundruð milljónir sem hann fékk að láni til að kaupa hlutabréf í bankanum. Hann er ekki á þeim buxunum og því er málið komið fyrir dóm.



Birgitta Jónsdóttir hélt til Bandaríkjanna. Hún var ekki bangnari en svo að hún skrifaði um för sína fyrir fram á vefinn. Enda þurfti hún ekki að vera hrædd—hún komst óáreitt úr landi og inn í annað og það var sem við manninn mælt: Píratar komast inn á þing samkvæmt nýjustu könnun.



Guðrún Jónsdóttir í Stígamótum kynnti nýja ársskýrslu samtakanna í vikunni. Hún var að vonum sláandi—þar kom meðal annars í ljós að æ fleiri vargar reyna að komast yfir kvenfólk með því að byrja því lyf á skemmtistöðum.



Hjörleifur Sveinbjörnsson, þýðandi og eiginmaður Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, greip öllum að óvörum til varna fyrir ofbeldismennina Annþór Karlsson og Börk Birgisson í blaðagrein þar sem hann líkti meðferðinni á þeim við Guðmundar- og Geirfinnsmálið.

→ Handboltakappinn Kári Kristján Kristjánsson var rekinn frá Wetzlar eftir að hann lék leik með íslenska landsliðinu á meðan hann var í veikindaleyfi, að minnsta kosti í huga forsvarsmanna Wetzlar. Allt er þetta þó málum blandið, því að Kári taldi sig hafa látið vita af því að hann mundi spila.



## Gjald á kvikmyndun í Þingvallapjóðgarði

Innheimta á gjald af fyrirtækjum sem fá heimild til að kvikmynda á Þingvöllum. Gjaldið á að standa undir umsýslu vegna vaxandi kvikmyndagerðar í friðlandinu. Þjóðgarðinn á ekki að nýta í auglýsingaskyni segir formaður Þingvallanefndar.

**STJÓRNSÝSLA** „Þetta getur verið alveg gríðarlega umfangsmikið,“ segir Álfheiður Ingadóttir, formaður Þingvallanefndar, um vaxandi umsvif kvikmyndagerðarfólks í þjóðgarðinum. Nýju gjaldi er ætlað að fjármagna aukið eftirlit með þeirri starfsemi.



ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR

„Það er óheimilt að kvikmynda í garðinum án sérstaks leyfis og það hefur alltaf verið þannig,“ útskýrir Álfheiður. „Þetta er meðal annars vörn gegn því að menn fari að gera Þingvelli að sínu lógi eða taka þjóðgarðinn í auglýsingaskyni fyrir eitt eða annað. Þetta tíðkast alls staðar í heiminum.“

Að sögn Álfheiðar hefur fram til þessa verið lagt sérstakt tryggingargjald á kvikmyndagerðarfyrirtækin vegna hugsanlegs skaða sem þau geti valdið og um þetta séu gerðir samningar.

„Það er frægt að það var nánast kveikt í öllum gróðri í Almagnagjá fyrir um tuttugu árum. Þá var verið að taka einhverja dreka-mynd með eldtungum,“ rifjar formaðurinn upp og minnir á óhapp sem varð við Silfru í nóvember í fyrra þegar málningarflygsur af búnaði kvikmyndatökumanna menguðu gjána.

Þingvallanefnd samþykkti í lok janúar að leggja á umrætt gjald ásamt því að innleiða gjald fyrir þvottaaðstöðu og sturtur á tjaldstöðum. Af mættum nefndar-



ÞINGVELLIR Náttúruferugarðin á Þingvöllum er eftirsótt sviðsmynd kvikmynda-gerðarmanna sem brátt þurfa að greiða gjald fyrir að athafna sig í friðlandinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

mönnum lýsti aðeins Ragnheiður Elín Árnadóttir úr Sjálfstæðisflokki sig andvíga gjaldtökunni. Vísaði Ragnheiður til þess að ekki væri búið að útfæra þá þjónustu sem rukka ætti fyrir. Nefndin fól þjóðgarðsverði að útbúa gjaldskrá en hún hefur ekki verið gefin út.

Álfheiður segir ljóst að gjaldið eigi að standa undir umsýslu, eftirliti og aðstoð við kvikmyndatöku-liðin.

„Þetta er til þess að hlutirnir geti gengið smurt fyrir sig. Við viljum til að mynda ekki að einhverjir útlendir kvikmyndatökumenn séu að bægja ferðamönnum frá. Það er réttara að það sé starfsmaður þjóðgarðsins sem vekir athygli á því hvað fer fram,“ segir

„Það er frægt að það var nánast kveikt í öllum gróðri í Almagnagjá fyrir um tuttugu árum.“

Álfheiður Ingadóttir, formaður Þingvallanefndar

Álfheiður og undirstrikar að ekki sé átt við myndatökur almennings. „Það er ekki verið að banna heimavideo af fjölskyldunni.“

gar@frettabladid.is

## OPNIR STJÓRN MÁLA-FUNDIR Í DAG



ÖGMUNDUR KATRÍN SVANDÍS RÓSA BJÖRK LÁRUS ÁSTMAR

Þér er boðið á opinn stjórnmalafund í dag

Grundarfirði, Kommakoti kl. 15 með Katrínu Jakobsdóttur og Lárusi Ástmar Hannessyni.

Kópavogi, Hamraborg kl. 15 með Ögmundi Jónassyni, Rósu Björk Brynjólfsdóttur og Svandísi Svavarsdóttur.

Reykjavík, Borgartúni 16, kl. 20 með Katrínu Jakobsdóttur og Svandísi Svavarsdóttur.

Rjúkandi kaffi og liflegar umræður.

KOMDU og spjallaðu við frambjóðendur!

FYRIR FÓLKÍÐ Í LANDINU



VINSTRI GRÆN

Lífið gengur sinn vanagang í Suður-Kóreu þrátt fyrir stríðsæsingatal:

## Spennnari fyrir Gangnam Style

**SUÐUR-KÓREA, AP** Almennitur í Suður-Kóreu lætur ekki spennuna í samskiptum við nággrannana í norðri á sig fá, enda hafa þeir áður upplifað slíkar hótanir.

Verslunareigendur hafa ekki orðið varir við að fólk hamstri matvæli til að geyma ef til stríðs kæmi og unga fólk hefur um margt annað að hugsa, til dæmis tónleika ofurstjórnunnar Psy sem tryllti tónlistarheiminn með laginu Gangnam Style.

„Hótanirnar hafa engin áhrif á líf mitt,“ segir skrifstofu- maðurinn Park Geun-san. „Ég er bara voðalega spennur fyrir tónleikunum og Norður-Kórea breytir því ekki.“

Kang Dong-wan, sérfræðingur í milliríkjasamskiptum á Kóreuskaga við háskólann Dong-A í Busan, segir Suður-Kóreumenn ekki trúna að stjórnvöld í Pjongjang muni standa við hótanir. Það megi þó ekki líta alfarið fram hjá ógninni, enda sé meira undir núna. Leiðtogi Norður-Kóreu sé óreyndur og Suður-Kórea hafi heitið því að svara árás- um í sömu mynt.

„Þannig að lítil neisti getur auðveldlega orðið að báli sem mun valda eyðileggingu um allan Kóreuskaga.“ - þj



**EKKERT STRESS** Almennir borgarar í Suður-Kóreu eru ekki að stressa sig mikið á stríðsæsingi norðanmanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



# TAX FREE REIÐHJÓL

## AÐEINS UM HELGINA!



### AUTHOR Í FREMSTU RÖÐ

Author er einn af leiðandi framleiðendum reiðhjóla og fylgihluta í Evrópu. Keppendur á þessum téknésku gæðahjólum hafa verið í fremstu röð í keppnum í Evrópu í mörg ár.

VERÐ FRÁ  
**29.990 KR.**  
MIKIÐ ÚRVAL!



# FUGLALANDIÐ OPNAR Í SKÚTUVOGI

ÁVAXTATRÉ AÐEINS

**4.990**

EPLA, PERU, PLÓMU  
OG KIRSBERJATRÉ.  
EINNIG MIKIÐ ÚRVAL AF  
BERJARUNNUM OG ÖÐRUM  
ÁVAXTATRJÁM

Einar töframaður kemur  
kl. 14.00 laugardag og sýnir magnaðar  
sjónhverfingar.

Allir fá mynd af sér með alvöru  
Hogwarths-dúfum.

**Einar Mikael**  
Töframaður



**Kaffi Garður**  
Skútuvogi

Ís á **99** kr. allar helgar!



**blómaval**



**HÚSASMÍÐJAN**

HLUTI AF BYGMA



Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar“ enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma. Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslátti. Að sjálfsögðu stendur Húsasmíðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956



30.03.2013 → 05.04.2013

**5,5** mældist styrkur stærsta jarðskjálftans við Grímsey í vikunni.



**47%**

kjósenda ákváðu hvað þeir ætluðu að kjósa innan við viku fyrir kjördag í þingkosningunum 2009.

**40%**  
40% kjósenda styðja Framsóknarflokkinn samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

**2015**

VERÐUR NÝTT FANGELSI Á HÓLMSHEIÐI TILBÚIÐ.

**7407** MILLJARÐAR KRÓNA

FARA Í VOPNAKAUP RÍKJA HEIMS Á HVERJU ÁRI.

**22**

URÐU FYRIR LYFJANAUÐGUN Á SÍÐASTA ÁRI.

**10 kg**

10 KÍLÓ AF AMFETAMÍNI HEFUR LÖGREGLAN TEKID Í LEIFSSTÖÐ FRÁ ÁRAMÓTUM.

**8730** BREYTTU UM NAFN Í FYRRA.

HANDKNATTLEIKUR

**28-29**

6.052 símtöl berast til Þjóðskrár Íslands í hverjum mánuði.

**51,3%**

FLYTJENDA Í EUROVISION SYNGJA Á MÓÐURMÁLINU.



63% sænskra öku-  
manna telja sig betri  
en meðalökumanninn.

**63%**

## Ísland á eftir nágrönnum: Ný græn lög um orkuskipti

**UMHVERFISMÁL** Ný lög um orkuskipti í samgöngum munu auka verulega hlut endurnýjanlegra orkugjafa frá því sem nú er, sem er innan við eitt prósent. Árið 2014 munu söluaðilar eldsneytis hér á landi þurfa að tryggja það að a.m.k. 3,5% af eldsneytinu sem þeir selja til samgangna verði af endurnýjanlegum uppruna. Ári síðar hækkar þessi hlutur í 5%, eins og segir í nýjum lögum frá Alþingi.

Hlutur endurnýjanlegrar orku í samgöngum á Íslandi er töluvert minni en í nágrannalöndunum. - sá



**FERÐAMENN** Ferðamönnum í mars fjölgaði um 45%. FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR

## Enn fjölgar ferðamönnum: Tæp helmingsfjölgun í mars

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ferðamönnum um Leifsstöð í mars fjölgaði um 45,5 prósent frá síðasta ári, en í ár fóru um 49.000 ferðamenn frá landinu samkvæmt tilkynningu frá visitorsguide.is.

Bretar voru fjölmennastir, eða um 15.500, og fjölgaði um tæp 70 prósent milli ára. Næstfjölmennastir voru ferðamenn frá Bandaríkjunum og Kanada, sem fjölgaði um rúm 60 prósent.

Það sem af er ári hafa rúmlega 122.000 erlendir ferðamenn farið frá landinu, sem nemur tæplega 40 prósentu aukningu milli ára. - hó

## Flakkaði á milli fjallaskála: Sníkjugestinum vísað úr landi

**NOREGUR** Þjóðverji á sextugsaldri flakkaði á milli skála Norska ferðafélagsins í Noregi í allan vetur án þess að greiða fyrir gistingu og mat sem hann snæddi af birgðum í skálunum. Eftir ábendingu til lögreglunnar var Þjóðverjinn handtekinn. Þjóðverjinn, sem vísa á úr landi, hefur fengið sekt upp á 15 þúsund norskar krónur, eða rúmlega 300 þúsund íslenskrar krónur.

Í frétt á vef Aftenposten segir að Norska ferðafélagið ætli að krefjast allt að 100 þúsund norskra króna í bætur eða jafngildis rúmlega 2 milljóna íslenskra króna.

Sníkjugesturinn hefur áður verið handtekinn í Noregi vegna svipaðra mála. - ibs

Jarðskjálftar við Grímsey:

## Minnkandi skjálftavirkni

**NÁTTÚRA** Skjálftavirkni fyrir norðan fer hægt og rólega minnkandi samkvæmt tilkynningu frá Veðurstofu Íslands.

Þó kom fram tímabundin aukning í virkni á fimmtudagskvöldið. Í fyrradag urðu tveir skjálftar af stærðinni 3,4 og 3,6 á Richter um 15 kílómetra norðaustur af Grímsey, rétt undir miðnætti.

Skjálftarnir fundust vel í eyinni. - hó

## FANGELSISMÁL

### Fangi fannst látinn

Fangi fannst látinn í fangaklefa sínum á Litla Hrauni á fimmtudagskvöldið. Andlátíð er í rannsókn og vill lögreglan engar upplýsingar gefa að svo stöddu.

# Verðhækkningar í skjóli sykurskatts

Neytendur fá þær skýringar að nýlegar verðhækkningar stafi af nýjum sykurskatti. „Mögulegt að menn nýti tækifærið og hækki verð almennt,“ segir hagfræðingur ASÍ. Nýtt kerfi er ógagnsætt og veldur erfiðleikum þegar kemur að eftirliti.

**NEYTENDAMÁL** „Það eru engin efnisleg rök sem styðja við 10% verðhækkun á brauðmeti vegna þessarar nýju skattheimtu, nema brauðið sé eingöngu gert úr sykri,“ segir Henný Hinz, hagfræðingur hjá ASÍ, um sykurskattinn svokallaða, sem lagður var á ákveðnar matvörur þann 1. mars síðastliðinn. Hún segir 1-3% verðhækkun á matvörum vegna gjalddökunnar eðlilega, en gjaldið sé reiknað í hlutfalli við sykurrinnihald matvælna.

Á síðu aðildarféлага ASÍ, Vertu á verði, má finna margar athugasemdir frá neytendum þess efnis að verslanir hafi hækkað verð verulega frá þeim degi er sykurskatturinn var lagður á. Þar á meðal eru nokkrar er snúa að hækkan á brauðmeti sem í sumum tilfellum hefur hækkað um allt að 10% í verði. Sé skýringa leitað er sykurskattinum kennt um. Það er að Hennýjar mati óeðlilegt: „Það ætti að taka nokkra mánuði fyrir gjalddökuna að koma fram í verðhækkunum.“

Henný segir að sykurskatturinn skili sér þó fyrir í verðhækkunum ferskvara.

Sykurskatturinn felur í sér hækkanir vörugjalda á matvæli sem innihalda ákveðið magn sykurs eða sætuefna en stjórnmöld áætluðu með þessu að auka tekjur í ríkissjóð um 800 milljónir. Skattheimtan byggir á 210 króna vörugjaldi á hvert kíló af sykri, sem er hækkan um 250%, en matvæli með viðbættum sykri, eða sætuefni, bera vörugjaldið í réttu hlutfalli við sykurmagn.

Bæði Neytendasamtökin og ASÍ



**Í MATVÖRUVERSLUN** Sykurskattur leggst nú á vörur í hlutfalli við sykurrinnihald. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## E-fni sem kaupauki með sykurskatti

Í mörgum tegundum sælgætis má enn finna umdeild Asó-litrefni þrátt fyrir bann. Bresk rannsókn staðfesti að neysla þeirra gæti haft neikvæð áhrif á athafnasemi og eftirtekt barna og valdið ofvirkni. Þetta segir í nýjasta tölublaði Neytendablaðsins.

Flestir framleiðendur hafa nú þegar skipt þessum efnunum út fyrir önnur en enn má finna vörur sem innihalda þessi efni. Á meðal þeirra vara sem innihalda þessi efni og eru án varúðarmerkinga eru Appollo-stjörnurullur frá Góu, Eðlur frá Freyju og Cindy Mix frá Góðu fæði. Þessi efni leynast einnig í sælgætisbörum verslana sem flestir eru án nokkurra innihaldslýsinga og varúðarmerkinga.

hafa fengið athugasemdir frá neytendum sem óánægðir eru með verðhækkningar undanfarið. Henný segir of snemmt að áætla hvort það sé vegna sykurskattsins.

„Þetta er ógagnsætt skattheimta og erfitt fyrir okkur og neytendur

af fylgja henni eftir. Þar af leiðandi er alltaf hætt við að menn nýti tækifærið og noti sykurskattinn sem átyllu til þess að hækka verð almennt og umfram það hlutfall sem gjalddakan segir til um.“

- mi

# PÁSKATILBOÐ

**Hannað fyrir Ísland**

**10 ára** vörusynsla á Íslandi

**89.900 FULLT 10**

**SÍÐASTI DAGUR PÁSKATILBOÐA ER Í DAG**

**Opið laugardag til kl. 16**

**www.grillbudin.is**

**ÞETTA ER AÐEINS BROT AF ÞEIM VÖRUM SEM ERU Á TILBOÐI**

LANDMANN  
Er frá Þýskalandi

Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

**VÍÐA FROST** um helgina en að 5 stigum SV-lands yfir daginn. Strekkingur við S-ströndina í dag en hægrir um til morguns. Dálítil slýdduél S- og V-til í dag og NV- til á morgun. Sólin lætur sjá sig einkum N- til.

Alicante 18°	Billund 8°	Gautaborg 5°	London 9°	Orlando 24°	San Francisco 16°
Basel 16°	Frankfurt 7°	Kaupmannahöfn 5°	Mallorca 12°	Ósló 2°	Stokkhólmur 4°
Berlín 5°	Friedrichshafen 10°	Las Palmas 21°	New York 10°	París 8°	

**Mánudagur**  
Viða fremur hæg breytilegt átt.

**Sníjlaug Ólafsdóttir**  
veðurfréttamaður





Hagkvæmur og vistvænn innlendir orkugjafi

Bjartey Sigurðardóttir, verkfræðingur



Sparnaður og lúxus fara einstaklega vel saman í Highline útfærslunni

Ingimar Sigurðsson, forstöðumaður



Núna er helmingi ódýrara að skreppa vestur í Ólafsvík. Það munar um minna.

Kristín Kjartansdóttir og Þorgrímur Benjamínsson



Volkswagen Passat EcoFuel, bíll ársins 2012

## Volkswagen Passat eigendur eru ánægðir með metanið

Eigendur Passat EcoFuel taka þátt í því að minnka losun koltvísýrings í andrúmsloftið, spara dýrmætan gjaldeyri með því að nota íslenskan orkugjafa og lækka eldsneytiskostnaðinn um nær helming.

Passat TSI EcoFuel sjálfskiptur kostar

**4.690.000 kr.**

Meðaleyðsla 6,8 l /100 km bensín, 6,6 m<sup>3</sup> 4,3 kg/100 km metan m.v. blandaðan akstur.

Vissir þú að auk 22 kg metantanks, sem dugir í um 430 km akstur, er Passat EcoFuel einnig með 31 lítra bensíntank sem þú kemst á um 450 km miðað við langkeyrslu.

Staðalbúnaður í Passat Comfortline

- Armpúði milli framsæta
- 16" álfelgur 7J
- Hiiti í framsætum og rúðusprautustútum
- Hliðarloftþrúðar að framan
- Hraðastillir
- ISOFIX festingar fyrir barnabílstóla
- Krómlisti við hliðarrúður
- Langbogar á þaki (svartir) Variant
- Viðgerðarsett fyrir hjólbarða (EcoFuel) og viðvörunarþríhyrningur
- Leður á gírstöng
- Loftkæling
- RCD 310 MP3 geislaspilari með útvarpi
- Regnskynjari á rúðupurkum
- Spegill með ljósi í sólskyggni báðum megin
- Upplýsingatölva í mælaborði
- Varadekk í fullri stærð (TDI og TFSI)
- Þokuljós með beygjustýringu
- RCD315 útvarp með leiðsögukerfi (Ísland)
- Bakkmyndavél



Das Auto.



Óska eftir að kaupa enskt english course tungumálmánskeið.

Vantar 2 eins námskeið

Ég borga 30.000 fyrir námskeiðið  
Upplýsingar í 865-7013

# AÐEINS Í DAG!

## SENNHEISER GÆÐA HEYRNATÓL



Sennheiser CX-280  
SPARAÐU 40%  
VERÐ ÁÐUR 5.995,-  
NÚ 3.595,-

Sennheiser MX-270  
SPARAÐU 40%  
VERÐ ÁÐUR 1.995,-  
NÚ 1.195,-

Opið í dag kl. 11-16.  
kíktu inn á [www.pfaff.is](http://www.pfaff.is)

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

**PFAFF**



ISLANDSKEK  
ilmandi ljúffengt  
KEX smiðjan  
fæst í næstu verslun  
NÝTT KEX  
Íslandskek er bragðgott kek sem hentar í öll mál fyrir þig.



STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

vísir  
FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

visir FASTEIGNIR.IS  
Sími: 112 888 (vörð 24 klk)

Maðurinn sem sakaður er um gróft ofbeldi gegn fimmtán ára stúlku:

## Er með átján dóma á bakinu

**LÖGREGLUMÁL** Maðurinn sem undanfarna viku hefur setið í gæsluvarðhaldi grunaður um gróft ofbeldi gegn fimmtán ára stúlku hefur hlotið átján refsisdóma frá árinu 1998.

Maðurinn var leiddur fyrir dómara í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær þar sem krafist var framlengingar á gæsluvarðhaldi yfir honum. Hann er grunaður um að hafa svipt stúlkuna frelsi, stungið fingri í leggöng hennar, reynt að þvinga hana til að innbyrða fíknifni, bæði LSD og MDMA-kristalla, og auk þess beitt hana líkamlegu ofbeldi, stungið hana með penna, kastað vog í andlit á henni og fleira.

Maðurinn heitir Gunnar Þór Grétarsson og er 32 ára. Hann á langan sakaferil að baki. Hann hlaut síðast þriggja mánaða fangelsisdóm í janúar í fyrra fyrir líkamsárás, og þar áður tveggja ára dóm í maí 2011 fyrir ýmis brot, meðal annars ofbeldi gegn lögreglumanni og að ræna bíl af

2 ára dómur var kveðinn upp yfir Gunnari Þór Grétarssyni í maí 2011 fyrir árás á lögreglumann og vopnað rán mönnum vopnaður óskilgreindum járnhlut. Sakaferill Gunnars Þórs nær aftur til ársins 1996 og frá árinu 1998 hefur hann, sem áður segir, hlotið átján dóma fyrir alls kyns brot, þar af eru nokkrir eitt ár eða meira.

## Boða kaup á nýju og stærra Barnahúsi

Ríkisstjórnin ætlar að verja 300 milljónum króna til að bregðast við auknum mála fjölda í kynferðisbrotum gegn börnum. Barnahús flyst brátt í stærra húsnæði. Tugir barna eru nú á biðlista en núverandi húsnæði getur ekki annað eftirspurn.

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við fundum fráþætt húsnæði miðsvæðis í Reykjavík og ég er mjög bjartsýn á að allt fari á besta veg. Það er vissulega sjaldgæft að finna hús sem hentar jafn vel fyrir okkar starfsemi,“ segir Ólöf Ásta Farestveit, forstöðukona Barnahúss.

Viðbragðsáætlun ríkisstjórnarinnar vegna fjölgunar í tilkynningum á kynferðisbrotum gegn börnum var kynnt í gær. Staekkun Barnahúss var meðal þeirra verkefna sem voru á forgangslista og ákveðið var að ráðast í strax. Kaup á húsnæðinu eru þó háð samþykki Alþingis, en Ólöf er bjartsýn á að kaupin gangi í gegn.

„Þessi málaflökkur hreyfir við mörgum og það er búið að vera gríðarlegt álag á starfsemi,“ segir hún. „Við erum með börn sem hafa liðið fyrir að komast ekki í meðferð og biðin hefur verið löng.“

Ólöf býst við því að kaupferlið taki einhverja mánuði, en segir ljóst að húsnæðið muni grynna verulega á þeim vanda sem stofnunin hefur staðið frammi fyrir frá áramótum. Herbergi eru fleiri og hægt verður að rúma fleiri starfsmenn.

„Það verður að gefa þessu fólki von. Það er svo mikið af foreldrum í óviðunandi angist vegna þessa ástands.“

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir í grein í Fréttablaðinu í dag að kynferðisbrot gegn börnum séu svartur blettur á íslensku samfélagi og að mikilvægt sé að bregðast við þeim



**NÚVERANDI HÚSNÆÐI OF LÍTIÐ** Barnahús getur ekki rúmað þá miklu starfsemi sem krafist er af því og því hefur ríkisstjórnin ákveðið að veita fjármagn í kaup á nýju og stærra húsi á næstu misserum.

### Allt að fimm mánaða bið eftir meðferð

- Yfir 100 kynferðisbrot gegn börnum hafa verið tilkynnt til lögreglu frá áramótum. Allt síðasta ár voru tilkynningar 141.
- 34 börn eru á biðlista eftir skýrslutöku og viðtali í Barnahúsi.
- 16 börn eru í bið eftir meðferð.
- Hver sérfræðingur getur tekið upp undir 20 mál í Barnahúsi sem þýðir að það getur verið fjögurra til fimm mánaða bið eftir meðferð fyrir börnin að öðru óbreyttu.

síaukna mála fjölda sem nýverið hafi komið fram. Starfshópur á vegum ráðuneytanna var stofnaður í janúar til að bregðast við vandanum og meðal forgangstíllagna hans voru kaup á nýju Barnahúsi, fjölgun sérfræðinga þar og fjölgun lögreglumanna og saksóknara sem sinna kynferðisbrotum.

Því ákvað ríkisstjórnin að veita

nú þegar 190 milljónir króna til að fjármagna þessar tillögur. Með fénu verður meðal annars unnt að tryggja strax ellefu ný stöðugildi til að vinna gegn kynferðisbrotum gegn börnum hjá Barnahúsi, lögreglu, ríkissaksóknara og Fangelsismálastofnun. Heildarkostnaður við tillögur nefndarinnar eru um 300 milljónir króna.

[sunna.frettabladid.is](http://sunna.frettabladid.is)

Drykkjulæti einstakra silungsveiðimanna koma hópnum öllum í koll:

## Næturveiði bönnuð í þjóðgarði

**STANGVEIÐI** „Það fer ekki alltaf vel saman; fjölskyldulíf í tjaldbúðum og glaðir veiðimenn fram á nótt,“ segir Álfheiður Ingadóttir, formaður Þingvallanefndar, sem samþykkt hefur að banna stangveiði á landi þjóðgarðsins frá hálf tölft á kvöldin til fimm á morgnana.

„Það er náttúrliga bjart allan sólarhringinn á sumrum og hægt að veida hvenær sem er. Þarna eru settar í fyrsta sinn reglur um næturveiði veiðimenn en það er nánast fyrir aðra gesti. Veiðimenn eiga að hvíla sig í fimm og hálfan tíma og leyfa öðrum að sofa þá,“ segir Álfheiður.

Nóttin er sá tími sem sumir kjósa helst að vera á veiðum við Þingvallavatn. „Þetta er ekki mikil trafik en það er stundum mikið ónæði - tveir góðgláðir skemma fyrir mörgum,“ segir Álfheiður.

Áðgangur að veiðilendum þjóðgarðsins við Þingvallavatn hefur verið inni í Veiðikortinu frá því 2006. „Þetta kemur mér ekki á óvart,“ segir Ingimundur Bergsson hjá Veiðikortinu. „Það er voða



**SÁTT OG SAMLYNDI** Unga á daginn en ekki nóttunni svo þeir trúfli ekki aðra gesti í þjóðgarðinum á Þingvöllum.



FRÉTTABLAÐIÐ/  
PIETUR

gaman að vera þarna á nóttinni en ástæðan fyrir þessu er að það hefur verið vesen á nóttunni svo þeir sem eru þarna í tjöldum hafa ekki fengið neinn frið.“

Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður segir nýju reglurnar taka gildi strax og veiðitímabilið hefst 1. maí. „Það verður mjög strangt eftirlit,“ segir þjóðgarðsvörður.

- gar





# Það er bara einn flokkur sem ætlar að lækka skatta



Valkosturinn er skýr.  
Við munum lækka skatta á heimili og fyrirtæki.  
Aðrir munu ekki gera það.

- › Lækkum tekjuskatt - aukum ráðstöfunartekjur
- › Lækkum gjöld á eldsneyti - lækkum verð á bensíni
- › Lækkum tolla - lækkum vöruverð
- › Lækkum skatta - aukum hagvöxt







**INNKAUP** í nýrri skýrslu Hagstofunnar um fjárhagsstöðu heimilanna á síðasta ári kemur í ljós að heimilum í fjárhagsvanda fækkaði í fyrsta sinn frá hruni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fjárhagur heimila batnar á milli ára

Fjölskyldum sem eiga auðvelt með að ná endum saman fjölgaði í fyrsta skipti eftir hrun í fyrra. Þeim sem eiga mjög erfitt með það fækkaði um 10,6 prósent. Vanskil húsnæðislána eða leigu héldust óbreytt þriðja árið í röð, í 10,1 prósent.

**EFNAHAGSMÁL** Heimilum sem auðvelt eiga með að ná endum saman fjölgaði um 4.700 milli árunna 2011 og 2012, samkvæmt lífskjararannsókn Hagstofu Íslands. Aukningin nemur 8,0 prósentum á milli ára. Árið 2012 er fyrsta árið eftir hrun þar sem fjölgar í þessum hópi.

Fram kemur í nýjasta hefti Hagstíðinda Hagstofunnar að einnig hafi fjölgað í hópi þeirra heimila sem mætt gátu óvæntum útgjöldum. Þá hafi vanskil húsnæðislána eða leigu staðið í stað í 10,1 prósent, þriðja árið í röð.

Fram kemur að einstæðir foreldrar séu líklegri til að vera í fjárhagsvanda en aðrir hópar og að konur sem búi einar lenti síður í vanskilum en karlar sem búi einir.

„Heimili þar sem meðalaldur fullorðinna einstaklinga var 30 til

39 ár voru í mestum erfiðleikum. Því hærri sem meðalaldur fullorðinna einstaklinga er á heimilinu því minni líkur eru á því að heimili sé í fjárhagserfiðleikum,“ segir í Hagstíðindum.

Greining Íslandsbanka bendir á að breytingarnar tengist líkast til auknum kaupmætti ráðstöfunartekna heimila, en hann jókst um 5,3 prósent árið 2011 og aftur um 1,8 prósent í fyrra. „Þá hafa einnig áhrif þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í til að lækka skuldir heimilanna, en skuldir heimilanna sem hlutfall landsframleiðslu voru komnar í 109 prósent í ágúst í fyrra eftir að hafa farið í 132 prósent af landsframleiðslu undir lok árs 2008. Þetta, ásamt fleiri aðgerðum, hefur létt greiðslubyrði lána heimilanna og hjálpað þeim að ná endum


**48%** Árið 2012 áttu rúm 48 prósent heimila erfitt með að láta enda ná saman, en rúm 52 prósent árið áður.

saman,“ segir í umfjöllun greiningarardeildarinnar.

Lífskjararannsókn Hagstofunnar er hluti af samræmdri rannsókn Evrópusambandsins. Fram kemur að á síðasta ári hafi hér á landi verið 123.900 fjölskyldur og að meðaltali 2,4 einstaklingar í hverri þeirra. Í úrtaki Hagstofunnar í rannsókninni voru 4.018 heimili en svör fengust frá 3.091. Svarhlutfall var því 77 prósent.

oikr@frettabladid.is

## MÖGULEIKAR Á AÐ NÁ ENDUM SAMAN



Heimild: Hagstíðindi 2013:3, Hagstofa Íslands

### → Staðan er næstum sú sama og 2004

Ákveðin tilhneiging kann að vera til að ofmeta erfiðleika heimila vegna skulda, að mati Katrínar Ólafsdóttur, lektors við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. „Parna úti er klárlega hópur sem á í erfiðleikum, um það er engin spurning, en ég held að endar nái saman að megninu til hjá flestum.“ Spyrja megi sig út frá hverju einstaklingarnir sem til svara eru í könnun Hagstofunnar meti stöðu sína. Þá kunni að vera vandi að draga ályktanir úr frá niðurstöðunum. Þannig geti verið að konur sem búi einar leggi síður út í íbúðakaup en karlar sem búi einir og það geti skýrt af hverju þær lenda síður í vanskilum.

Könnunin sýni hins vegar þróun í rétta átt og það komi í sjálfu sér



ekki á óvart. „Tekjur hafa aðeins aukist og atvinnuleysi aðeins minnkað og eitthvað að koma upp í gegnum þessi úrræði sem gripið hefur verið til. En það þýðir ekki að þeir sem á annað borð eru í vanda séu í eitthvað minni vanda.“

Katrín segir hins vegar athyglisvert þegar horft er á hlutfallslega þróun þeirra sem segjast eiga gott með að láta enda ná saman og þá sem eiga erfitt og mjög erfitt með að gera það að sú mynd líti árið 2012 næstum alveg eins út og árið 2004. Rúmur helmingur á gott með að láta enda ná saman, um tundi þartur mjög erfitt og tæp 40 prósent eru þar á milli.

„Og var nokkur að ræða sérstaklega um skuldavanda heimilanna þá?“



ÁRNI ÞÓR



ÁLFHEIÐUR




SVANDÍS



KATRÍN



RÓSA BJÖRK



ÖGMUNDUR

ALLIR VELKOMNIR

## OPNUNARHÁTÍÐ!

KOMDU og spjallaðu við frambjóðendur!

### Opnum kosningamiðstöðvar okkar á höfuðborgarsvæðinu!

#### Borgartún 16, Reykjavík, kl. 15, laugardag

- Nýbakaðar vöflur og rjúkandi kaffi á boðstólum.
- Svavar Knútur spilar og syngur af einskærri snilld.
- Maístjarnan sungin á dönsku, sænsku og norsku.

#### Opnunarhátíð í Borgartúni kl. 20, laugardagskvöld

- Katrín Jakobsdóttir slær tóninn fyrir kosningabaráttuna.
- Kristjana Stefánsdóttir og Svavar Knútur leika og syngja.
- Töframaðurinn Sigmundur sýnir töfrabrogð.
- Biggi í MAUS og DJ Housekell þeyta skífum.
- Léttar veitingar.

#### Hamraborg 1-3, Kópavogi, kl. 14, laugardag

- Nýbakaðar vöflur og rjúkandi kaffi á boðstólum.
- Ögmundur Jónasson, Rósa Björk Brynjólfssdóttir og Svandís Svavarsdóttir, hitta kjósendur og aðra gesti.
- Svavar Knútur leikur af alkunnri snilld.

#### Strandgötu í Hafnarfirði, kl. 14, sunnudag

- Ögmundur Jónasson og Rósa Björk Brynjólfssdóttir hitta kjósendur og aðra gesti.
- Fannar Freyr & Karitas Harpa leika ljúfa tóna.

FYRIR FÓLKID Í LANDINU



VINSTRI GRÆN





# Starfsemi Alcoa Fjarðaáls 2012



## Framleiðsla, útflutningur og efnahagur

Hjá Fjarðaáli eru að jafnaði framleidd árlega rúmlega 340.000 tonn af hreinu gæðaáli og álblöndum. Álið er notað í byggingariðnaði og samgönguiðnaði, svo sem við framleiðslu á bílum, flugvélum, járnbrautalestum og geimferjum. Fjarðaál framleiðir einnig álvira sem eru m.a. notaðir í ýmsar gerðir háspennustrengja.

Fjarðaál flutti út vörur fyrir um 99 milljarða króna á árinu. Það samsvavar rúmum 8 milljörðum króna að meðaltali í hverjum mánuði – rúmlega 271 milljón króna á hverjum einasta degi árið um kring.

Af útflutningstekjum Fjarðaáls urðu um 38% eftir í landinu, eða um 38 milljarðar króna, m.a. í formi opinberra gjalda, launa, innkaupa frá innlendum birgjum á vöru og þjónustu auk samfélagsstyrkja.

Fjarðaál keypti vöru og þjónustu innanlands fyrir rúma 14 milljarða króna árið 2012 og eru raforkukaup þá undanskilin. Fjöldi innlendra birgja er á þriðja hundrað og greiddi fyrirtækið um tuttugu þúsund reikninga á árinu.

Fjarðaál hefur frá því að álframleiðsla hófst árið 2007 varið tæpum 12 milljörðum króna til fjárfestinga vegna starfseminnar, þar af um 2,7 milljörðum árið 2012.

## Starfsmenn

Starfsmenn Fjarðaáls eru 483, þar af eru konur rúmlega 20%. Um 92% starfsmanna eru íslenskir ríkisborgarar.

Um 91 prósent starfsmanna eiga lögheimili í nærliggjandi byggðarlögum. Í Fjarðabyggð búa 57% og 28% á Fljótsdalshéraði. Um 5% hafa lögheimili á höfuðborgarsvæðinu og 10% annars staðar.

Auk starfsmanna Fjarðaáls vinna rúmlega 460 manns á vegum annarra fyrirtækja í álverinu eða á álverssvæðinu.

Fjarðaál greiddi 5,0 milljarða króna í laun og launatengd gjöld árið 2012. Meðallaun voru um 8 milljónir króna.

## Samfélag

Íbúum Mið-Austurlands hefur fjölgað um 12% frá því að framkvæmdir hófust við byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álvers Alcoa við Reyðarfjörð. Þeir voru 8025 í lok árs 2002 og 8999 í lok árs 2012.

Á árinu 2012 greiddi Fjarðaál 1,2 milljarða króna í opinber gjöld til ríkisins og sveitarfélagsins Fjarðabyggðar. Starfsfólk Fjarðaáls greiddi á árinu um 1,3 milljarða króna í tekjuskatt og útsvar til ríkis og sveitarfélaga.

Alcoa og Alcoa Foundation vörðu um 130 milljónum króna hér á landi til samfélagsstyrkja á árinu 2012. Frá árinu 2003 hefur rúmlega 800 milljónum króna verið varið til stuðnings ýmsum samfélagsmálum í landinu, aðallega á Austurlandi.

## Tekjuskattur og annað framlag

Fjarðaál tók sem fyrirtæki til starfa árið 2003. Þá voru fyrstu starfsmenn ráðnir. Þrjú ár tók að byggja álverið, byggingarkostnaður nam um 220 milljörðum króna. Álframleiðsla hófst í apríl 2007 en mörg ár tekur að ná fullum afköstum í framleiðslunni. Það eru þekktar aðstæður í rekstri fyrirtækja með miklar nýfjárfestingar að uppsafnað tap, háar afskriftir og háar afborganir af lánum valda því að ekki er greiddur tekjuskattur fyrstu rekstrarárin.

Tekjuskattur er eingöngu einn liður í framlagi fyrirtækisins til þjóðarbúsins. Innlendir kostnaður Alcoa Fjarðaáls nam 38 milljörðum króna á árinu 2012 og stóð fyrirtækið fyrir um 10% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar.

**Alcoa Fjarðaál**





Indverskur nauðgari sætir ofbeldi í fangelsi:

## Handleggsbrotinn af samföngum sínum

**INDLAND, AP** Einn hinna ákærðu í hópnaugunarmálinu í Nýju Delhi í desember var handleggsbrotinn í árás í fangelsi í fyrradag.

Fimm menn og einn unglingur voru ákærðir fyrir að hafa nauðgað ungru konu og beitt hana slíku ofbeldi að hún lést síðar af meiðslum sínum. Einn þeirra svipti sig lífi í fangelsi fyrir skemmstu.

Vinay Sharma og hinir þrír eftirlifandi ákærðu kvörtuðu í réttarsal yfir því að sæta ofbeldi af höndum samfanga sinna og fangavarda.

Eftir að þeir komu aftur í fangelsið var hann barinn með fyrrgreindum afleiðingum, en talsmaður fangelsisins segir Sharma hafa brotnað þegar hann datt í rútu á heimleið í fangelsið. -þj

Samkeppniseftirlitið setur sig ekki á móti kaupum 365 á Mida.is:

## Miðasala fellur vel að rekstrinum

**VIÐSKIPTI** Kaup 365 miðla á sölufnum Midi.is (www.midi.is) eru gengin í gegn að fengnu samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Í tilkynningu um viðskiptin segist Ólafur Thorarensen, framkvæmdastjóri Midi.is, ánægður með niðurstöðuna sem sé framfaraskref fyrir fyrirtækið. Það hafi verið í söluferli um tveggja ára skeið og því hafi verið erfitt að halda uppi fullum dampi í rekstrinum. Með kaupum 365 miðla á félaginu sé allri óvissu eytt.

„Við höfum nú fengið öflugan bak-hjarl sem ætlar sér stóra hluti með Midi.is,“ er eftir Ólafi haft í tilkynningunni.

Þá er haft eftir Ara Edwald, forstjóra 365, að starfsemi Mida.is falli vel að rekstri 365. Nú verði skoðað með hvaða hætti megi bæta þjónustu Midi.is og hvar séu tækifæri til að bæta í og gera enn betur. Samkeppniseftirlitið hafi hins vegar sett ákveðna fyrirvara um kaupun. Þannig verði Midi.is rekinn í sérfélagi og ákveðnar reglur segi fyrir



**MIDI.IS** Samkeppniseftirlitið setti skilyrði fyrir kaupum 365 á Midi.is.

um það hvernig nýta megi miðla 365 fyrir Mida.is.

„En það mun engin áhrif hafa á þau áform okkar að gera þetta sterka vörumerki enn öflugra,“ er haft eftir Ara. -óka

## Námskeið um ræktun

matjurta og kryddjurta með lítilli fyrirhöfn

**HEIÐUR BJÖRNSDÓTTIR** kennir hversu auðvelt það er að rækta grænmeti og kryddjurta og gefur góð ráð sem nýtast byrjendum jafnt sem lengra komnum. Fjallað er um grundvallaratriði ræktunar svo nemendur öðlist þá þekkingu og sjálfstraust sem þarf til að rækta allt það sem hugurinn gírnist.

**Miðvikud. 10. apríl kl. 19.30 - 22.30**

**Á námskeiðinu lærir þú:**

- Hvernig á að byrja
- Sáning og forræktun
- Hvernig plantað er út
- Hvaða áhöld þarf
- Hvernig útbúa á matjurtagarð
- Hvernig plönturnar fá næringu
- Hvernig fá má uppskeru allt sumarið
- Ræktun í pottum og ílátum
- Hvaða jurta eru fjölærar o.m.fl.

Innifalinn er námskeiðsgögn sem hægt er að nota sem handbók ár eftir ár!

*Einnig ræktun jarðarberja og hindberja!*

**heilsuhúsið**  
Námskeiðið er haldið í Lágmúla 5

Skráning í síma 618 7559 og heidur.bjornsdottir@gmail.com  
Verð kr. 6.900,-



**PÁFINN** Frans páfi vill að kaþólska kirkjan finni úrræði til að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi innan kirkjunnar. NORDICPHOTOS/AFP

## Vill aðgerðir gegn ofbeldi

Frans páfi vill að kaþólska kirkjan finni úrræði til að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi innan kirkjunnar. Hann segist vilja láta grípa til „viðeigandi ráðstafana“ gegn prestum. Fórnarlömbin ekki hrifin.

**VATÍKANÍÐ, AP** Frans páfi vill að kaþólska kirkjan grípi til aðgerða vegna kynferðisofbeldis innan kirkjunnar og gegn prestum sem hafa brotið gegn börnum.

Þetta kom fram í tilkynningu frá Vatíkaninu í gær. Þar er haft eftir páfanum að trúverðugleiki kirkjunnar væri í húfi.

Ýmis samtök þolenda kynferðisbrota sögðust ekki upprifin af yfirlýsingum páfans, en margir hafa kallað eftir aðgerðum af hálfu hans frá því að hann varð páfi í síðasta mánuði.

„Einu sinni enn, þetta hefur gerst hundrað sinnum áður, segir háttsettur kaþólskur embættismaður að hann ætli að biðja annan háttsettan kaþólskan embættismann um að grípa til aðgerða gegn prestum sem brjóta gegn börnum og biskupunum sem hylma yfir,“ sagði Barbara Dorrís, talsmaður bandarísku þolenda-samtakanna SNAP. Hún sagði þolendur kynferðisofbeldis vilja sjá aðgerðir, en ekki fleiri innantóm orð.

Í tilkynningunni kom fram að Frans páfi hefði fundað með Gerhard Müller biskup, sem fer fyrir nefnd sem hefur eftirlit

með kynferðisbrotamálum innan kirkjunnar. Hann er sagður hafa hvatt mjög til þess að grípið yrði til aðgerða. Fyrst og fremst vill hann láta búa til úrræði til þess að vernda börn, aðstoða alla þá sem hafi þjást vegna ofbeldisins og grípa til „viðeigandi ráðstafana gegn hinum seku“. Þá sagði hann fórnarlömb misnotkunar alltaf vera í huga sínum og bænum.

Benedikt, forveri Frans í embætti, var fyrsti páfinn sem hitti þolendur ofbeldis innan kirkjunnar og baðst afsökunar á ofbeldi. Hann gerði það þegar hann bað Íra afsökunar á áratugalangri misnotkun sem þar átti sér stað í kirkjum. Hann olli þó þolendum vonbrigðum með því að grípa ekki til neinna aðgerða gagnvart biskupunum sem höfðu hylmt yfir með prestum sínum.

Frans hefur vakið athygli fyrir högværð í páfastóli hingað til og fréttaskýrendur segja að þolendur muni fylgjast vel með honum til þess að sjá hvort hann sé tilbúinn til að hitta þá og mögulega biðjast afsökunar fyrir hönd kirkjunnar á yfirhyllingu með brotunum sem átt hafa sér stað í mörgum löndum. thorunn@frettabladid.is



**Landsvirkjun**

**Landsvirkjun auglýsir eftir samstarfsaðilum að verkefninu Margar hendur vinna létt verk sumarið 2013.**

Landsvirkjun hefur um áratugaskeið starfrækt sumarvinnuflokka ungs fólks. Hóparnir sinna viðhaldi, uppbyggingu og fegrun starfsstöðva Landsvirkjunar og vinna jafnframt að ýmsum samstarfsverkefnum víða um land. Samvinna sumarvinnuflokka Landsvirkjunar og félagasamtaka, sveitarfélaga og stofnana hefur skilað sér í auknum umhverfisgæðum og betri aðstöðu til útivistar og ferðamennsku.

Í boði er vinnuframlag sumarvinnuflokka og flokksstjórn yfir þeim. Verkefni lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og öðrum umhverfisbótum ásamt ýmsum samfélagsverkefnum.

Óskað er eftir að samstarfsaðilar leggi fram vel skilgreind verkefni. Umsóknareyðublað með nánari upplýsingum er að finna á vef Landsvirkjunar, www.landsvirkjun.is.

Nánari upplýsingar í síma 515 9000, og hjá thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is

Umsóknarfrestur rennur út 30. apríl. Umsóknareyðublað er að finna á landsvirkjun.is



## Íbúðir fyrir 1,4 milljarða: Lána til byggingar 95 íbúða

**MENNTAMÁL** Ríkisstjórnin samþykkti í gærmorgun tillögu Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra, sem heimilar Íbúðalánasjóði að veita Félagsstofnun stúdenta lán til að byggja 95 íbúðir í Brautarholti í Reykjavík.

Áætlaður byggingarkostnaður er 1.400 milljónir króna og nemur lán Íbúðalánasjóds 1.260 milljónum króna. Ríkissjóður niðurgreiddir lánið sem nemur mismuninum á 3,5% vöxtum og almennum útlánsvöxtum sjóðsins.

- shá

## Vorrall Hafrannsóknarstofnunar sýnir sterkan þorsstofn en frekari staðfestingu á veikum ýsustofni: Þorsstofninn mælist enn og aftur sterkur

**SJÁVARÚTVEGUR** Niðurstöður úr vorralli Hafrannsóknarstofnunar gefa vonir um að þorskvótinn verði aukinn á næsta fiskveiðiári, samkvæmt mati LÍÚ. Stofnvísitala þorsks á Íslandsmiðum er með því hæsta sem mælt hefur undanfarin 28 ár.

Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum (vorrall) fór fram dagana 26. febrúar til 17. mars. Fimm skip tóku þátt í verkefninu. Fyrsta mat á 2012 árgangi þorsks bendir til að hann sé undir lang-

tímameðaltali árganga frá 1955. Hann kemur í kjölfar meðalstórra árganga frá 2008, 2009 og 2011, en árgangurinn frá 2010 er slakur. Á heimasíðu Hafrannsóknarstofnunarinnar kemur fram að meðalþyngd þorsksins eftir aldri hafi hækkað undanfarin ár og sé nú yfir meðaltali hjá flestum aldurshópum.

Mælingar á ýsu eru svipaðar og undanfarin ár. Stofnvísitala ýsu hækkaði verulega á árunum 2002-2006 en fór ört lækandi

næstu fjögur árin þar á eftir. Mælingin nú er svipuð því sem verið hefur í vorralli frá 2010.

Lengdardreifing og aldursgreiningar benda til að allir ýsuárgangar frá og með 2008 séu lélegir. Þá eru horfurnar jákvæðar með stofna eins og gullkarfa, ufsa og fleiri tegundir.

Lokamat og tillögur Hafrannsóknarstofnunarinnar um aflamark fyrir næsta fiskveiðiár verða kynntar í byrjun júní.

- shá



**ÞORSKUR** Þorskvótinn gæti verið um 220 þúsund tonn innan fárra ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Í ODDSKARÐI** Ný göng leysa af mannvirki sem var barn síns tíma.

## Breyta þurfti hönnun ganga: Tilboð opnuð í Norðfjarðargöng

**SAMGÖNGUR** Tilboð í byggingu Norðfjarðarganga verða opnuð 16. apríl í húsakynnum Vegagerðarinnar í Reykjavík.

Fresta hefur þurft opnuninni í nokkra daga vegna óska Landsnets um að gert yrði ráð fyrir að síðar yrði hægt að leggja háspennustreng í gegnum göngin, segir í frétt Vegagerðarinnar.

Vegagerðin taldi sjálfsagt að verða við þessum óskum Landsnets en breyta þurfti hönnun og senda út viðbótargögn. Því þótti rétt að gefa bjóðendum lengri skilafrest. Landsnet greiðir allan kostnað sem hlýst af breytingum á hönnun og gerð nýrra útbodsgagna.

- shá

Ný efnalög frá Alþingi:

## Umhverfið fær aukið vægi

**UMHVERFISMÁL** Alþingi hefur samþykkt ný efnalög en meginmarkmið þeirra er að tryggja öryggi neytenda við meðferð á efnunum og efnablöndum þannig að þau valdi ekki tjóni á umhverfi eða heilsu manna og dýra.

Allt frá setningu fyrstu laga um eitrefni og hættuleg efni árið 1968 hefur heilsa manna og dýra verið þungamiðja laganna en nú er bætt við umhverfisþættinum þannig að taka skuli enn fremur mið af efnunum sem hafa eða geta haft skaðleg áhrif á umhverfið.

Í lögnum er að finna nýmæli varðandi fjármögnun eftirlits, þvingunarúrræði og viðurlög og verður Umhverfisstofnun heimilt að beita stjórnvaldssektum, þannig að hægt er að taka strax á málum er varða frávík frá löggjöf-inni.

- shá

### VEIÐI

#### 260 leyfum endurúthlutað

Rúmlega 260 hreindýraleyfum verður úthlutað að nýju þar sem þeim var skilað inn eða staðfestingargjald ekki greitt fyrir tilskilinn tíma. Fyrstu leyfunum er úthlutað á þá sem eru á fimmskiptalista á hverju svæði og síðan eftir röð á biðlista sem varð til við útdráttinn í febrúar. Þeir sem fá úthlutun nú fá sendan tölvupóst í byrjun næstu viku.

# Gefðu sparnað í fermingargjöf



**Fermingarkortið er inneignarkort** sem hentar þeim vel sem vilja gefa sparnað í fermingargjöf. Landsbankinn greiðir 5.000 króna mótframlag þegar fermingarborn leggja 30.000 krónur eða meira inn á Framtíðargrunn.

Fermingarkortið er gjöf sem leggur grunn að fjárhag framtíðarinnar. Kortið kemur í fallegum gjafaumbúðum og fæst án endurgjalds í útibúum Landsbankans.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





2013

# Hrikalegt fylgistap hjá stjórninni

Breytingar á fylgi flokkanna eru með miklum ólíkindum segir stjórnfræðingur. Hann segir flokka sem tapað hafa gríðarlegu fylgi síðustu vikur og mánuði lítið geta gert annað en að halda sínu striki.

Sveiflur á fylgi flokkanna eru með miklum ólíkindum og stemningin í kringum Framsóknarflokkinn virðist svipuð því sem var í kringum framboð Besta flokksins í síðustu sveitarstjórnarkosningum, segir Stefánía Óskarsdóttir, lektor í stjórnfræði við Háskóla Íslands.

Í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem fjallað var um í Fréttablaðinu í gær kom fram að Framsóknarflokkurinn nýti nú stuðnings 40 prósentu kjósenda og Sjálfstæðisflokkurinn 17,8 prósentu.

„Fylgistap Sjálfstæðisflokksins er komið út fyrir allan þann ramma sem maður þekkir. Það sama má segja um Framsóknarflokkinn, þetta er komið út fyrir allt sem maður þekkir úr sögunni,“ segir Stefánía.

Hún segir að þótt staða þessara tveggja flokka sé áhugaverð megi ekki líta fram hjá stöðu stjórnar-


flokkanna. Samfylkingin mælist nú með 9,5 prósentu fylgi og Vinstri græn með 5,6 prósent. Flokkarnir voru með samanlagt 51,5 prósentu fylgi í síðustu kosningum, og hafa samanlagt tapað riflega tveimur þriðju hlutum stuðningsins.

„Hvernig sem á það er lítið er þetta hrikalegt fylgistap hjá stjórnarflokkunum,“ segir Stefánía.

Hún segir að á þessum tímapunkti sé fátt annað að gera fyrir þá flokka sem hafa tapað miklu fylgi en að halda sínu striki. Tíminn fyrir auglýsingamennsku með flottum myndum af frambjóðendum sé liðinn, kjósendur virðist komnir með óþol gagnvart slíkum vinnubrögðum.

Stefánía segir Framsóknarflokkinn höfða til þeirra sem vilji viðbrögð við skuldsetningu heimilanna. Þá hafi Sigmundur verið bæði gagnrýnn og talsvert harðskeyttur gagnvart stjórnarflokk-

## FYLGISTARSTU FLOKKANNA FRÁ KOSNINGUNUM 2009



HEIMILD: KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 DAGANA 3. OG 4. APRÍL 2013

### Fylgistap Sjálfstæðisflokksins er komið út fyrir allan þann ramma sem maður þekkir.

Stefanía Óskarsdóttir  
lektor í stjórnfræði

unum á kjörtímabilinu og það skili sér núna. Þá megi líta til þess að flokkurinn hafi gengið í gegnum mikla endurnýjun, og sé síðasti þingmaðurinn sem sat í ríkisstjórn fyrir hrun að hætta á þingi.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki náð eyrum kjósenda og líður fyrir það að hrúnið varð á vakt flokksins, segir Stefánía. Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki auðnast að gera upp við hrúnið og endurnýja fólk á sínum framboðslistum.

Samfylkingunni hefur mistekist að ná í gegn með sinn málstað, segir Stefánía. Hún segir að Samfylkingin hafi virst ætla að nota sér það að nú sé að koma eitthvað svigrúm í ríkisfjármálin, en þeim takist ekki að ná neinu flugi.

brjann@frettabladid.is

### Framsókn fær þingmenn umfram vigt

Framsóknarflokkurinn fengi fleiri þingmenn en fylgi þeirra í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 gefur til kynna vegna þess hversu fáir uppbotarþingmenn eru í hverju kjördæmi, segir Porkell Helgason, stærðfræðingur og sérfræðingur um íslenska kosningakerfið.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær fengi Framsóknarflokkurinn 31 þingmann kjörinn samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunarinnar. Fengi flokkurinn 40 prósentu fylgi á landsvísu ætti það hins vegar aðeins að skila 29 þingmönnum.

Í kosningakerfinu eru uppbotarþingmenn notaðir til að vegna gegn misvægi atkvæða í kjördæmakerfinu til að fjöldi þingsæta hvers flokks sé í betra samræmi við fjölda atkvæða sem flokkurinn fær á landsvísu. Alls eru 54 þingmenn kjördæmakjörnir en níu eru uppbotarþingmenn.

Ástæðan fyrir þessari yfirvigt Framsóknarflokksins er sú að margir smáir flokkar taka til sín hlutfallslega marga jöfnunarþingmenn, og þá eru ekki nægilega margir eftir til að jafna stöðu stærri flokkanna á landsvísu, segir Porkell. Hann segist ítrekað hafa varað við því að þessi staða gæti komið upp með fjölda smærri framboða, en við því hafi ekki verið brugðist.

Raunar bendir Porkell á að yrðu niðurstöður úr kosningum eins og niðurstöður könnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 gætu Framsóknarmenn fengið 32 þingmenn kjörna vegna skorts á uppbotarþingmönnum til að jafna stöðu hinna flokkanna. Það sé þó afar ólíklegt, mun líklegra sé að þeir fái 31 þingmann kjörinn.

Væri fylgi flokkanna fært yfir á þingmenn án þess að taka þessa skekkju með í reikninginn ætti Björt framtíð að fá sex þingmenn, Framsóknarflokkurinn 29, Sjálfstæðisflokkurinn þrettán, Samfylkingin sjö, Vinstri græn fjóra og Píratar fjóra.



PORKELL  
HELGASON

## Stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017

Hotel Natura þriðjudaginn 9. apríl nk.

Byggðastofnun boðar til fundar um stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017 á Hótel Natura þriðjudaginn 9. apríl nk. kl. 9:30 til 15:00.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur falið Byggðastofnun að vinna stefnumótandi byggðaáætlun sem lýsir markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum sem og að skilgreina áætlanir á sviði opinberrar þjónustu.

- Steingrímur J. Sigfússon, ráðherra atvinnu- og nýsköpunar, ávarpar fundinn.
- Fulltrúar ráðuneyta fara yfir áætlanir og stefnumið ráðuneytanna og tengingu þeirra við áætlunina.
- Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga og vinnu- markaðarins lýsa starfspáttum sem tengjast byggðaáætluninni.

Verkefnið er mikilvægt skref í mótun heildstæðrar byggðaáætlunar fyrir landið allt.

Fundurinn er opin öllum sem hafa áhuga á mikilvægi stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir landsmenn.

**Byggðastofnun**

### LÁTUM EKKI DEIGAN SÍGA

„Þessi könnun er augljóslega mikil vonbrigði fyrir okkur í Sjálfstæðisflokknum, en við ætlum ekki að láta deigan síga,“ segir Bjarni Benediktsson. „Okkur finnst að fólk í landinu eigi skilið að fá að kynna sér raunhæfar aðgerðir um það hvernig við vinnum okkur út úr þeim vanda sem við er að etja. Það þarf að rétta heimilunum hjálparhönd, efla atvinnu- lífið og lækka skatta og gjöld.“



BJARNI  
BENEDIKTSSON

Bjarni minnr á að í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis hafi komið fram mikil gagnrýni á loforð stjórnmalanna sem ekki var hægt að standa við og gátu haft mikil vandræði í för með sér fyrir almenning. Þrátt fyrir þá gagnrýnu umræðu virðist sem kosningabaráttan núna eigi að snúast um slík mál aftur. Spurður hvort hann eigi þar við loforð Framsóknarflokksins um skuldaniðurfærslu segir hann: „Ég á meðal annars við þær hugmyndir sem eru í umræðunni um að það sé hægt að takast á við okkar erfiðustu vandamál án allra útgjalda.“

### FORGANGSRÖÐUN FRAMSÓKNAR

„Það er viðbúið að fylgið muni sveiflast nokkuð fram að kosningum, en þetta er ánægjulegt,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins.

„Það er fyrst og fremst vegna þess að þetta sýnir stjórnmalamönnum að fólk vill forgangsraða á þann hátt sem við framsóknarmenn höfum talað fyrir. Vonandi líta aðrir flokkar á þessa niðurstöðu fyrst og fremst sem hvatningu til þess að nálgast okkur í málflutningi frekar en að líta á þetta sem ástæðu til að snúast gegn okkur.“



SIGMUNDUR  
DAVÍÐ  
GUNNLAUGSSON

### MIKILVÆGAR KOSNINGAR

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, segir aðspurður um hvort fylgið sé áhyggjuefni að mikil hvatning liggja í stöðunni. Kosningabaráttta Samfylkingarinnar sé rétt að hefjast.

„Ég hef lengi verið sannfærður um það að þessar kosningar muni hafa mikil áhrif á framtíðarstefnu okkar sem þjóð. Þær munu skipta öllu um það hvort okkur auðnist að gera Ísland að vænlegum stað fyrir okkar besta fólk og samkeppnishæf fyrirtæki. Við hlökkum til samtals við þjóðina um okkar stefnu.“



ÁRNI PÁLL  
ÁRNASON

### ÆTLUM OKKUR MEIRA

„Ég hef ekki miklar áhyggjur af þessu,“ segir Heiða Kristín Helgadóttir, annar tveggja formanna Bjartar framtíðar. „Þetta er minna en við ætlum að fá, en eins og ég hef sagt finnst mér allt geta gerst í þessu. Einhvern tíma var Besti flokkurinn nú ekki að mælast neitt rosalega hátt en endaði svo í 34,5 prósentum, þannig að það er ekki hægt að útiloka neitt. Þetta sýnir bara að það er mikil hreyfing og að fólk er að velta fyrir sér valmöguleikum í stöðunni,“ segir hún og áréttar að kosningabaráttan sé rétt að hefjast.



HEIÐA KRISTÍN  
HELGADÓTTIR

### DRAUMA-MARKMIÐIÐ ER 8,8%

„Þetta er mjög spes könnun – ég hef aldrei séð svona hreyfingu á fylgi áður,“ segir Birgitta Jónsdóttir, formaður Pírata, sem kveðst þó hæstánægð með það að flokkurinn mælist með menn inni á þingi. „Það er mjög ánægjulegt. Draumamarkmiðið mitt er að við fáum 8,8 prósent – það er bara falleg tala – og ég finn að við eignum möguleika á því. Aðallega er ég rosalega ánægð með að við séum að skrifa hægt og bítandi upp og séum komin yfir þennan svakalega þröskuld,“ segir hún. Líklega hafi framganga hennar í stjórnarskrármálinu á Alþingi haft sitt að segja um það.



BIRGITTA  
JÓNSDÓTTIR

### YRÐI SJÓNARSVIPTIR AÐ OKKUR

„Þetta er dálítið drastísk könnun en hún sýnir tilhneigingu sem er í takt við fyrri kannanir, þótt hún sé heldur dramatískari,“ segir Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna. „Það eru þrjú dagar búnir af 28 daga kosningabaráttu og við eignum greinilega talsvert verk ónnið. Það er alveg ljóst að í þessari könnun erum við bara rétt ofan við fimm prósentu þröskuldinn. Það væri nú sjónarsviptir að okkar sjónarmiðum á sviði umhverfisverndar og vinstri stöðu á þinginu ef svo færi að þetta yrði raunin, að við yrðum bara rétt við það að detta út af þingi.“



KATRÍN  
JAKOBSDÓTTIR



# Vor útsala

3.-9. apríl

Nú rýmum við fyrir nýjum vor- og sumarvörum í Smáralind. Spennandi útsala er hafin með fullt af frábærum tilboðum. Komdu og gerðu góð kaup í Smáralind.



 Smáralind





# NÚ ER RÉTTI

Við setjum alla glæsilegu XDrive jeppana frá BMW á stall um helgina og bjóðum upp á líflega bílasýningu með reynsluakstri og öllu tilheyrandi.

BMW X1 í nýrri og spennandi útgáfu, BMW X3 dísil notar einungis frá 4,5 lítrum á hundraðið, BMW X5 - Modern line hlaðinn búnaði á sérstöku Modern line verði og rúsínan í pylsuendanum er 306 hestafla BMW X6 með dísilvél.

**KOMDU Í HEIMSÓKN OG PRÓFAÐU XDRIVE LÍNUNA FRÁ BMW  
Á LÍFLEGGRI BÍLASÝNINGU Í DAG MILLI KLUKKAN 12 OG 16.**



**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)



BMW

[www.bmw.is](http://www.bmw.is)



Sheer  
Driving Pleasure



# TÍMINN.

ENNEWM / SIA / NN57227

[WWW.BMW.IS](http://WWW.BMW.IS)

Bílahúsið  
Reykjanesbæ  
[www.bilahusid.is](http://www.bilahusid.is)  
421 8808

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070



Er Sigmundur Davíð happdrættisvinningurinn?

# Framsókn er nýi Besti flokkurinn

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 ætla nærri annar hver Íslendingur að kjósa Framsóknarflokkinn. Hann er langstærsti flokkurinn. Framsókn er nýi Besti flokkurinn en nokkru fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar fékk Besti flokkurinn hreinan meirihluta í skoðanakönnunum.

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



Enn eru þrjár vikur til kosninga og oft er talað um að ein vika sé langur tími í pólitík. Þrjár vikur geta því verið eins og heil eilífð. Það undarlega samt við fylgi Framsóknarflokksins er að fáir kannast við að ætla að kjósa hann. Vegna fortíðar flokksins eru kjósendurnir ekki mjög yfirlýsingaglaðir. Andstæðingar hans aftur á móti keppast við að lýsa því yfir á samskiptamiðlum og á öðrum opinberum vettvangi að fátt sé jafn slæmt og að ætla Framsóknarflokki atkvæði sitt.

Það er engu líkara en þjóðin sé klofin. Þögli meirihlutinn sem ætla að kjósa Framsókn annars vegar og háværi minnihlutinn sem úthrópar flokkinn í greinum og víðtölum hins vegar. Enda er það þannig að samkvæmt lífshagráðuneyti Hagstofu Íslands 2012 á nær helmingur heimila erfitt með að ná endum saman. Hinn helmingurinn er bjartsýnn og sér batamerki á fjárhag sínum milli ára.

Sé kafað dýpra í tölur Hagstofunnar kemur fram að þrátt fyrir að annað mætti skilja af umræðunni fjölga þeim heimilum sem ná endum saman um næstum fimm þúsund á milli ára. Þetta kemur fram í Fréttablaðinu í dag.

Í fyrsta sinn síðan í hruninu sjást teikn um betri horfur. Fjölskyldum sem telja húsnæðiskostnað þunga byrði fækkar. En kostnaður við húsnæðislán virðist aðalkosningamálið. Framsóknarflokkurinn lofar að lækka skuldirnar og er sagður fá fylgið vegna þeirra fyrirheita.

Fylgi Framsóknar samkvæmt könnunum er mikið. Hugsanlega verður þetta ekki niðurstaða kosninga. Besti flokkurinn náði mikilli uppsveiflu um tíma en fylgið dalaði þó töluvert þegar atkvæði voru talin á kjördag.

Sigmundur Davíð er á sinn hátt okkar nýi Jón Gnarr. Jón varð borgarstjóri þegar hann lofaði að gera alls konar og sagðist fyrst og fremst sækjast eftir þægilegri innivinnu. Hann ætlaði að hygla vinum sínum næði hann kjöri. Fólk var komið með svo nóg af stjórnmalafólki að mörgum þótti það hljóma gáfulega og Jón vann borgina.

Tilsvör Sigmundar Davíðs eru önnur en Jóns Gnarr. Þau falla samt í álíka góðan jarðveg. Sigmundur segist ekki bara ætla að lækka skuldirnar okkar heldur vill hann láta vogunarsjóðina borga reikninginn. Það bjóst enginn við að Jón Gnarr myndi standa við sín loforð, ef loforð skyldu kalla. Gera má ráð fyrir að því sé öfugt farið hvað væntanlega kjósendur Framsóknarflokksins varðar. Fólk á von á sínum happdrættisvinningi ef kosningaúrslit alþingiskosninga verða í takt við kannanir. Spurningin er bara hvort Sigmundur Davíð eigi eftir að koma okkur jafn mikið á óvart og Jón Gnarr?

## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## KÓSÝ Á KVÖLDIN

Kitlaðu bragðlaukana með þriggja rétta matseðli og eigðu kósýkvöld að hætti Nauthóls.



NAUTHÓLL  
Bistro



FYRSTA SVANVOTTADA VEITINGAHSÍÐI Á ÍSLANDI

www.nautholl.is | www.facebook.com/nautholl | nautholl@nautholl.is | S. 599 6660

## SPOTTIÐ



## AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

### Val um draumóra eða kaldan veruleika

Margir vænta snarprar málefnaþáttu þær þrjár vikur sem eftir lifa af kjörtímabilinu. Aðrir líta á þær sem biðtíma þar sem þeirri spurning sé helst ósvarað hverja Framsóknarflokkurinn velur með sér í stjórn.

Til þessa hefur Framsóknarflokkurinn ráðið dagskrá kosninga-umræðunnar. Afleiðingin er sú að kosið verður um draumóra. Mörgum finnst greinilega meira skjól í þeim en köldum veruleikanum.

Vidreisn þjóðarbúsins snýst hins vegar um að bæta samkeppnisstöðu þess. Framsóknarflokkurinn telur að gengisfelling sé eina nothæfa meðalið í þeim tilgangi. Í samræmi við það hefur flokk-



urinn haldið því fram að gengishrun krónunnar fyrir og eftir fall bankanna hafi verið sérstök gæfa íslensku þjóðarinnar. Flestir hagfræðingar hafa yfirgefið kenningar um áhrifa-

mátt gengisfellinga til að bæta samkeppnisstöðu til lengri tíma. Frá því eru þó undantekningar sem Framsóknarflokkurinn vísar gjarnan til.

Með gengishruninu 2008 rýrn- uðu eignir heimila og fyrirtækja um nærri helming. Það gerðu launin líka. Á móti fengu álverin,

útgerðin og ferðaþjónustan fleiri en verðmíni íslenskar krónur í tekjur. Lífeyrissparnaður landsmanna var síðan varinn að hluta til með verðtryggðu krónunni, sem í raun er sérstök mynt. Í þessu öllu lá sjálfur galdur sjálfstæðs sveigjanlegs gjaldmiðils. Þetta hefur þó ekki dugað til að auka útflutningsverðmætin eins og kenningin gengur út á.

Skuggahliðin á blessunaráhrifum gengisfellingarinnar eru greiðsluferðileikar heimilanna. Kosningagaldur Framsóknarflokksins felst í því að verja megi gæfuna sem gengisfellingin er sögð hafa fært sumum en jafnframt að eyða ógæfunni sem hún hefur valdið öðrum.

## Nýtt lausnarorð

Þjóðin virðist kunna jafn vel að meta þessa hugsun og innistæðulausu lífshjörin fyrir hrun. En eðli gengisfellinga er að kollvarpa tilveruforsendum heimila sem borga alltaf brúsann. Nýja lausnarorðið er því: Gengisfelling án forsendubrests. Það er ástæðan fyrir því að Framsóknarflokkurinn lofar nú að endurgreiða hækkun á húsnæðislánum fimm ár aftur í tímann. Forsendubrestur námsfjárfestingar þykir hins vegar réttlætanager.

Framsóknarflokkurinn telur að í engu hafi verið ofgert við

útgerðina, álverin, ferðaþjónustuna og lífeyrissjóðina. Fyrir þá sök vill hann ekki taka neitt til baka frá þeim sem notið hafa þeirrar gæfu sem sögð er fylgja gengisfellingum. Þannig hefur Framsóknarflokkurinn réttilega bent á hvert orð það var hjá ríkisstjórninni að taka gengisfellinguna af útgerðinni með auðlindaskattinum.

Í fyrstu voru svör Framsóknarflokksins óskýr þegar spurt var hverjir ættu að borga brúsann. Talsmenn hans sögðust hafa dapra reynslu af því að útfæra

kosningaloforð því stolt hinna flokkanna gerði þeim erfitt að kyngja því sem kæmi frá Framsóknarflokki. Í þessu ljósi var ætlan Framsóknarflokksins að taka ákvörðunina um niðurfellingu skulda en gefa hinum flokkunum kost á að benda á lausnina.

Þetta bar vitni um högværd og hyggindi en dugði ekki. Þá var ekkert annað til ráða en að leysa frá skjóðunni: Erlendir kröfuhafar í þrotabú gömlu gjaldþrota bankanna eiga að tryggja samkeppnisstöðu landsins í stað heimilanna.

## Föt keisarans

Pólitísk staða Framsóknarflokksins er orðin það sterk að hvorki Sjálfstæðisflokkurinn né Samfylkingin hafa afneitað þessu lausnarorði þó að þeir hafi að sönnu lýst miklum efasendum. Það bendir til þess að báðir vilji nokkuð til vinna til að komast að ríkisstjórnarborðinu með Framsóknarflokki.

Af öllum mönnum er varaformaður VG einn um að tala eins og barnið í ævintýri H.C. Andersen, sem áhyggjulaust af áliti annarra á vitmunum sínum og völdum

sagði sem var að keisarinn væri ekki í fötum. Allir flokkar virðast vera sammála um að erlendu kröfuhafarnir meti lítills krónueignir sínar í gömlu bönkunum. En þá spyr varaformaður VG: Hvernig á að breyta því sem er einskis virði í verðmæti sem haldið geta uppi samkeppnisstöðu landsins í stað heimilanna?

Einhver þarf þá að kaupa gömlu bankana á hærra verði en kröfuhafarnir vilja fá og leyfa ríkisvaldinu að færa mismuninn yfir á Íbúðalánasjóð og lífeyrissjóðina sem

þá geta endurgreitt heimilunum húsnæðislánin. Hvað sem því líður hangir stærsta kosningaloforð allra tíma á verðmiða sem Framsóknarflokkurinn vill ekki að verði birtur fyrr en eftir kosningar.

Ef hinir flokkarnir myndu saman eða hver fyrir sig hafna fyrir kosningar ríkisstjórnarsamstarfi um draumóra fengju kjósendur alltént val um tvennt: Draumóra eða átök við kaldan veruleikann. Þau eru þrátt fyrir allt líklegri til að bæta samkeppnisstöðuna.



# 20% afsláttur af öllum vörum!

Hübsch  
Handmade Furniture & Lighting



## HEIMA HÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - [www.heimahusid.is](http://www.heimahusid.is). Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.



## UMMÆLI VIKUNNAR

30.03.2013 → 05.04.2013

„Sjálfstæðisflokkurinn er í svo mikilli kreppu að ég hef aldrei séð annað eins.“

Stjórnmálafræðiprófessorinn Gunnar Helgi Kristinsson var hissa og vantrúður á niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem sýndi að Framsókn fengi næstum hreinan meirihluta í kosningum.

„Brennuvargar eiga ekki að taka að sér slökkvistörf.“

Porvaldur Gylfason, prófessor og formaður Lýðræðisvaktarinnar, fór mikinn í kosningabætti RÚV á þriðjudaginn.

„Eigum við ekki að fá okkur ís?“

Viðtal Sigríðar Daggar Auðunsdóttur við Sigmund Davíð Gunnlaugsson, formann Framsóknarflokksins, vakti mjög mikla athygli. Gegnumgangandi voru tilvitnanir í Sigmund að tala um ís.



„Ef ég kem ekki heim treysti ég á að það ríki ekki þögn um það hér heima.“

Birgitta Jónsdóttir ferðaðist til Bandaríkjanna og óttaðist að hún yrði stöðvuð þar vegna tengsla sinna við Wikileaks. Hún komst þó heil til New York og er þar nú.

# Er Sigmundur Davíð lærdómur okkar af hruninu?

Jóhanna Sigurðardóttir er brennuvargar. Hún stendur bráðlega upp úr stól forsætisráðherra og skilur allt eftir í rúst, við skulum kasta fúleggjum á eftir henni og formæla þeim sem kusu hana fyrir fjórum árum.

Í Fréttablaðinu 30. mars síðastliðinn var stór skopmynd af Jóhönnu, hún gengur frá Alþingishúsinu, leið, jafnvel fýld á svipinn, og með hendur fyrir aftan bak, eins og henni sé sama um eldhafið, eða taki þá ekki eftir því að Alþingishúsið brennur, að það er eitt eldhaf: með þessum hætti fannst skopmyndateiknarannum við hæfi að kveðja forsætisráðherrann, með þeim skilaboðum að hún hafi gert umtalsvert meira ógagn en gagn, að hún hafi verið ógæfa fyrir þjóðina. Og samkvæmt skoðanakönnunum virðist verulegur meirihluti sammála þessari túlkun teiknarans; Jóhanna hefur mælst með mjög lítið traust, og sárafáir reiðubúnir að stíga fram og mæla henni bót. Hún sem var bjargvætturinn fyrir fjórum árum, sá stjórnmálamaður sem naut yfirgnæfandi trausts, nú yfirgefur hún sviðið undir kasti fúleggja, og fullyrðinga um að hún hafi gert meira ógagn en gagn, að hún hafi jafnvel verið Íslands ógæfa.

Og hvað eigum við að segja við því?

Raunsætt mat, eða enn einn sigur sameiginlegs átaks popúlísta og hagsmunaafla á borð við LÍU; enn einn sigur áróðurs yfir umræðunni hér á Íslandi?

## Heiðarleiki og ábyrgð óvinur?

Fram undan eru fyrstu kosningar til Alþingis eftir að Rannsóknarskýrsla Alþingis kom út. Þessi 1.500 síðna skýrsla um aðdraganda og orsakir hrunsins hér á Íslandi er svo vönduð í alla staði, djúp af hugsun, sanngjörn í framsetningu og studd föstum rökum, að hún ætti að hafa víðtæk áhrif á umræðuna og samfélagið. Ég held að fyrstu mánuðina eftir útkomu hennar hafi margir líka hugsað í þá átt, að ekki væri mögulegt að halda áfram öðruvísi en með annað augað á skýrslunni, niðurstöðum hennar og lærdómi. Og að næsta kosningabarátta myndi litast af brýningum hennar; umræðan öll, framlag fjölmiðla, fræðimanna, almennings. Og þessi orð úr skýrslunni brennd inn í hugsun okkar:

„Íslensk stjórnmálamening er vanþroskuð og einkennist af miklu valdi ráðherra og oddvita stjórnmálaflokka. Þingið rækir illa umræðuhlutverk sitt vegna ófyrirhæfðar á kappræðu þar sem þekking og rökræður víkja fyrir hernaðarlist og valdaklækjum.“

Sama dag og skopmyndin birtist í Fréttablaðinu, var blaðið með viðtal við Katrínu Jakobsdóttur, menntamálaráðherra og formann Vinstri grænna. Viðtalið rataði ekki á forsiðu blaðsins, sem bendir til þess að það hafi ekki þótt nógu spennandi. Hvers vegna ekki? Ja, hugsanlega vegna þess að Katrín forðaðist stórar yfirlýsingar, sagði ekki orð um að flokkur hennar muni bjarga heimilum undan skuldum, lækka skatta, deila fjörefni í atvinnulífið, ekkert slíkt, hún tiltók þvert á móti að hún kærdi sig ekki um að taka þátt í loforðakapphlaupinu. Nú veit ég ekki

## STJÓRN MÁL



Jón Kalman Stefánsson rithöfundur

hvort áherslur Katrínar séu hinar réttu fyrir íslenskt þjóðfélag, hvort það sé okkur til heilla að hafa hana áfram við stjórn, en hitt veit ég að orðræða hennar rímar vel við það sem höfundar Rannsóknarskýrslunnar lýstu eftir: að koma umræðunni upp úr morfískviksyndinu og upp á vitrænt plan. Maður veitir óneitanlega fyrir sér

hvort viðtalið hafi ekki þótt forsíðu-efni einmitt vegna þess að Katrín sniðgekk falleg loforð, ábyrgðarlausar yfirlýsingar. Að leið stjórnmálamanna á forsíður dagblaða, inn í fyrstu frétt ljósvakamiðla, sé sú að taka nógu stórt upp í sig, tala í fyrirsögnum, en sniðganga rök, ábyrgð og önnur leiðindi? Skyldi heiðarleiki og ábyrgð þá vera óvinur stjórnmálamannsins í kosningabaráttunni, en tækifærismennska og svimandi loforð vinur hans og leið til valda?

## Nýtt ball með gamalli hljómsveit

Þegar þessar línur eru skrifaðar, virðast enn þá líkur á samsteypustjórn Framsóknar og Sjálfstæðisflokksins – sem er gamalkunnug hljómsveit. Undanfarnar vikur hefur formaður Framsóknar, Sigmundur Davíð, ekki sparað loforðin um miklu betri músík, að það verði dansað komist hann til valda, að þessi þjakaða þjóð sjái loksins til sólar – flokkurinn siglir enda með himinskautum og mælist með metfylli. Þá verður dansað; gott ef satt reynist. Nú reynir hins vegar sem aldrei fyrr á okkur kjósendur, og fjölmiðlafólk landsins – bráðlega kemur í ljós hvort hrunið hefur kennt okkur eitthvað, hvort skýrar niðurstöður Rannsóknarskýrslunnar hafi haft eitthvað að segja.

Eða verður það ekki skylda okkar að spyrja alla þá sem bjóða sig fram til valda, sem telja sig þess umkomna að setjast í stjórn og taka ákvarðanir sem móta umhverfi okkar og framtíð, hvassra spurninga? Hljótum við ekki að segja: Hér eftir verður ófyrirgefnalegt að leyfa stjórnmálamönnum að svara í frösom, drepa rökum á dreif með morfistækni. Hljótum við ekki að segja: Enginn fjölmiðlamaður með sjálfsvirðingu má rétta hljóðnema eða upptökutæki í átt að stjórnmálamanni öðruvísi en vopnaður gagnrýnum spurningum – og jafnframt reiðubúinn að bregðast við ef viðkomandi reynir að fela hugsun sína í innantómum yfirlýsingum og frösom?

Við megum, til að mynda, ekki láta Sigmund Davíð komast upp með þá brellu að kalla Samfylkingu og Sjálfstæðisflokk „hrunflokka“, eins og maður hefur heyrt hann gera, og þannig lauma þeirri blekkingu að fólki að Framsókn sé alls enginn hrunflokkur, heldur þvert á móti hópur hreinna sveina og hreinna meyja, hvítþveginn flokkur sem beri ekki ábyrgð á neinu. Jafnvel færustu spunameistarar eiga ekki að geta skotið Framsókn undan ábyrgðinni, sektinni; að það var hann sem, ásamt Sjálfstæðisflokki, afhenti flokksgæðingum bankana og gaf þeim frjálslar hendur, kom 90 prósentu húsnæðislanum í gegn, og eyðilagði hið mikla Lagarfjót með því að hundska gróflega viðvörunarorð vísindamanna – það eru

→ Við megum, til að mynda, ekki láta Sigmund Davíð komast upp með þá brellu að kalla Samfylkingu og Sjálfstæðisflokk „hrunflokka“, eins og maður hefur heyrt hann gera, og þannig lauma þeirri blekkingu að fólki að Framsókn sé alls enginn hrunflokkur, heldur þvert á móti hópur hreinna sveina og hreinna meyja, hvítþveginn flokkur sem beri ekki ábyrgð á neinu.

Framsókn og Sjálfstæðisflokkurinn sem framar öllum öðrum flokkum eiga að taka þessi orð Rannsóknarskýrslunnar til sín, og læra af þeim: „Skortur á fagmennsku og vantrú á fræðilegum röksemdum er mein í íslenskum stjórnmálum.“

## Lærdómur okkar af hruninu?

Hafa Framsókn og Sjálfstæðisflokkurinn lært eitthvað af mistökum sínum, boða þeir nýja hugsun, nýjar aðferðir, vilja þeir hafa fagmennskuna að leiðarljósi og hafna valdaklækjum og rökræðulist? Ef svarið er nei – nálgast það þá ekki sjálfseyðingarhvat og leiða flokkana aftur til valda? Og sýnir að við lærðum ekkert af brjálaði og græðgi góðærisins, og öll vinna og framlag Rannsóknarskýrslunnar því til einskis? Að okkur er ekki viðbjargandi; að við getum farið að telja niður í næsta hrun.

Það ískeyggilega er, ef maður tekur mið af síðustu misserum, og upphafi kosningabaráttunnar, að Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkurinn virðast koma hinir sömu til baka, eins og það hafi ekki orðið neitt hrun, og aldrei nein Rannsóknarskýrsla gefin út, eða hvernig á að túlka það öðruvísi þegar Illugi Gunnarsson, einn helsti leiðtogi Sjálfstæðismanna, segir að það hafi verið einstaklingar sem brugðust, ekki flokkurinn, samsé, ekki stefnan, ekki aðferðin? Og hvernig ber þá að túlka það að þeir taka ríkisrekna frjálshyggjupostulann, Hannes Hólmstein, sannarlega einn af höfundum hrunsins, enn þá alvarlega? Og hvað lesum við síðan úr nýlegri auglýsingu þar sem komum á lista flokksins, með Hönnu Birnu í miðju, er raðað upp og undir þeim texti varðandi ráðstöfunartekjur heimilanna – undirstrikar það ekki að flokkurinn er enn rammlega bundinn á klafa gamalla viðhorfa, nefnilega að það séu konurnar sem sjá um heimilinn, karlarnir um þjóðfélagið? Enn þá flokkur karlmanna og Hannesar Hólmsteins, enn þá flokkur LÍU og sannleika stórra verkjána, þrátt fyrir dautt Lagarfjót? Enn þá nákvæmlega sami flokkur og fyrir hrun. Við megum þá búast við sviplíkum mistökum, og óhætt að setja Rannsóknarskýrsluna í pappírstætarann. Fari kosningar eins og spár benda til, felum við framtíð okkar á hendur gömlu valdaflokkunum, og þá undir forystu Sigmundar Davíðs sem hefur á síðustu árum því miður gerst ítrekað sekur um talsverða tækifærismennsku; er Sigmundur Davíð kannski lærdómur okkar af hruninu?

## Aðalfundur Iðnfræðingafélags Íslands

verður haldinn þann 23. apríl næstkomandi, kl. 20.00 í verkfræðingahúsinu að Engjateigi 9.



IÐNFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Pósthólf 8409 • 128 Reykjavík • www.ifi.is



## Hjálpum heima

Hjálparstarf kirkjunnar veitir fjölbreytta aðstoð á Íslandi. Við hjálpum til sjálfshjálpar.

Einnig er hægt að hringja í söfnunarsímamann 907 2002, gefa framlag á [framlag.is](http://framlag.is), [gjofsemgefur.is](http://gjofsemgefur.is) eða á söfnunarreikning 0334-26-886, kt. 450670-0499.

Valgreiðsla hefur verið send í heimabanka þinn. Með því að greiða hana styður þú innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar og hjálpar til sjálfshjálpar.



Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, sími 528 4400

## Skodun visir.is

382 👍

LAUGARDAGUR 30. MARS

Frá sjónarhóli læknanema

Elías Sæbjörn Eyþórsson læknanemi.

292 👍

FIMMTUDAGUR 4. APRÍL

Hver borgar brúsanng?

Úrsúla Jünnemann leiðsögumaður.

292 👍

MÍÐVIKUDAGUR 3. APRÍL

Forvarnir og fræðsla fyrir börn um kynferðislegt ofbeldi

Sigríður Björnsdóttir, frkvst. Blátt áfram, og Ragna Björg Guðbrandsdóttir, fv. stjórnamaður í Blátt áfram.

290 👍

LAUGARDAGUR 30. MARS

Hugmyndafræði á haus

Porsteinn Pálsson pistlahöfundur.

279 👍

FIMMTUDAGUR 4. APRÍL

Lækkum skatta

Pórey Vilhjálmsdóttir, 7. sæti á lista Sjálfstæðisflokks í Reykjavík suður.

257 👍

LAUGARDAGUR 30. MARS

Byr barn til súkkulaðið þitt?

Elisabet Ingólfssdóttir laganemi og Hanna Sigríður Ragnarsdóttir kennaranemi.



# Kynferðisbrot: Brugðist við neyðarástandi

Nýverið sat ég fund með ungmennum þar sem þau lýstu afleiðingum þess að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi sem börn. Sá fundur var sá áhrifamesti sem ég hef setið, ekki síst fyrir þann mikla styrk sem ungmenningur sýndu. Í lífsreynslu þeirra felst mikill lærdómur. Kynferðisbrot gegn börnum eru svartur blettur á íslensku samfélagi og mikilvægt er að við höfum burði til að bregðast við því ofbeldi sem og að sinna forvörnum til þess að koma í veg fyrir slíkt ofbeldi. Þrátt fyrir öflugt starf síðustu ára til að vinna gegn kynferðisofbeldi og bættu málsmeðferð er því miður enn talsvert verk að vinna. Sú mikla umræða og uppljóstranir síðustu missera hafa leitt það í ljós svo um munar.

Frá áramótum hafa leitað helmingi fleiri börn í Barnahúsi en gera að jafnaði á jafnlöngu tímabili. Undanfarna þrjú mánuði hafa leitað um tvö börn daglega í Barnahúsi. Í fyrsta skipti í sögu Barnahúss þurfa börn að bíða eftir þjónustu Barnahúss. Því blasir við neyðarástand vegna kynferðisafbrotanna gegn börnum.

## Mikil fjölgun

Sé litið til þeirra mála sem lögregla hefur til rannsóknar blasir við sami vandi. Víðast hvar um landið hafa jafnmörg mál eða jafnvel fleiri verið tilkynnt til lögreglu á fyrstu þremur mánuðum ársins 2013 og voru tilkynnt allt árið í fyrra. Yfir 100 kynferðisbrot gegn börnum hafa verið tilkynnt til lögreglu frá áramótum en voru 141 allt síðasta ár. Um 470 tilkynningar berast til barnaverndarnefnda vegna gruns um kynferðislegt ofbeldi á ári.

Strax og vísbendingar fóru að berast um aukningu tilkynnta kynferðisbrotanna gegn börnum í janúarmánuði setti ég á fót sérstakan starfshóp fjögurra ráðuneyta undir formennsku Ágústs Ólafs Ágústssonar til að bregðast við vandanum. Nú hefur starfshópurinn skilað af sér viðamikilli skýrslu með 27 tillögum til úrbóta en af þeim voru 15 tillögur settar í forgang.

Tillögurnar eru í góðu samræmi við þær áherslur sem þingmenn allra flokka sammæltust um á vettvangi allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis og kynnt var fyrr í þessari viku.

Meðal forgangstillagna nefndarinnar eru kaup á nýju Barnahúsi, fjölgun sérfræðinga í Barnahúsi og fjölgun lögreglumanna og saksóknara sem sinna kynferðisbrotum. Þá er lagt til auknið samráð barnaverndaryfirvalda, lögreglu og ákærvalds, aukinn stuðningur fyrir aðstandendur brotþola og við félagasamtök sem sinna þjónustu fyrir brotþola og efling Vitundarvakningar gegn kynferðislegu ofbeldi í þeim anda sem UNICEF hefur kallað eftir í svokölluðu Ofbeldisvarnarráði. Einnig er lagt til að innleitt verði áhættumat og skráning á dæmdum kynferðisbrotamönnum hjá lögreglu.

## Nýtt Barnahús

Til að bregðast hratt við neyðarástandinu sem nú ríkir hefur ríkisstjórnin ákveðið að veita nú þegar um 190 milljónir kr. til að fjármagna forgangstillögur nefndarinnar. Með þessu verður m.a. unnt að tryggja strax 11 ný stöðugildi til að vinna gegn kynferðisbrotum gegn börnum. Skjót fjölgun sérfræðinga hjá Barnahúsi, lögreglu, ríkissaksóknara og hjá Fangelsismálastofnun mun mæta hinum stóru aukna málafjölda og hafa áhrif til góða fyrir þau börn sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi.

Þá hefur ríkisstjórnin einnig samþykkt kaup á nýju Barnahúsi en sú tillaga er háð samþykki Alþingis. Núverandi húsnæði Barnahúss hentar ekki lengur hinum mikla málafjölda og takmarkar möguleika á bættri þjón-

ustu við börn og aðstandendur þeirra. Hið íslenska Barnahús hefur vakið athygli langt út fyrir landsteinana og yrðu það sérstaklega ánægjuleg tíðindi ef Barnahús fengi nýtt húsnæði á 15 ára afmæli sínu sem er í nóvember næstkomandi.

## Verðum í fremstu röð

Aðrar tillögur nefndarinnar sem lagt er til að ráðið verði í strax á næsta fjárlagaári eru m.a. miðlæg stuðningseining

fyrir brotþola, ráðning sálfræðings fyrir fulloröna brotþola, aukin meðferð fyrir kynferðisbrotamenn og aukin fræðsla, forvarnir og rannsóknir um kynferðisofbeldi. Þá er lögð til aukin þjálfun lögreglumanna sem og auknið eftirlit með kynferðisbrotamönnum. Þá eru ýmsar úrbætur nú þegar komnar til skoðunar hjá viðkomandi ráðuneytum og má þar nefna skýrslutökur barna, rannsóknarheimildir lögreglu og mótun tillagna að framtíðarskipan ákærvaldsins.

Heildarkostnaður við allar tillög-

urnar er um 300 milljónir króna, þar af 190 milljónir vegna aðgerða sem þegar hefur verið ákveðið að ráðast í, og er því ljóst að með framkvæmd þeirra allra tókum við sem samfélag þýðingarmikil skref í átt að aukinni vernd þolenda kynferðisofbeldis. Sú pólitíska sátt sem nú hefur skapast um mikilvægi slíkra aðgerða gefur fullt til efni til að ætla að þær allar verði að veruleika strax á næsta ári. Það er og á að vera markmið okkar að Ísland taki sér stöðu á meðal þjóða sem eru fremstar þegar kemur að baráttunni gegn kynferðisafbrot-

→ Skjót fjölgun sérfræðinga hjá Barnahúsi, lögreglu, ríkissaksóknara og hjá Fangelsismálastofnun mun mæta hinum stóru aukna málafjölda og hafa áhrif til góða fyrir þau börn sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi.

um. Þau skref sem ríkisstjórnin hefur tekið nú eru tvímælaust liður í því að svo megi verða.



## STARFSEMI SAMEINAÐA LÍFEYRISSJÓÐSINS 2012


Nafnávöxtun tryggingadeildar Sameinaða lífeyrissjóðsins var 13,5% á árinu, sem jafngildir 8,6% raunávöxtun, sem er hæsta ávöxtun sjóðsins frá árinu 2006. Raunávöxtun sjóðsins frá stofnun hans árið 1992 er 3,6%. Eignir tryggingadeildar voru 125,3 milljarðar króna í árslok 2012 og jukust um 16,1 milljarð króna á árinu.

Nafnávöxtun ávöxtunarleiða séreignardeildar sjóðsins var frá 5,9% til 15,7% á árinu 2012, sem jafngildir 1,3% til 10,7% raunávöxtun. Eignir séreignardeildar voru 5,4 milljarðar króna og þrátt fyrir tímabundnar úttektarheimildir jukust eignir deildarinnar um 250 milljónir króna á árinu.

### Helstu tölur úr ársreikningi

	2012	2011
Heildariðgjöld	5.257 millj. kr.	4.901 millj. kr.
Heildarlífeyrisgreiðslur	4.155 millj. kr.	3.838 millj. kr.
Nafnávöxtun	13,5%	7,2%
Hrein raunávöxtun	8,6%	1,9%
Hrein raunávöxtun – 5 ára meðaltal	-2,9%	-4,5%
Hrein raunávöxtun frá stofnun sjóðsins 1992 (árlegt meðaltal)	3,6%	3,4%
Fjárfestingartekjur	15.580 millj. kr.	8.227 millj. kr.
Fjárfestingargjöld	157 millj. kr.	140 millj. kr.
Rekstrarkostnaður	144 millj. kr.	137 millj. kr.
Hrein eign til greiðslu lífeyris	130.722 millj. kr.	114.341 millj. kr.
Tryggingafræðileg staða	-6,3%	-6,6%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	9.476	9.686
Fjöldi lífeyrisþega	5.543	5.245
Fjöldi stöðugilda	16	16

### Eignasamsetning tryggingadeildar í árslok 2011 og 2012



### Tryggingafræðileg staða

Athugun á tryggingafræðilegri stöðu hefur þann tilgang að meta eignir sjóðsins á móti þeim skuldbindingum sem felast í áunnum og framtíðarréttindum sjóðfélaga til lífeyris. Tryggingafræðileg staða sjóðsins í árslok 2012 var -6,3%, sem er innan þeirra heimilda sem lög leyfa án þess að grípa þurfi til réttindabreytinga og mun stjórn sjóðsins ekki leggja fram tillögu til réttindabreytinga á komandi ársfundi.

### Séreignardeild

Ávöxtun séreignarsparnaðar sjóðsins á síðasta ári var eins og taflan sýnir:

	Aldursleið 1	Aldursleið 2	Aldursleið 3	Aldursleið 4	Innlánleið
Nafnávöxtun 2012	15,7%	12,5%	9,1%	5,9%	6,6%
Raunávöxtun 2012	10,7%	7,7%	4,4%	1,3%	2,0%
Raunávöxtun sl. 5 ár	1,8%	2,2%	2,3%	2,5%	

### Stjórn sjóðsins:

Þorbjörn Guðmundsson, formaður  
Jón Bjarni Gunnarsson, varaformaður  
Bóli Árnason  
Gylfi Ingvarsson  
Hanna Þórunn Skúladóttir  
Hilmar Harðarson

### Framkvæmdastjóri:

Kristján Örn Sigurðsson

### Ársfundur 2013

Ársfundur sjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 23. maí nk. kl. 16.00 á Hilton Reykjavík Nordica. Fundurinn verður nánar auglýstur síðar.



Borgartúni 30 • 105 Reykjavík • 510 5000 • lifeyrir.is



NÝKOMIÐ - Púðar með  
íslensku munstri



kr. 5.990

Bókstafr úr tré  
STÓRIR OG LITLIR  
hvítir og svartir



Tvær stærðir  
7 cm kr. 390 og  
18 cm kr. 990

A B C

Hjörtur  
hvítur  
og  
svartur



Tvær stærðir  
kr. 9.900 og  
kr. 27.990



Bloomingville  
LEIRVARA

# FULL BÚÐ AF NÝJUM OG S



CLEVELAND  
TUNGUSÓFI

129.990

FULLT VERÐ: 139.990

Stærð:  
231x140 H: 81 cm.  
Slitsterkt dokkgrátt áklæði.  
Fæst bæði með  
hægri og vinstri  
tungu

UMBRIA  
TUNGUSÓFI

239.990

FULLT VERÐ: 269.990



Stærð: 305x163 H: 78 cm. Slitsterkt antracit áklæði.



Tunga getur verið beggja vegna. Stærð: 220x153 H: 83 cm. Slitsterkt dökkgrátt áklæði.

BOSTON  
TUNGUSÓFI

159.990

FULLT VERÐ: 189.990

ETHAN  
HORNSÓFI

369.990

FULLT VERÐ: 419.990



Stærð: 240x240 H: 96,5 cm. Slitsterkt áklæði.



# SPENNANDI VÖRUM



MELBOURNE  
SVEFN-/TUNGUSÓFI

**179.990**

FULLT VERÐ: 189.990



Vinstri og hægri tunga. Stærð: 243x170 H:70 cm  
Slitsterkt áklæði. Litir: Svagrár, grænn og rauður



Tunga eingöngu vinstri. Stærð: 278 x 160 x H: 90 cm. Slitsterkt áklæði.

MALVA  
TUNGUSÓFI

**159.990**

FULLT VERÐ: 189.990

MIDLAND  
TUNGUSÓFI

**369.990**

FULLT VERÐ: 419.990



Fæst með vinstri og hægri tungu.  
Stærð: 280x100/172 H:95 cm  
Slitsterkt áklæði. Litur: Brúnn. Einnig til ljós

NÝKOMIÐ - Mikið af glervöru



Kökudiskur á fæti. 3 stærðir  
Verð frá **kr. 3.490**  
Lok 3 stærðir Verð frá **kr. 4.490**



Glös. Verð frá **kr. 690**



**HÚSGAGNAHÖLLIN**

– fyrir lifandi heimili –

**0% VEXTIR** - Húsgagnahöllin býður upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða





# HELGIN

## Ágúst Borgþór Sverrisson rithöfundur

### Snýst öll um fermingu sonarins

Pessi helgi sker sig úr hjá mér vegna þess að ég er að ferma Kjartan, son minn, á sunnudaginn. Laugardagurinn fer í undirbúning og sunnudagurinn í fermingu og veislu. Ég á meðal annars eftir að skrifa ræðu en svo skilst mér að fermingardrengurinn haldi sjálfur ræðu og skjóti á mig.



### Auður Alfífa Ketilsdóttir starfsmaður VG

#### Bakar og tjúttar

Ég ætla að baka vöflur á opnun kosningaskrifstofu VG í Borgartúni í Reykjavík í dag. Um kvöldið ætla ég að tjútta inn í nóttina. Svo ætla ég að hlusta á mömmu og hundrað konur í Hörpu seinnipart sunnudags.



### Pórey Sigþórsdóttir leikona á Álandseyjum

#### Æfingar og fjör á Álandseyjum

Hjá mér verða bara æfingar á The Gerpla Drive og svo matarboð með vinum hér í Mariehamn á Álandseyjum. Langar í gönguferð úti á ísnum ef hann heldur enn og svo gott gufubað.



### Halldór Auðar Svansson tölvunarfræðingur

#### Allt spurning um hárvott

Tja, mér er boðið í eitt-hvað kosningapartý ungra Sjálfstæðismanna gegnum Facebook. Veit nú ekki alveg hvort ég mæti. Kannski verð ég bara heima að þvo mér um hárið í staðinn.

## EITTHVAÐ FYRIR ALLA



### Wacken Open Air

## Pungarokk í Eldborgarsal Hörpu

**Tónlist** Hljómsveitakeppnin Wacken Open Battle fer fram í Eldborg í Hörpu í dag. Þar keppa sex þungarokksbönd um að fara sem fulltrúi Íslands á stærstu þungarokkshátíð veraldar, Wacken Open Air, í Þýskalandi. Auk þeirra sex koma fram bandið Trust the Lies, sem opnar kvöldið, Gone Postal og Skálmöld.



### Heimildaleikrit á fjölnum:

## Fimm stjörnu Tengdó

**Leikhús** Leikýningin Tengdó var ausin lofi þegar hún var frumsýnd í fyrra og sópaði að sér verðlaunagripum á Grímunni. Hún var tekin upp að nýju í Borgarleikhúsinu á útmánuðum. Valur Freyr Einarsson, höfundur verksins, segir í sýningunni sögu tengdamóður sinnar, „ástands-barns“, og frá áralangri leit hennar að föður sínum og djúpstæðri þörf hennar fyrir að þekkja uppruna sinn. Tengdó er sýnd í kvöld og annað kvöld.



### Afmælisdagskrá Ásmundar

## Arkitekt ræðir Ásmundarhús

**Arkitektúr** Pétur Ármannsson arkitekt fjallar um húsinn sem Ásmundur Sveinsson reisti við Freyjugötu og Sigtún í fyrirlestri í Ásmundarsafni klukkan tvö á morgun. Ásmundur reisti byggingarnar að mestu með eigin höndum og eru þær til vitnis um hagleik hans og dugnað. Viðburðurinn er liður í dag-skránni Ásmundur Sveinsson – Meistararendur sem er skipulögð í tilefni af því að í ár eru 120 ár frá fæðingu Ásmundar sem fæddist árið 1893 og lést tæplega níraður árið 1982.

# Rekst oft á Sigmund

Leikarinn **Hannes Óli Ágústsson** sem hefur túlkað Sigmund Davíð Gunnlaugsson formann Framsóknarflokksins í Áramótaskaupinu, segir stutt í Sigmund Davíð hjá sér.

Freyr Bjarnason  
frey@frettabladid.is

**H**annes Óli Ágústsson hefur hermt eftir Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, formanni Framsóknarflokksins, þrívægis í Áramótaskaupinu.

Miðað við nýjustu skoðanakannanir eru miklar líkur á því að Sigmundur Davíð verði næsti forsætisráðherra Íslands. Aðspurður hvort það verði ekki mikið að gera hjá Hannesi Óla í eftirhermubransanum ef það gengur eftir, segir hann að það eigi eftir að koma í ljós. „Ég sagði í gríni í Facebook-ummælum hjá félagu mínum að ég væri pottþétt kominn með aukavinnu fyrir jólin,“ segir hann glettinn og á þar við Skaupið. „En ég hef ekkert mikið meira velt þessu fyrir mér.“

Hannes Óli lék Sigmund Davíð í Áramótaskaupinu 2009 og þótti eftirminnilegur í hlutverkinu. Hann lék hann aftur næstu tvö ár á eftir en í síðasta Skaupi komu þeir félagar hvergi við sögu. Allar líkur eru á því að breyting verði á því í næsta Skaupi.

Hannes Óli segir tiltölulega auðvelt fyrir sig að herma eftir Sigmundi Davíð og að það sé „stutt í hann“. Fyrst þegar hann var beðinn um að leika stjórn-málamanninn mátti samt ekkert út af bregða. „Ég vandaði mig mjög mikið þegar ég var beðinn um að koma í prufu. Ég var tiltölulega nýtskrifaður leikari og var ekkert að vinna mikið. Það var vinkona mín, Anna Svava Knútsdóttir, sem var að skrifa

Skaupið og fattaði allt í einu að við værum dálítið líkir.“

Leikarinn er um þessar mundir búsettur á Akureyri og starfar fyrir Leikfélag Akureyrar. Sigmundur Davíð er einmitt að bjóða sig fram í Norðausturkjördæmi og er því mikið á ferðinni í höfuðstað Norðurlands. „Við erum alltaf að rekast hvor á annan, svona einu sinni í viku í hinum fátánlegustu aðstæðum. Við erum kannski báðir að bíða eftir afgreiðslu á veitingastað eða borða morgunmat á sama hótelinu en við heilsumst nú alltaf kumpánlega. Fólkinu í kring finnst þetta yfirleitt fyndið. Ég hugsa samt að þetta sé aðallega sérstakt fyrir hann, að það sé einhver náungi úti í bæ sem er þekktur fyrir að vera hann.“

Hannes Óli man eftir skemmtilegri sögu tengdri honum og Sigmundi Davíð þegar upptökur á Skaupinu 2010 stóðu yfir. „Við sátum öll í búningum, tilbúin að taka upp alþingissenu. Öll ríkisstjórnin sat á sama tíma í græna herberginu á RÚV. Ég sný baki í hurðina og allt í einu steinþagna allir. Svo byrjar einhver að skellihlæja. Ég lít við og þá er Sigmundur Davíð kominn inn til að fá sér kaffi. Hann áttar sig ekki á því fyrr en hann snýr sér við að hann er staddur í sama herbergi og allt áramótakaupsliðið, þar á meðal ég,“ segir hann og hlær.

Aðspurður segist Hannes Óli þrátt fyrir allt ekki vera framsóknarmaður. „Áfi minn var mikill framsóknarmaður. Ég olli honum tvisvar vonbrigðum. Fyrst þegar ég sagði að ég ætlaði ekki vera prestur og svo þegar ég sagðist ekki vera framsóknarmaður.“

## Leikur í Kaktusi og Málmhausi

Hannes Óli leikur í síðustu sýningu Kaktussins í Leikfélagi Akureyrar í kvöld. Á fimmtudaginn var svo frumsýnt annað verk sem hann leikur í á Akureyri, Lög unga fólksins. Í maí leikur hann svo í barnasýningu í Reykjavík eftir Sölkú Guðmundsdóttir, auk þess sem hann hefur nýlokið við stórt hlutverk í kvikmyndinni Málmhaus eftir Ragnar Bragason.



EFTIRHERMA SIGMUNDAR DAVÍÐS Hannes Óli Ágústsson hefur túlkað Sigmund Davíð Gunnlaugsson þrívægis í áramótaskaupinu. MYND/AUÐUNN NIELSSON

# Ísland mætir Slóvenum í Höllinni

Íslenska landsliðið gæti tryggt sér þátttöku í Evrópumótinu með sigri á Slóvenum í Laugardalshöll á morgun.

**8** Íslenska landsliðið getur tryggt sig inn á áttunda Evrópumótið í röð með sigri en Ísland er búið að vera með á öllum Evrópumótum frá og með EM í Króatíu 2000.

**11** Íslenska landsliðið er búið að leika ellefu leiki í röð í Laugardalshöllinni án þess að tapa og tíu leikjanna hafa unnist. Ísland tapaði síðast í Höllinni á móti Danmörku í vináttu-landsleik 9. júní 2010.

**13** Þetta er þrettándi leikur íslenska liðsins undir stjórn landsliðsþjálfarans Arons Kristjánssonar. Ísland hefur unnið átta af fyrstu tólf leikjunum.

**2** Íslenska landsliðið og heimsmeistarar Spánverja eru einu liðin sem hafa náð þriggja stiga forskoti á toppi síns riðils þegar undankeppni er hálfnuð. Báðar þjóðir geta tryggt sér sæti á EM um helgina.

**31** Guðjón Valur Sigurðsson, fyrirliði íslenska landsliðsins, er búinn að skora 31 mark í þremur fyrstu leikjum Íslands í undankeppninni eða 10,3 mörk að meðaltali í leik.



# HELGAR TILBOÐ

Gildir föstudag, laugardag og sunnudag



Takmarkað magn  
FYRSTIR KOMA  
FYRSTIR FÁ

VERÐ  
SPRENGJA



Lambabógur, frosinn  
verð áður 1.098 kr. kg

**799** kr. kg

Lambahryggur hálfur, frosinn  
verð áður 1.894 kr. kg

**1.499** kr. kg



Svinahnakki, kryddaður  
verð áður 1.399 kr. kg

**1.099** kr. kg

GOTT Á  
GRILLIÐ



Lambakótleitur, frosnar  
verð áður 2.359 kr. kg

**1.599** kr. kg

1 KG  
Í POKA



Svinakótleitur, kryddaður  
verð áður 1.158 kr. kg

**999** kr. kg

## EFTIRRETTIR Í ÚRVALI



Banoffee Pie  
**299** kr. stk.

Chocolate Swirl ostakaka  
**299** kr. stk.

Raspberry Swirl ostakaka  
**299** kr. stk.

Sticky Toffee ostakaka  
**299** kr. stk.

Strawberry ostakaka  
**299** kr. stk.

Blackforest Gateau  
**999** kr. kg

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.



Opið frá kl. 11–20 alla daga  
Engihjalla og Granda

# Iceland





**TINNA** Það eru forréttindi að fá að upplifa móður sína bæði sem móður og náinn féлага og vin, og líka að fá að sjá hana í sinni list, læra af henni, vinna með henni og standa jafnfætis henni á sviðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hún var stórkostleg hún mamma

**Tinna Gunnlaugsdóttir** hefur mörgu að sinna þessa dagana. Fyrir utan að stjórna Þjóðleikhúsi Íslendinga tekur hún þátt í að undirbúa útför móður sinnar, Herdísar Þorvaldsdóttur. Á laugardag verður hún á Egilsstöðum að setja Þjóðleik, leiklistarhátíð ungmenna á Austurlandi, og um helgina leikur hún í þremur sýningum á Karma fyrir fugla í stað móður sinnar.

**Gunnþóra Gunnarsdóttir**  
gun@frettabladid.is



**T**inna Gunnlaugsdóttir tekur á móti blaðamanni og ljósmyndara á heimili sínu, sem er í forkunnarfallegu húsi frá 1903. Reyndar er viðbygging, sem við komum okkur fyrir í, nýrri. Þaðan er opið út í bakgarð með trjám og blómstrandi laukum og sólskinið flæðir inn um dyrnar. Á skáp, innan um blómvendi og samúðarkort, er mynd í fallegum viðarramma af móður Tinna, Herdísar Þorvaldsdóttur leikkonu, sem kvaddi þennan heim fyrir nokkrum dögum og hélt á ný svið.

**Ljúft og skylt að leika fyrir mömmu**  
Tinna segir þær mæðgur hafa verið mjög nánar. „Það eru forréttindi að fá að upplifa móður sína bæði sem móður og náinn féлага og vin og líka að fá að sjá hana í sinni list, læra af henni, vinna með henni og standa jafnfætis henni á sviðinu. Hún var stórkostleg hún mamma og það var yndislegt að alast upp á því menningarheimili sem hún og pabbi sköpuðu. Þau voru bæði listunnendur.“ Hún kveðst hafa verið yngsta barn þeirra af fjórum. „Mamma eignaðist fjögur börn á sex árum, samt var hún alltaf í fullu starfi í Þjóðleikhúsinu. Þar átti hún 63 ára feril.

Hún elskaði leikhúsið og það má eiginlega segja að hún hafi verið burðarstöðin í starfsemi Þjóðleikhússins frá upphafi. Raunar stóð hún fyrst á sviði aðeins níu ára gömul í Gúttó í Hafnarfirði, svo leiklistarferillinn spannaði í raun heil áttatíu ár.“

Þegar Herdís var ráðin í hlutverkið í Karma fyrir fugla sem frumsýnt var í byrjun mars, var hún með ákveðna fyrirvara að sögn Tinna. „Hún sagði „Jú, ég vil gjarnan gera þetta ef ég lifi,“ en það mig jafnframt að vera sinn staðgengill ef eitthvað kæmi upp á. Auðvitað reiknaði enginn með því, mamma var vön að ljúka því sem hún tók að sér, en mér er auðvitað bæði ljúft og skylt að verða við bón hennar úr því sem komið er.“

## Ögranir hefur ekki skort

Tinna er enginn viðvaningur á sviði. Hún var leikkona við Þjóðleikhúsið í 25 ár áður en hún varð Þjóðleikhússtjóri. „Starf Þjóðleikhússtjóra hefur verið áskorun frá upphafi,“ segir hún. „Fyrstu árin fóru í viðamiklar utanhússviðgerðir, samhliða því að endurskipuleggja reksturinn. Svo þegar allt var komið í gott jafnvægi skall á með kreppu og í kjölfarið gífurlegum niðurskurði fjármagns til starfseminnar, þannig að ekki hefur skort ögranir.“

Nýlega kom út ársskýrsla Þjóðleikhússins fyrir árið 2012. Hún sýnir að rekstur leikhússins gekk vel á síðasta ári.

Sjaldan eða aldrei hafa fleiri gestir sótt leikisýningar þar á einu rekstrarári, sjálfsafletkur hafa aldrei vegið hlutfallslega meira í rekstrinum og ekkert leikhús hefur áður fengið jafnmargar tilnefningar til Grímuverðlaunanna. Tinna segir ekkert launungarmál að þetta hafi verið erfiður tími og hann hafi kallað á fórnir. „Við lögðum þá línu að slá hvergi af í listrænum metnaði en erum að reka leikhúsið fyrir þriðjungi minna fé en fyrir örfáum árum. Okkur hefur tekist að halda sjó og það er mikilvægt að halda því til haga að þessi árangur hefði ekki náðst nema vegna þess að við erum með frábæra listamenn og einstaklega gott starfsfólk sem elskar leikhúsið og listina og er þess vegna tilbúið til að leggja heilmikið á sig. En það er alltaf spurning hversu lengi fólk getur staðið undir miklu álagi og hvenær við erum komin að þölmörkum.“

EKKI MÁ GLEYMAST AÐ ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ ER EIGN ÍSLENSKU ÞJÓÐARINNAR OG LYKILSTOFNUN Í LEIKLIST. „Þetta er fyrsta húsið sem byggt var sérstaklega til að hýsa listastarfsemi í landinu og bygging þess varð á sinn hátt tákmynd þess menningarlega sjálfstæðis sem þjóðin sóttist eftir,“ segir Tinna. „Við getum öll verið stolt af Þjóðleikhúsinu og því starfi sem þar hefur verið unnið í gegnum áratugina og verðum að vera þess umkominn að standa vörð um lykilstofnanir í menningunni, hvernig

sem árar. Það er einfaldlega skylda okkar.“

Áhugi á leiklist er mikill á Íslandi. Tinna segir að þann áhuga beri að virða og hann komi ekki til af sjálfu sér. „Lykillinn er að mínu viti sá að okkur hefur tekist að standa vel að leikhúsuppeldi og þar hefur Þjóðleikhúsið gegnt stóru hlutverki frá upphafi. Foreldrar fara með börnin sín ung í leikhús og sú reynsla verður hluti af upplifunum bernskunnar og lifir með fólki til framtíðar.“ Sjálf hefur hún lagt áherslu á leikhúsuppeldi í starfi sínu. „Það er löng hefð fyrir veglegum barnasýningum á stóra sviðinu en fyrir nokkrum árum opnuðum við líka minna svið, Kúluna, sem er tileinkuð sýningum fyrir allra yngstu leikhúsgestina og á næsta leikári opnum við að auki sérstakt brúðuleikhús í samstarfi við brúðugerðarameistarann Bernd Ogródnik.“

Tinna telur mikilvægt að fara með börn á fullorðinssýningar. „Ég hef þá trú að börn skilji meira og skynji en við erum oft að ætla þeim,“ segir hún. „Góð leikhúsreynsla getur verið ákaflega þroskandi og víkkað hugmyndaheim og alla skynjun, á hvaða aldri sem leikhúsgesturinn er.“

## Tvær Íslandssólir

Skyldi Tinna hafa verið oft með mömmu sinni í leikhúsinu þegar hún var lítil? „Ég fékk stundum að koma á æfingar og svo fékk

„Það var því ákaflega fallegt og viðeigandi að hennar síðasta hlutverk á sviði væri uppljómuð búddanunna í verkinu Karma fyrir fugla.“

ég að sjá sýningar, ekki bara barnasýningar heldur líka fullorðinssýningar og þegar frá líður eru það kannski þær síðar nefndu sem sitja fastast, upplifunin gat verið svo sterk.“

Stundum voru mæðgurnar saman á sviði. „Við vorum saman á sviði í nokkrum sýningum, en vænst þótti mér um að vera falið að túlka Snæfríði Íslandssól, hennar fyrsta hlutverk við Þjóðleikhúsið í opnunarsýningunni 1950, hlutverkið sem raunverulega skóp hana sem þá stjórnun sem hún varð allar götur síðan. Ég lék sama hlutverk árið 1985. Auðvitað fann ég til gífurlegrar ábyrgðar gagnvart mömmu, en um leið varð ég að fá að gera þetta á mínum forsendum og út frá mínum tíma. Í þessari sýningu lék hún fósturu Snæfríðar, Guðríði. Við lékum líka báðar Geirbrúði í Hamlet í Þjóðleikhúsinu, hvor á sínum tíma, og vorum í hlutverkum mæðgna í kvikmyndinni Atómstöðinni.“

Tinna segir móður sína hafa leiðbeint sér af hógværd og mildi án þess að troða sínum sjónarmiðum að. Alltaf hafi





**MÆÐGUR**  
Tinna með  
kókuboxið  
góða.

**ÍSLANDS-  
KLUKKAN**  
Herdís  
sem  
Snæfríður  
Íslandssól  
og  
Brynjólfur  
Jóhannes-  
son sem  
Jón Hregg-  
viðsson.



## FJALLKONUR

Eitt af því sem þær mæðgur og leikkonur Herdís og Tinna áttu sameiginlegt var að hafa komið fram í gervi hinnar íslensku fjallkonu 17. júní í Reykjavík, Herdís árið 1953, þar flutti hún Vorvísur eftir Jakob Thorarensen sem hún hafði lært utan að. Tinna var fjallkona árið 1979 og flutti kvæðið Talað við ungt fólk eftir Guðmund Böðvarsson sem fjallar um æsku landsins.

Á æskuheimili Tinna var til smá-kókubox með fjallkonumyndum og mamma hennar er þar á einni myndinni. Ef Herdís var í útlöndum eða einhvers staðar í leikferð og Tinna saknaði hennar náði hún stundum í kókuboxið og faðmaði það í einrúmi.

## Foreldrar fara með börnin sín ung í leikhús og sú reynsla verður hluti af upplifunum bernskunnar og lifir með fólki til framtíðar.

Verið hægt að tala við hana um leiklist á almennum nótum og án allrar hlutdrægni því hún hafi haft ríkt innsæi og frábæran smekk. „Mamma sótti listviðburði fram á síðasta dag, sá næstum allt í leikhúsunum og fór á flesta tónleika og málverkasýningar. Hún var ótrúleg hún mamma, alltaf að, því hún var ekki bara leikkona og listunnandi heldur líka mikill náttúruunnandi og hugsjónakona og óþreytandi í baráttu sinni fyrir náttúruvernd og skógrækt. Hún gerði til dæmis heimildarmyndina Fjallkonan hrópar á vægð komin nálægt níræðu, þar sem hún vakti athygli á hvernig búseta manna og lausaganga búfjár hefur farið með landið okkar og hvað við getum gert til að sporna við því að það verði örfoka. Myndina fjármagnaði hún sjálf og vann með stuðningi okkar barnanna en þó fyrst og fremst barnabarnanna. Þau stóðu þétt við hlið hennar og tóku að sér hina ólíku framkvæmdaþætti en sjálf var hún þó alltaf í broddi fylkingar.“

Herdís var andlega þenkjandi og í raun guðspekingur sem lagði ríka rækt við hið góða og fallega í lífinu og vildi deila því með öðrum, að sögn Tinna. „Það var því ákaflega fallett og viðeigandi að hennar síðasta hlutverk á sviði væri uppljómuð búddanunna í verkinu Karma fyrir fugla,“ bendir hún á.

### Eiginmaður og sonur í framboði

En að allt öðru. Hvernig skyldi vera að eiga bæði mann og son í pólitík, hvorn fyrir sinn flokkinn? „Það er svolítið ný staða,“ segir Tinna og brosir. „Egill er í öðru sæti á eftir Þorvaldi Gylfasyni hjá Lýðræðisvaktinni og vill með því leggja sitt af mörku til að koma þeim mæta og skynsama manni inn á þig. Egill hefur alltaf haft afgerandi skoðanir á samfélagsmálum og er, að mínu viti, einstaklega réttsýnn og heiðarlegur. Ólafur Egill er á lista Bjartrar framtíðar og það virði ég líka. Þar finnur hann hljómgrunn. Sá flokkur setur menninguna og skapandi störf í ákveðið öndvegi og það er vel.“

Sjálf er Tinna að undirbúa útför móður sinnar, auk þess að leika hlutverk hennar á sviðinu í Kassanum. Svo er hún líka að fara austur á land því Þjóðleikhúsið er samstarfsaðili verkefnis á landsbyggðinni sem heitir Þjóðleikur og fyrsta Þjóðleikshátíðin er um helgina á Egilsstöðum. „Það verða Þjóðleikshátíðir í fjórum landshlutum á þessu vori með þátttöku fleiri hundruð ungmenna. Ég hlakka svo sannarlega til að fá ofurlitla innsýn í það metnaðarfulla og frábæra starf sem þetta unga fólk hefur verið að vinna á undanförunum vikum og mánuðum. Það eru mikil forréttindi að fá að stuðla að slíku starfi og verður gaman að njóta.“

## 2 AF HVERJUM 5 HAFNA SAFNAÐ FYRIR FERÐALAGI



## ÞÉR ER BOÐIÐ Á: „SVONA ER SKEMMTILEGT AÐ SPARA!“

Þér er boðið á léttu kynningu um markmiðasetningu og mismunandi leiðir til sparnaðar. Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, fjallar um það hvernig við breytum sparnaði úr leiðinlegu verkefni í skemmtilegan lífsstíl.

Kynningin fer fram í Arion banka, Borgartúni 19, þriðjudaginn 9. apríl kl. 17:30.

Léttar veitingar í boði. Allir velkomnir.

Stofnun um  
fjármálalæsi

Arion banki





# TAILOR

8 EINGAR • 5 ARMAR • 16 ÁKLÆÐI • 2 MISUNANDI FJÆÐRANIR


## EINN SVEFNSÓFI 1280 MÖGULEIKAR

Hannaðu þinn eigin svefnsófa með TAILOR sófaeiningum. Svefnsófi með notagildi. Einföld og skemmtileg lausn þegar þig langar til að hafa sófa og rúm í einni og sömu einingunni. Hentar vel í stofuna, gesta- eða sjónvarpsherbergið.


Fyrst velur þú stærð á einingu svo arma, áklæði og að lokum hvort þú vilt svamp eða Bonell fjöðrun. Sama verð fyrir sömu einingar burtséð frá því hvernig arma, fjöðrun eða áklæði þú velur. 8-10 vikna bið er eftir vörum sem ekki eru til á lager. 10% staðfestingargjald er á sérpöntunum.




16 áklæði:




Chile 110 Lime




Chile 100 Purple




Rika 1/2



Rika 1/25




Rika 1/5




Rio 170



Rio 180



Rio 200




Rio 220



Rio 300



Rio 40




Rio 95




Vera 124



Vera 2A2



Vera 653



Vera 724

VEXTIR  
0%\*

KAUPTU NÚNA

og dreifðu greiðslunni á 12 mánuði, vaxtalaust.\*

\*Nú getur þú fengið 12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifingu þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, þ.e. afborgun ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi. Kaupandi þarf að undirrita áætlunina til að staðfesta útreikninginn.




VISA





2JA SÆTA SÓFI  
M/GEYMSLU  
**99.900**

2ja sæta sófi með geymsluhólfi. L 165 cm **99.900,-**



living with  
**style**



2JA SÆTA SVEFNSÓFI  
M/GEYMSLU  
**129.900**

2ja sæta svefnsófi með geymsluhólfi. L 165 cm  
**129.900,-**



3JA SÆTA SVEFNSÓFI  
**129.900**

3ja sæta svefnsófi. L 233 cm Svefnflötur 140 x 200 cm  
**129.900,-**

3JA SÆTA HORNSÓFI M/SVEFNEININGU  
OG GEYMSLU  
**199.900**



Opinn hornsófi með svefneiningu og geymsluhólfi. 245 x 225 cm  
Svefnflötur 140 x 200 cm  
Hægt er að fá legubekk hægra eða vinstra megin. Þessi er með legubekk til hægri. **199.900,-**

LEGUBEKKUR  
TIL HÆGRI  
EÐA VINSTRI

3JA SÆTA SVEFNSÓFI M/  
LEGUBEKK OG GEYMSLU  
**179.900**



3ja sæta svefnsófi með legubekk og geymsluhólfi. 236 x 157 cm  
Svefnflötur 140 x 200 cm  
Hægt er að fá legubekk hægra eða vinstra megin. Þessi er með legubekk til hægri. **179.900,-**

LEGUBEKKUR  
TIL HÆGRI  
EÐA VINSTRI



HÆGINDASTÓLL  
**29.900**

Hægindastóll. H 75 cm, B 70 cm, D 65 cm **29.900,-**



2JA SÆTA SVEFNSÓFI  
M/GEYMSLU  
**239.900**

Hornsófi með svefnsófa og geymsluhólfi.  
236 x 236 cm Svefnflötur 140 x 200 cm **239.900,-**



SKEMILL M/GEYMSLUHÓLFI  
**29.900**

Skemill með geymsluhólfi. 69 x 69 cm H 43 cm  
Svampfylling. **29.900,-**

SKEMILL  
**12.900**



Skemill. 45 x 45 cm H 44 cm  
Svampfylling. **12.900,-**



Camembertbeygla  
Camembert ostur, sólburrkað  
tómatapestó, rauðlaukur, basilóla,  
papriku chili sulta og salatblanda  
Verð 895,-  
nú **695,-**



**HELGARTILBOÐ**

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 [www.ilva.is](http://www.ilva.is)  
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30



Iceland

HELGAR  
TILBOÐ

Gildir föstudag, laugardag og sunnudag

Lambabógur, frosinn  
verð áður 1.098 kr. kg

777 kr. kg

ENN MEIRI  
VERÐLÆKKUNTakmarkað magn  
FYRSTIR KOMA  
FYRSTIR FÁLambahryggur hálfur, frosinn  
verð áður 1.894 kr. kg


1.499 kr. kg

Lambakótilettur, frosnar  
verð áður 2.359 kr. kg

1.599 kr. kg

1 KG  
Í POKAESJA  
GÆÐAFÆÐIÞÚ FÆRÐ MEIRA  
FYRIR PENINGINN  
Í ICELANDOpið frá kl. 11–20 alla daga  
Engihjalla og Granda

## FYLGI PÍRATA Í SKOÐANNAKÖNNUNUM FRÉTTABLAÐSINS

Gagnsæi er lykillinn  
að fulltrúalyðræði

**Smári McCarthy** segir fylgisaukingu Pírata vera viðbúna og býst við að fá fulltrúa á þing. Þeir leggi áherslu á gagnsæi og aðgang almennings að upplýsingum, sem sé grunnurinn að fulltrúalyðræði og þátttöku almennings.

Porgils  
Jónsson  
thorgils@frettabladid.is



**P**íratar eru eitt af fjölmörgum nýjum framboðum sem komið hafa fram fyrir þessar kosningar. Þeim virðist þó hafa gengið betur en öðrum að koma sínum boðskap á framfæri þar sem þeir mælast með 5,6% fylgi og fjóra þingmenn í síðustu könnun Fréttablaðsins.

Smári McCarthy, forystumaður Pírata í Suðurkjördæmi, segir þessa nýjustu könnun vera ánægjulega en ekki koma á óvart í sjálfu sér. Hann segist telja að með því að komast yfir fimm prósentu fylgi, sem tryggir framboðum þingsæti, verði farið að líta á Pírata sem raunhæfan valkost.

„Á hinn bóginn eru enn nokkur framboð fyrir neðan fimm prósentu mörkin sem almenningur og fjölmiðlar ættu að gefa mun meiri athygli.“

## Sérstaða sem alþjóðleg hreyfing

Smári segir að þrátt fyrir hinn óvenjumikla fjölda nýrra framboða hafi píratar ekki átt erfitt með að skapa sér sérstöðu í kosningabaráttunni.

„Við erum enda með aðra sýn á hlutina en aðrir. Við erum hluti af stórrri alþjóðlegri hreyfingu pírata í 62 löndum.“

*Þið hafið stefnumál eins og beint lýðræði, gagnsæi, netfrelsi og fleira, en hvar standið þið í öðrum málaflokkum, til dæmis skuldastöðu heimilanna, Evrópumálum og félagsmálum?*

„Fulltrúalyðræði felur annars vegar í sér að fólk eigi að vera upplýst og hins vegar að það eigi að taka ákvarðanir. En fólk er ekki nógu vel upplýst um gang mála í samfélaginu, því að gagnsæi í stjórnkerfinu er takmarkað, og hefur því takmarkaða möguleika til að hafa áhrif á stjórn landsins.“ Smári segir að nú sé tækifæri, bæði tækni og kunnátta til að víkka út þjóðmálaumræðuna til almennings.

„Það felur í sér að færa völd til almennings og þar eru öll mál efni undir, hvort sem er menntun eða skuldamála eða hvað sem er.“

Hann segir Pírata hafa stefnu í skuldamála en ekki leggja til eina leið umfram aðrar. Smári segir þó ljóst að 110% hafi ekki borið árangur og Píratar séu fylgjandi lykaskilaleiðinni. Annar hluti stefnu þeirra í þessum málum sé að gera fjármálastofnunum skylt að tilkynna ef skuldir lántakenda skipti um hendur.

„Erlendir bankar kaupa skuldir og afskrifa kannski hluta þeirra til að fá skattafríðindi, en skuldunaturinn hér heima er enn að borga af sömu skuld og búið er

að afskrifa úti. Það er galið og við viljum setja í lög að bankar verði að tilkynna um slíkt. Það eru einfaldar aðgerðir sem munu skila miklu fyrir marga,“ segir Smári og bætir því við að ekki sé hægt að taka ákvarðanir um framhald í skuldamála fyrr en fyrir liggja hvernig ástandið er í raun og veru.

## Gagnsæi gegn sóun almannaþjárfjár

Hvað varðar ríkisútgjöld telja píratar að aukid gagnsæi og upplýsingar til almennings ættu að geta hamlad sóun almannaþjárfjár.

„Eitt svarið er að opna bókhald ríkisins. Við vitum hversu mikið er á fjárlögum, en við vitum ekki nákvæmlega hvernig peningunum er eytt. Allar viðskiptafærslur ríkisins ættu að liggja fyrir, helst opnar á netinu, með þeim hætti að hver sem er geti skoðað þær og ef þeim myndist eitthvað orka tvímælis gætu þeir kallað eftir athugun á því.“

## Unga fólklið líklegri kjósendur

Píratar njóta mun meira fylgis hjá ungu fólk, en Smári segir að fyrir því sé rökrétt ástæða.

„Auðvitað viljum við ná til sem flestra, en áherslan er á að tala til þeirra sem eru tilbúnir til að skilja okkur og nú er staðan þannig að það er yngra fólklið. Við lofum ekki að við munum búa til glæsta framtíð fyrir þau, heldur ætlum við að bjóða þeim upp á tækifæri til að

skapa sína eigin framtíð. Ég vona þó auðvitað að sem flestir kynni sér okkar stefnumál, því að við erum ekki að tala um neitt róttækt og byltingarkennt, heldur einföld mannréttindi og sjálfsögd lýðræðisleg réttindi.“ Smári segist viss um að píratar verði meðal þingmanna næsta haust.

„Ég trúi því og held að það sé nauðsynlegt, því að burtséð frá þeim stóru vandamálum sem samfélagið stendur fyrir í augnablikinu eru líka ákveðin tækifæri sem enginn hinna flokkanna er að tala um að nýta sér.“

Smári nefnir sem dæmi áherslu á vaxandi alþjóðleg netviðskipti.

„Ísland þarf að ákveða á næstu árum hversu mikla hlutdeild í net-hagkerfinu við viljum eiga. Þetta eru ekki bara einhverjir nördar á bak við tölvur sem eru að gera eitthvað, heldur fellur undir þetta allur framleiðsluáætlun, allt sem felur í sér útflutning eða þjónustu mun verða undir áhrifum af netviðskiptum á næstu árum. Við verðum að móta kerfi sem hlúir sérstaklega að litlum fyrirtækjum, því það er smáidjan, sérstaklega lítill framleiðslufyrirtæki á landsbyggðinni, sem kemur helst til með að reida sig á gott laga-

umhverfi sem verndar tjáningarfrelsi og fjarskipti og uppbyggingu á fjarskiptamöguleikum. Það er okkar atvinnustefna í grunninn, að tryggja það að fólk komist á alþjóðamarkað með sínar vörur.“

1

## Beint lýðræði

„Fólk er ekki nógu vel upplýst um gang mála í samfélaginu, því að gagnsæi í stjórnkerfinu er takmarkað, og hefur því takmarkaða möguleika til að hafa áhrif á stjórn landsins.“

2

## Meðferð ríkisfjármuna

„Allar viðskiptafærslur ríkisins ættu að liggja fyrir, helst opnar á netinu, með þeim hætti að hver sem er geti skoðað þær og ef þeim myndist eitthvað orka tvímælis gætu þeir kallað eftir athugun á því.“

3

## Atvinnumál

„Smáidjan kemur helst til með að reida sig á gott lagaumhverfi sem verndar tjáningarfrelsi og fjarskipti og uppbyggingu á fjarskiptamöguleikum. Það er okkar atvinnustefna í grunninn, að tryggja það að fólk komist á alþjóðamarkað með sínar vörur.“



# KRÓNAN



- fyrst og fremst ódýr!

**30% afsláttur**

**DÚNDUR-VERÐ!**

**40% afsláttur**

**1598** kr. kg  
Verð áður ~~2298~~ kr. kg  
Grisalundir, erlendar

**868** kr. kg  
Verð áður ~~1469~~ kr. kg  
Íslenskar grísakótilettur, ókryddaðar og kryddaðar!

**MAGN-PAKKNING**

**2099** kr. kg  
Krónu kjúklingabringur, magnpakking

**15% afsláttur**

**1995** kr. kg  
Verð áður ~~2348~~ kr. kg  
Laxaflök beinhreinsuð

**3 fyrir 2**

**1238** kr. 3 pk.  
Verð áður ~~1857~~ kr./3 pk.  
Nautgripahakk, 450 g  
Fullt verð 619 kr./pk. eða 1857 kr./3 pk.

**1995** kr. bakkinn  
Marbella kjúklingaréttur

**1995** kr. bakkinn  
Boeuf Bourguignon, nautakjötsréttur

**1995** kr. bakkinn  
Sítrónukjúklingur

**1995** kr. bakkinn  
Kjúklingakarriréttur

**NÝTT OG SPENNANDI!**

**Fjölskyldumáltíð**  
fyrir 2-4 manns

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/þá myndabrengi  
EXPO - www.expo.is



## EFSTU MENN HJÁ HÆGRI GRÆNUM

**MAGNÚS THORLACIUS**, Hægri grænir, 1. sæti Norðausturkjördæmi**KJARTAN ÖRN KJARTANSSON**, Hægri grænir, 1. sæti í Reykjavíkirkkjördæmi norður**SIGURSVÆINN ÞÓRÐARSON**, Hægri grænir, 1. sæti suðurkjördæmi**ÍRIS DRÖFN KRISTJÁNSDÓTTIR**, Hægri grænir, 1. sæti í Norðvesturkjördæmi**JÓN EMIL ÁRNASON**, Hægri grænir, 1. sæti í Reykjavíkirkkjördæmi suður**SIGURJÓN HARALDSSON**, Hægri grænir, 1. sæti í Suðvesturkjördæmi**HESTADAGAR Í REYKJAVÍK 2013**  
4. - 7. APRÍL**Dagskrá Hestadaga 2013****Laugardagur 6. apríl**

**Kl. 13:00-16:00 – Dagskrá í Húsdýragarðinum** – teymt undir börnum, fræðsla um hestinn, heitjarning sýnd, byggingadómar, fax hesta fléttað og fleira skemmtilegt.

**FRÍTT INN ALLAN DAGINN Í BOÐI LH!**

**Kl. 13:00 – Skrúðreið frá BSÍ** – ca. 150 hestar – BSÍ, upp á Skólavörðuholt, niður Skólavörðustíg, yfir Lækjargötu, Austurstræti, Pósthússtræti, Kirkjustræti og Tjarnargata að Ráðhúsi, áfram Tjarnargötu, í gegnum Hljómskálagarð, yfir Njarðargötu og aftur að BSÍ.

**Kl. 20:00 – Ístölt þeirra allra sterkustu í Skautahöllinni í Laugardal** - töltmót á ís!

**Sunnudagur 7. apríl**

Æskan & hesturinn í reiðhöllinni í Víðidal kl. 13:00 og 16:00. **FJÖLSKYLDUSÝNING - FRÍTT INN!**



# Náttúran og skuldaafskrift

**Guðmundur Franklín Jónsson** telur Hægri græna hafa margt fram að færa, sérstaklega þegar kemur að náttúruvernd og lausn á skuldavanda heimilanna.

**Stígur Helgason**  
stigur@frettabladid.is



Kosningabaráttan byrjar ekki vel fyrir Hægri græna. Flokkurinn mælist ekki með nægt fylgi til að ná manni á þing – þótt það virðist raunar á uppleið – og í vikunni kom í ljós að formaðurinn, Guðmundur Franklín Jónsson, er ekki á kjörskrá og þar af leiðandi ekki kjörgengur til Alþingis. Formaðurinn verður þess vegna ekki í framboði.

Sjálfur kallar hann þetta bölvæð klúður en er hins vegar ekki af baki dottinn – ætlar áfram að gegna formennsku og segist nú geta beitt sér af fullum krafti í þágu flokksins í öllum kjördæmum.

**Vill virkja í neðri hluta Þjórsár**

Það blasir við að spyrja Guðmund Franklín að því hvernig Hægri grænir standa undir nafni.

„Við erum hægrimmenn. Við kusum öll Sjálfstæðisflokkinn áður og styðjum lága, flata skatta, minni ríkisafskipti og friðsöm milliríkjasamskipti. Það er bara klassískt hægri – ekkert of mikið.

Svo erum við náttúruverndarsinnar. Ég er mikill útivistarmaður, hef meðal annars farið upp á Mont Blanc og Kilimanjaro og flestöll fjöll hérna í kringum Reykjavík. Þabbi minn var einn af stofnendum Útivistar þannig að ég hef alltaf verið mikill náttúruverndarsinni og útivistarmaður.

Ég hef búið víða í heiminum og séð hversu illa er farið með náttúruna og vil ekki að það gerist hér. Ég var til dæmis algjörlega á móti Kárahnjúkavirkjun, en hún er náttúrulega komin og allt í lagi með það. Ég er andvígur þessari risastóriðju – auðvitað þurfum við að standa við gerða samninga, eins og um Helguvík, en segja svo gott í bili og nota orkuna frekar til dæmis í ylver og rækta lífrænt grænmeti.

Samt sem áður mundi ég vilja virkja í neðri hluta Þjórsár vegna þess að við erum hægrimmenn og við getum ekki stöðvað framþróun. Það land er í byggð og það verður að vera skynsemi í þessu.“

Sem dæmi um frekari náttúruverndaráherslur nefnir hann að mikilvægt sé að koma í veg fyrir ágang á ferðamannastaði með því að taka gjald af útlending-

um. „Svo er mikilvægt að muna að náttúruvernd og umhverfisvernd byrjar heima hjá hverjum og einum og við munum gera það að kröfu að allir verði skyldaðir til að flokka sorp.“

**Ríkið kaupir allar skuldarnar**

Uppistaðan í efnahagstillögum Hægri græna er svokölluð „magnbundin íhlutun“ Seðlabankans á húsnæðismarkað, sem á að koma skuldugum heimilum til hjálpar. Hvað er það?

„Ef ekkert er gert þá taka bankarnir og aðrir sem eiga þessar verðtryggðu skuldir heimilanna – Íbúðalánasjóður er með bróðurpartinn og lífeyrissjóðir eitthvað – vaxtamismuninn plús verðtrygginguna næstu árin. Ef þetta er lagt saman, bara vaxtamismunurinn, þá nemur hann 550 milljörðum næstu níu árin.“ útskýrir Guðmundur.

„Af því að við erum með myntsláttuvaldið og löggjafarvaldið þá getum við stofnað sjóð í Seðlabankanum og látið Seðlabankann lána honum 1.200 milljarða til að kaupa allar verðtryggðar skuldir heimilanna. Skuldalækkunin og -leiðréttingin kostar 400 milljarða og björgun íbúðalánasjóðs 150 milljarða. Þessir 550 milljarðar verða svo greiddir með vaxtamismuninum. Það er magnbundin íhlutun.“

En mun það ekki valda óðaverðbólgu að ryðja öllum þessum fjármunum út í hagkerfið?

„Nei. Allir þessir aðilar verða þá með 1.200 milljarða inneign á reikningum í Seðlabankanum. Seðlabankinn setur svo 100 prósentu bindiskyldu á þessar inn eignir bankanna og lífeyrissjóðanna til að byrja með, á meðan er verið að laga ástandið, og mjög lága vexti. Bindiskyldan verður svo afnumin smám saman, eins og við ræðum við. Það er ríkisins að passa stöðugleikann og að þessir peningar flæði ekki of hratt út á markaðinn.“

Þetta hljómar ekki flókið, en trúir Guðmundur því að þetta sé raunhæft?

„Já, en þetta er auðvitað ekki hægt nema með ofboðslega stöðugri efnahagsstjórn og engum fíflaskap,“ er svarið.

**XG****1****Efnahagsmál**

Það er ríkisins að passa stöðugleikann og að þessir peningar flæði ekki of hratt út á markaðinn.

**2****Umhverfismál**

Ég myndi vilja virkja í neðri hluta Þjórsár.



# „Fermingarbro. Ójá.“

## Nýr iMac

„Draumur í námi og leik“

Verð frá 259.900



## iPhone 5

Verð frá 124.900

iPhone 4S

kr. 99.900

iPhone 4

kr. 79.900



1000 kr. símnottkun á mánuði í 12 mánuði hjá NOVA fylgir iPhone 5.



### iPad

„Heimurinn í hendi þér“

verð frá 89.900



### iPad Mini

„Þynnri, léttari og öflugri“

verð frá 59.900



### MacBook Air

„Air ekki kominn tími til að prófa?“

verð frá 174.900



### iPod Touch

„Endurhannaður með stærri skjá“

verð frá 59.900



### iPod

„Endurhannaður með stærri skjá“

verð frá 29.900

istore.is



iStore  
í Kringlunni

566 8000

Við viljum að þú brosir þegar þú kemur til okkar. Þess vegna bjóðum við góð verð, ljúft viðmót og faglega þjónustu. Að auki renna 1000 kr. af hverju seldu tæki í styrktarsjóð sem úthlutar hreyfihömluðum börnum iPad í hverjum mánuði.



# Vinsælasta fæðan umdeild

Pórunn Elísabet Bogadóttir  
thorunn@frettabladid.is  
Sigríður Björg Tómasdóttir  
sigridur@frettabladid.is

Kjúklingur er langvinsælasta kjötið á Íslandi og hver Íslendingur borðar að meðaltali 24,2 kíló af því á ári. Aðferðirnar við ræktunina eru þó umdeildar og umræður um þær hafa blossað upp reglulega undanfarið. Í vikunni lögðu Samtök verslunar og þjónustu til að innflutningur á kjúklingi yrði gerður frjáls þar sem framleiðslan á þeim sé fjöldaframleidd iðnaðarframleiðsla, ólíkt hefðbundnum íslenskum landbúnaði. Kjúklingabændur og fleiri brugðust harkalega við þessum ummælum. Í kjölfarið kannaði Fréttablaðið margvíslegar hliðar kjúklingaræktunar og neyslu á kjúkling hér á landi.

## MAGN ALIFUGLAKJÖTS SEM HVER ÍSLENDINGUR BORÐAÐI

6,1 kíló ÁRIÐ 1991  
13 kíló ÁRIÐ 2001  
24,2 kíló ÁRIÐ 2011

## ÁRIÐ 1996

var fyrst leyfilegt að selja ferskt alifuglakjöt hér á landi. Fram að því var aðeins hægt að kaupa kjötið frosið. Með þessari breytingu jókst bæði framleiðsla og sala á kjötinu til muna.

## Reykjagarður og Matflugl hafa

# 95%

markaðshlutdeild í kjúklingi hér á landi


# 4.931.928

KJÚKLINGUM VAR SLÁTRAD ÁRIÐ 2011

## HÆKKAR MINNA EN VÍSITALAN

Kjúklingakjöt hefur hækkað um 33% síðan 2008 en vísitala neysliverðs um 45%. Föt hafa hækkað um 75% og korn um 85% á sama tímabili.

### Vísitölur neysliverðs



19 kjúklingar mega hafast við á einum fermetra í kjúklingabúum. Samtals mega þessir nítján kjúklingar vegna 32 kíló.

Í Evrópusambandslöndum mega kjúklingar, sem vegna samtals 38 kíló, vera á hverjum fermetra. Kjúklingarnir eru oftast um 17 til 18 á fermetra vegna þess að þeir eru stærri við slátrun.

Kjúklingum er slátrað þegar þeir eru fimm vikna og eru að meðaltali 1,25 kíló að þyngd

85% eggja sem í boði eru á Íslandi eru úr hænnum sem eru í búri alla sína ævi.

*Samkvæmt skýrslu um alifuglarækt sem var gefin út árið 2011.*

## LÍTILL MUNUR Á EGGJUM

„Búrasamstæður skulu ekki vera meira en fjórar hæðir og auðvelt að fylgjast með hænsum í þeim. [...] Ekki skulu vera fleiri en átta hænur á hvern rúmmetra hússins. Ekki mega vera fleiri en fjórar hænur saman í hólfri.

*Samkvæmt íslenskum reglum*

Í Evrópu hafa tekið gildi reglur sem kveða á um að varphænur þurfi að vera í stærri búrum en áður, með hæsnapriki og öðru sem bæti aðstöðu þeirra.

## HVAÐ ÉTA PEIR?

### Prjú meginhræfni

1. Maís
2. Hveiti
3. Sojamjöl

Samkvæmt skýrslu landbúnaðar- ráðuneytisins um alifuglarækt. Í reglugerð um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum er ekkert kveðið á um innihald fódursins, utan þess að það verður að vera laust við salmonellusýkla.

„Í fódri holdakjúklinga er algengt að sojamjöl sé 25-30%, hveiti og maís samanlagt 60-65% en hlutföllin milli þessara korntegunda eru nokkuð breytileg milli framleiðenda, val þarna á milli sveiflast að einhverju leyti eftir hráefnaverði á erlendum mörkuðum.“

60-65%  
HVEITI OG MAÍS  
SAMANLAGT

25-30%  
SOJAMJÖL

## Bændur fylgja reglugerðum en neytendur vilja aukna fjölbreytni

### → Vantar lífrænan íslenskan kjúkling

„Við neytendur höfum ekkert val, það er ekki hægt að kaupa lífrænan íslenskan kjúkling og lífræn egg,“ segir **Svala Georgsdóttir, fulltrúi framkvæmdanefndar Samtaka lífrænna neytenda.** „Við teljum að hér bíði markaður eftir því að kaupa meira af vottuðum íslenskum vörum. Við erum langt á eftir nágrannaþjóðum okkar í framboði á þeim. Og við höfum gagnrýnt stjórnvöld fyrir að auðvelda ekki bændum að færa sig yfir í lífræna framleiðslu. Það ferli er kostnaðarsamt, bændur í nágrannalöndunum gera það með stuðningi stjórnvalda. Framtíðin er í lífrænt ræktuðum matvælum, það er ranghugmynd að halda stóriðjuhætti í öllum búskap. Lífrænt kjöt er bragðbetra og svo gilda mjög strangar reglur um velferð dýra í lífrænni matvælaframleiðslu sem skiptir máli.“

Að sögn Svölu fylgjast um tvö þúsund manns með samtökunum á Facebook, en félagsmenn í þeim eru 230.

### → Gengur ekki að fórna velferð dýranna

Mér finnst persónulega mjög einkennilegt að það sé hægt að velja slæma dýravernd, meðferð eins og viðhöfð er á kjúklingum í búum á að vera bönnuð. Það á bara að framleiða dýr þannig að gætt sé að velferð þeirra,“ segir **Sif Traustadóttir, dýralæknir og formaður Dýraverndarsambands Íslands.** Sif segir ekki hægt að borða íslenska kjúklinga með góðri samvisku. „Kjúklingarnir stækka svakalega hratt á þessum fimm vikum sem líða fram til slátrunar. Því fylgja heilsufarsvandamál, fætur og bein þroskast ekki eðlilega og þeir eiga erfitt með að standa. Það eru rosa mikil þrengsli og vont loft í húsunum sem þeir eru aldir í, mikið af fuglum og mikill skitur. Skiturinn veldur meðal annars dritbruna á fótum fuglanna. Ég myndi segja að þessum dýrum líði ekki vel.“ Sif segir að Dýraverndarsambandið vonist til þess að reglur um kjúklingarækt og eggjaframleiðslu verði endurskoðaðar. „Ég myndi til dæmis vilja sjá sams konar breytingu og varð í löndum ESB 1. janúar í fyrra þegar reglur um stærð búra varphæna var breytt, þau stækkuð og þess krafist að í þeim væri prik og sandur.“ Sif segir málflutning samtakanna fá ágætis hljómgrunn, neytendasamtökin hafi til að mynda lagt þeim lið. „Þó að við viljum ódýrari matvæli þá gengur ekki að fórna velferð dýranna.“

### → Fylgja reglugerðum

**Matthías Hannes Guðmundsson, framkvæmdastjóri Reykjagarðs,** sem framleiðir undir merkjum Holta og Kjörfugls, segir fyrirtækið sífellt vera að skoða leiðir til að bæta aðbúnað dýra. „Það er ákveðin reglugerð sem við förum eftir, sem Matvælastofnun setur. Menn horfa á hana og fara eftir henni,“ segir hann. „Svo náttúrulega er það dýraverndin sem menn horfa mikið til og það veitir ekkert af að líta á hana. Svo verða menn að líta á samfélagslega ábyrgð, að ganga um umhverfið, hvort sem það eru náttúruauðæfin, fólk eða dýr, á ábyrgan hátt. Það skiptir miklu máli í þessum bransa og fyrirtæki verða að sýna viðleitni í þá átt.“



# Stærri og betri

## Lyfja Smáratorgi

Af því tilefni bjóðum við  
**25% afslátt** af öllum snyrtivörum  
og ilmum – og **25% afslátt** af öllum  
helstu vítamínum og bætiefnum.  
Vorið verður heilnæmt og ilmandi.  
Við hlökkum til að sjá þig.

Bara í Lyfju á Smáratorgi – 4. til 8. apríl

**25%** afsláttur af öllum snyrtivörum og ilmum

CLINIQUE MAYBELLINE NEW YORK L'ORÉAL PARIS  
LANCÔME PARIS BOSS HUGO BOSS ESTÉE LAUDER

**25%** afsláttur af helstu vítamínum og bætiefnum

  
**VITABIOTICS**  
WHERE NATURE MEETS SCIENCE

 SOLARAY®

 NOW

**BIOMEGA**

**GULI MIÐINN**

**Einódag**



# HELGAR

OPIÐ ALLA HELGINA

## iRobot® Roomba



**iRobot ER KOMINN Í HEIMILISTÆKI**  
**20% KYNNINGARAFSLÁTTUR UM HELGINA**



**iRobot Roomba iRO-620**  
Sjálfvirk ryksuguvélmenni með iAdapt gervigreind.

**TILBOÐ**

**47.996**

FULLT VERÐ 59.995



**iRobot Roomba iRO-650**  
Sjálfvirk ryksuguvélmenni með iAdapt gervigreind og tímastilli. Einn sýndarveggur fylgir svo hægt er að afmarka svæði.

**TILBOÐ**

**63.996**

FULLT VERÐ 79.995



**iRobot Roomba iRO-770**  
Sjálfvirk ryksuguvélmenni með iAdapt gervigreind, HEPA síu og tímastilli. Tveir sýndarveggir fylgir svo hægt er að afmarka svæði. Lætur vita þegar rykgeymsla er full.

**TILBOÐ**

**79.996**

FULLT VERÐ 99.995



**iRobot Scooba iRO-390**  
Sjálfvirk skúringarvél sem hreinsar allt að 50 fermetra á einni vatnsfyllingu.

**TILBOÐ**

**67.996**

FULLT VERÐ 84.995

**NJÓTTU VORSINS MEÐAN iRobot HREINSAR GÓLFIN**



# RTILBOÐ

LAUGARDAG 11-16 og SUNNUDAG 13-17

## WHIRLPOOL DAGAR

# 10-30% AFSLÁTTUR



ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR - UPPÞVOTTAVÉLAR  
ÖRBYLGJUOFNAR - OFNAR - HELLUBORÐ - GUFUGLEYPAR  
KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR - FRYSTIKISTUR



- Whirlpool AFG610MB**
- 105 lítra frystikista
  - 7,5kg frystigeta á 24 klst.
  - Hraðfrýsting
  - Orkunýtingu B
  - 1 karfa fylgir.
  - Mál (hxbxd): 85x53x58sm

**TILBOÐ**  
**39.995**

FULLT VERÐ 49.995



- Whirlpool AWOD8214**
- 1400 snúninga þvottavél
  - 6th Sense og 56L tromla
  - Tekur 8 kg af þurrum þvotti
  - 15 þvottakerfi og hraðkerfi
  - Þvott hæfni A
  - Orkuflokkur A++
  - Vinduhæfni B
  - Mál (HxBxD): 59,5x85x60 sm

**TILBOÐ**  
**99.995**

FULLT VERÐ 129.995



UNDIRBORÐS - OFN OG  
KERAMIK HELLUBORÐ SAMAN

- Whirlpool AKP455IX**
- 60L bakarofn - undirborðs - stál
  - Actual Line Multifunction 5 blástursofn
  - Rofar fyrir helluborð
  - Undir- og yfirhiti og Grill
  - Köld hurð
  - Orkuflokkur A
  - Innbyggingarmál (hxbxd): 56x60x55sm
  - Passar við AKT108 helluborð



- Whirlpool AKT108**
- Keramik helluborð fyrir AKP455
  - 4 keramik hellur og stál kantur
  - 1x2100w Hella 21 sm
  - 1x1700w Hella 18 sm
  - 2x1200w Hellur 14,5 sm
  - Mál (bxbxd): 59x3,5x51sm

**TILBOÐ**  
**119.995**

FULLT VERÐ 163.995



**Heimilistæki**

ht.is

SÚÐURLANDSBRÁUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500



tl.is

# TÖLVU LISTINN

# FERMINGARSTUÐ Á SUÐURLANDSBRAUT

## VINSÆLASTI LEIKJATURNINN



Tölvuturn sem skilar öflugri vinnslu í daglega notkun og er hönnuð fyrir leikjaspilun að auki. 6 kjarna 3.3 GHz AMD X6 örgjörvi, MSI 7770 skjákort og Asus M5A97 móðurborð sem styður ótal tengimöguleika. Kemur í mjög flottum CoolerMaster HAF912 með mikla kæligetu, 8GB 1600MHz Corsair vinnsluminni og 1TB Seagata harður diskur. 500W Fortron aflgjafi, CoolerMaster Blizzard T2 kæling og Realtek 7.1 Surround hljóðkort. Windows 8 stýrikerfi.



CM G1.6 HAF

### 139.990

### +20.000

Örgjörvinn stækkar í 8 kjarna, harði diskurinn í 2TB, aflgjafinn í 600W auk þess sem skjákortid uppfærast í nVidia 650Ti Power Edition frá MSI.

### +40.000

Örgjörvinn stækkar í Intel i5, 120GB SSD diskur fyrir stýrikerfið bætist við, aflgjafinn í 650W auk þess sem skjákortid uppfærast í nVidia 650Ti Power Edition frá MSI.

### VIVOBOK MED SNERTISKJÁ!



ASUS S200E-CT158H

ASUS

Frábært verð fyrir 11,6" fislétta fartölvu í hæsta gæðaflokki með snertiskjá og Intel i3 örgjörva.

### 129.990

### USB FERÐAHÁTALARAR



X-mini

XMI-XAM8B

Sníldarhátalarar með ótrúlegum hljómi miðað við stærð. Hlaðast í gegnum USB tengi á tölvu, allt að 10 tíma ending og hægt að tengja nokkra saman.

### 3.490

### RAZER LYKLABORÐ



RAZER

KEYBOARD ANANSI

Sérhannað lykklaborð fyrir leikjaspilara með 7 nýjum aðgerðartökkum sem gefa möguleika á því að forrita 100 aðgerðartakka.

### 19.990



AOC

20.000.000:1 23,6"

### W-LED FULL HD SKJÁR

S L24A0 E2450SWDAK

LED skjár með 1920 x 1080 upplausn með W-LED baklýsingu og 20.000.000:1 skerpu.

### 29.990

### GEGGJAFUR HLJÓMUR Í HERBERGIÐ



HAT LOG Z553

Ótrúleg hljómgæði og stórglæsileg hönnun. Hægt að festa hátalar á vegg. 40W RMS og 4" bassakeila.



### 32.990

### 3 LEIKIR FYLGJA!



msi

MSI HD7850

10 fyrstu sem tryggja sér þetta skjákort fá Farcry 3, Hitman Absolution og Sleeping Dogs í kaupbæti.

### 42.990

### MARGMIÐLUNARSPILARI VIÐ SJÓNVARPIÐ

WD



HDH TV WD BGXT

Streymir efni þráðlaust úr tölvum og snjallsímum í sjónvarpið. Spilar nær allar skráartegundir og hægt að beintengja við flakkara.

### 34.990

### OFURNÁKVÆM LEIKJAMÚS



RAZER

RAZ-IMPERATOR2012

Imperator gerir leikjaspilun auðveldari með skjótara viðbragði og meiri nákvæmni. 6400dpi næmni.

### 15.990

TÖLVU LISTINN

Heimilisbæki

## 0% VEXTIR Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

## 6 VERSLANIR UM ALLT LAND



# OPIÐ ALLA HELGINA

LAUGARDAG 11 - 16  
SUNNUDAG 13 - 17

## ASUS

ASUS NEXUS7C-1B018A

FULLKOMIN  
SPJALDTÖLVA  
FYRIR UNGLINGA

Eins meðfærileg og  
spjaldtölvur gerast - 340  
grömm. Hraðvirk með Tegra  
3 Quad Core örgjörva og  
Tegra 3 skjákorti. Kristaltær  
IPS+ skjár. Nýjasta  
Android stýrikerfið  
- Jelly Bean. 32GB  
minni og allt að 10 tíma  
rafhlöðuending.




54.990

69.990 MEÐ 3G

## TOSHIBA

### NÝ ULTRABOOK

129.990



Toshiba Satellite U940-104

Örþunn og létt en sterkbyggð 14" fyrir daglega notkun og álag. Öflugur Intel i3 örgjörvi og Intel HD 4000 skjákort. Kemur með 32GB SSD diskinn fyrir hraðvirkara stýrikerfisvinnslu og 320GB fyrir gögnin. WiDi og Bluetooth stuðningur, USB3.0 og HDMI tengi. Frábær kaup.

### PRÁÐLAUS HEYRNARTÓL



AKG K912

Tónlistin í alvöru  
hljómgæðum  
þráðlaust hvar  
sem er á  
heimilinu.

## AKG

9.990

### SÚ VINSÆLASTA



Toshiba C850-19D

Vinsælasta fermingartölvun.  
Sterkbyggð 15,6" fartölva með Intel  
örgjörva  
fyrir alla  
hefðbundna  
tölvuvinnslu.

79.990

TOSHIBA

### RAZER LEIKJAMÚS



## RAZER

Razer DeathAdder  
Ofurnákvæm 3500 dpi leikjamús  
með 3,5G innrauðum nema.  
Gullhúðað USB tengi tryggir 1ms  
svartíma.

11.990

### LEIKJAHEYRNARTÓL

## steelseries

HEAD SS 5HV2  
Sterk, hljómgóð  
og vönduð  
leikjaheyrnartól.  
Sérstaklega  
hönnuð fyrir  
raunverulega  
upplifun í  
tölvuleikjum.



14.990

### 13" MACBOOK PRO



MacBookPro  
Nýjustu örgjörvarnir frá Intel.  
Ofurhröð USB 3 og Thunderbolt tengi.  
Nýtt og öflugt  
skjákort frá  
nVidia.

217.990

### HD VEFMYNDAVÉL



## Logitech

WEB LOG HD C270  
720 punkta háskerpuupplausn,  
3MP myndataka og innbyggður  
hljóðnemi með Rightsound tækni.

5.490

### OFURÞUNN MÚSARMOTTA



## RAZER

RAZ-SPHEX  
Yfirborð sem er sérstaklega hentugt  
til að auka nákvæmni  
músarinnar  
í kröfuharðri  
leikjaspilun.

2.990

### HAF XB LAN KASSI

## COOLER MASTER



T CM RC-902XB-KKNI  
Byltingarkenndur turnkassi  
með einstakri kæligetu og  
auðveldu  
aðgengi að  
öllum ihlutum.

21.990

### REYKJAVÍK

SUÐURLANDSBRAUT 26  
Sími 414 1700

### AKUREYRI

GLERÁRGÖTU 30  
Sími 414 1730

### EGILSSTAÐIR

KAUPVANGI 6  
Sími 414 1735

### KEFLAVÍK

HAFNARGÖTU 90  
Sími 414 1740

### SELFOS

AUSTURVEGI 34  
Sími 414 1745

### HAFNARFJÖRDUR

REYKJAVÍKURVEGI 66  
Sími 414 1750



2013


## ATVINNUMÁL

Athyglisvert er að sjá hve mikið vægi skapandi greinar hafa nú í orðræðu stjórnmalanna. Raunar svo mikið að allir vildu Lilju kveðið hafa og **formaður Vinstri grænna þakkar flokknum fyrir að hafa komið skapandi greinum inn í umræðuna**. Ef marka má orð formannanna er því ljóst að skapandi greinum verður gert hátt undir höfði á næsta kjörtímabili.

„Við sjáum hvernig list- og hönnunarnám er að skila árangri fyrir íslenskt atvinnulíf og útflutning og þannig er það nú að það sem okkur finnst við fyrstu sýn vera lúxus, menning og listir – það sem gefur lífinu lit – það er forsenda efnahagslegs árangurs,“ sagði Árni Páll við Fréttablaðið. Björt framtíð leggur einnig mikið upp úr skapandi greinum og bæði Bjarni og Sigmundur nefndu þær í viðtölum.

**Píratar leggja mikla áherslu á það að tryggja fólki að komast á alþjóðamarkað með sínar vörur.** Þar skipti netið höfuðmálið, en internetið sé 11 þúsund milljarða dala hagkerfi sem vaxi um tuttugu prósent á ári.

**Líkt og oft áður ber mest á milli flokkanna varðandi stóriðju.** Vinstri græn munu ekki fara í ríkisstjórn sem er með stóriðjustefnu, Sjálfstæðisflokkur vill nýta orkulindir þjóðarinnar, Framsóknarflokkur einnig, Björt framtíð er ekki virkjanasinnar flokkur og Samfylkingin mótar sér ekki hugmyndafræðilega áfstöðu til mála. Kunnuglegt stef? Já, andstæðurnar eru skýrar, VG (og nú Björt framtíð) á móti virkjunum, en Framsókn og Sjálfstæðisflokkur fylgjandi.




## SKULDASTAÐA HEIMILANNA

Engum blöðum þarf um það að fletta að þegar kemur að aðgerðum vegna skuldavanda heimilanna er **Framsóknarflokkurinn sér á báti**. Hann hefur nefnt tölur, 20 prósent niðurfellingu, en vill halda því opnu hvernig það verði útfært og hafa samráð við aðra flokka þar um. Heildarupphæð verðtryggðra fasteignalána er 1.200 milljarðar og leiðin kostar því 240 milljarða króna. Sigmundur Davíð segir þó að kostnaðurinn falli ekki allur á ríkissjóð, enda verði ávinningur af skuldníðurfellingu farinn að skila sér áður en kostnaðurinn fellur til.

**Sjálfstæðisflokkur hefur kynnt hugmyndir um skattaafslátt fyrir þá sem standa í skilum með fasteignalán sín og veita þeim valkost á því að beina greiðslum, sem ella færu til séreignisparnaðar, inn á húsnæðislánin.** Með þessu telur flokkurinn að hægt sé að lækka höfuðstól lána um tuttugu prósent. Aðgerðin á að kosta sextán milljarða, en, líkt og hjá Framsókn, á ávinningurinn að skila sér fyrir. **Píratar** segja að 110 prósent leiðin hafi aðeins virkað fyrir örfáa og **styðja lykilafrumvörp**, nokkuð sem Framsókn og Sjálfstæðisflokkur hafa talað fyrir.

**Samfylking og Vinstri græn hafa lagt áherslu á að halda áfram 110 prósent leiðinni** og finna leiðir til að hún nái til íbúðalánasjóðs. Björt framtíð hefur sagt að bregðast þurfi á einhvern hátt við skuldamállum heimilanna, án þess að útfæra hvernig það er.



## SKULDIR RÍKISSJÓÐS

Það fylgir því meiri ábyrgð að vera í ríkisstjórn en stjórnarandstöðu. Það má glögg sjá á orðræðu formannanna, en vinstri flokkarnir, sem oftast en ekki hafa lagt fram langan loforðalista sem gagnrýndir hafa verið fyrir óskýrð útgjöld, halda nú að sér höndum. Þeir tala eins og borgaralegir flokkar; hér verður að viðhalda stöðugleikanum og greiða niður skuldir ríkisins. Skyldi kannski engan undra, árlegur vaxtakostnaður ríkisins af skuldum nemur 90 milljörðum króna.

**Sjálfstæðisflokkurinn leggur einnig mikið upp úr því að koma böndum á halla ríkissjóðs.** „Ég verð að segja að almennt þá finnst mér allt of lítil umræða um það í þjóðfélaginu hversu gríðarlega alvarleg skuldastaða ríkissjóðs er,“ segir Bjarni, sem rímar vel við orð Katrínar: „Ég hef ekki orðið vör við að það sé mikið rætt um að greiða niður skuldir þjóðarþúsins í kosningaloforðum annarra flokka. Það er auðvitað stóra málið til framtíðar.“

**Framsóknarflokkurinn vill einnig bæta skuldastöðu ríkisins,** en hefur lagt meiri áherslu á skuldir heimilanna. Heiða Kristín nefnir að taka þurfi ríkisrekstur til endurskoðunar og vega og meta allan óþarfa. **Píratar vilja að allt bókhald ríkisins verði gert opinbert** og tekið á óþarfa kostnaði. **Skýr samhljómur er á milli þeirra og Bjartrar framtíðar;** Píratar nefna sem dæmi að snúðakostnaður vegna funda þurfi að lækka, Björt framtíð að fækka verði óþarfa nefndum.




## SKATTKERFIÐ

**Sjálfstæðisflokkurinn er mest afgerandi í þeirri stefnu sinni að lækka þurfi skatta og einfalda skattkerfið.** „Skattar verða lækkaðir. Það verður einfaldlega að gera það. Og einfaldaðir,“ sagði Bjarni Benediktsson í viðtali við Fréttablaðið. Þegar lítið er til annarra flokka rímar þessi stefna best við stefnu Framsóknarflokksins. Þar á bæ hafa menn einnig talað fyrir nauðsyn þess að einfalda skattkerfið. „Það eru reyndar ólíkar áherslur hvað varðar skattalækkunir, við höfum ekki talað jafn mikið um skattalækkunir og Sjálfstæðismenn. En hvað varðar þann stöðugleika sem þarf að koma á, í anda þjóðarsáttar að einhverju leyti, hef ég fundið hljómgrunn bæði til hægri og vinstri. Þannig að ég hef ekki miklar áhyggjur af því,“ sagði Sigmundur Davíð við Fréttablaðið.

**Björt framtíð talar ekki fyrir skattalækkunum,** en vill einfaldara skattkerfi. „Ég get alveg hlustað á alls konar röksemdafærslur fyrir því að það eigi að gera þetta eða hitt við skatta, en það er ekki eina lausnin. Það er engin töfralausn að lækka skatta,“ sagði Heiða Kristín við Fréttablaðið.

**Samfylkingin og Vinstri græn eru höfundar þeirra skattkerfisbreytinga sem gerðar hafa verið á kjörtímabilinu,** en þær lúta fyrst og fremst að þrepaskiptingu skattkerfisins. Hvorugur flokkurinn talar fyrir breytingum á því kerfi og Katrín Jakobsdóttir segir beinlínis að krafa um skattkerfisbreytingar geti ráðið úrslitum með stjórnarsamstarf. „Við viljum þrepaskipt skattkerfi að norrænni fyrirmynd til að dreifa byrðunum og tryggja tekjuöflun,“ sagði hún við Fréttablaðið. Píratar nefna ekki skattamál í viðtali við Fréttablaðið.



## AÐFERÐAFRÆÐIN

Hér er ekki um tæmandi úttekt á stefnuskrá flokkanna að ræða. Skyggst er í þau viðtöl sem formenn, eða forsvaramenn þeirra, hafa veitt Fréttablaðinu og samhljómurinn fundinn þar sem hann er. Þá er reynt að útskýra mismunandi

blæbrigði á stefnu flokkanna, þó markmiðið í ákveðnum málum sé það sama. Hér er ekki endilega horft til stóru málanna, heldur þeirra sem blaðamaður fann samhljómur í. Skörun hringanna sýnir á milli hvaða flokka er mestur sam-

hljómur í ákveðnum málum. Af því mætti draga ályktun um hvaða flokkar eigi auðveldast með að ná saman, en athyglisvert er að annars vegar Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkur skarast oft og hins vegar Samfylking og Vinstri græn.

## Samhljómur og sundurlyndi

Kolbeinn Óttarsson Proppé  
kolbeinn@frettabladid.is



Formenn og talsmenn þeirra flokka sem ná inn á þing, samkvæmt könnunum, hafa birst í Fréttablaðinu. Séu viðtölin við þau lesin saman má sjá hvar áherslur flokkanna eru samræmanlegar og hvar ber í milli, hvaða flokkar munu geta samið um tiltekin mál á auðveldan máta og hvað verður erfitt.

Þrátt fyrir að hér hafi verið skyggst í stefnumálin, eins og þau birtust í viðtali við flokkana, til að finna samhljómur, er mun meira sem skilur að. Afnáam verðtryggingar er eitt af aðalstefnumálum Framsóknarflokksins, en hinir flokkarnir hafa ekki tekið undir það. Samhljómurinn er þó víða.

„Fremst á forgangslistanum er að lækka tryggingargjald. Það er enn of hátt,“ segir Bjarni Benediktsson og ætti að ná saman við Árna Pál Árnason um það: „Við viljum setja lækkan tryggingargjalds í forgang í skattbreytingum, því það er auðvitað fyrst og fremst þekkingar- og launaskattur.“

Heiða Kristín og Smári leggja mikið upp úr því að einfalda allt ríkiskerfið og flokkarnir ættu að ná vel saman um það.

Hins vegar má sjá í ræðum formannanna hefðbundnar markalínur stjórnmalanna, í vinstri og hægri, með umhverfi og með virkjunum, með skattalækkunum og með aukinni samneyslu og mismunandi áherslur á stöðu ríkisvaldsins.

Nýju framboðunum fylgja hins vegar ný málefni, opnun gagna og endurskilgreining ríkisvaldsins, svo eitt-hvað sé nefnt.





# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

grænn  
apríl

Sérblaðið Fólk tekur þátt í átakinu Grænn apríl. Markmiðið er að kynna vöru, þekkingu og þjónustu sem er græn og umhverfisvæn og styður við sjálfbæra framtíð á Íslandi. Lumar þú á grænni þjónustu, vöru og/eda þekkingu, sem allt of fáir vita um? Þá er Grænn apríl eitthvað fyrir þig.

## NÁMSAÐSTOÐ

á lokasprettinum fyrir vorprófin

íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur  
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl

Öll skólastig - Reyndir kennarar

Nemendabjónustan sf [www.namsadstod.is](http://www.namsadstod.is) s. 557 9233



GREENSTONE | ©  
KÁPURNAR KOMNAR

Skoðið [laxdal.is/yfirhafnir](http://laxdal.is/yfirhafnir)

  
[facebook.com/bernhardlaxdal](https://facebook.com/bernhardlaxdal)  
Vertu vinur á Facebook

**BERNHARD  
LAXDAL**  
Laugavegi 63 • S: 551 4422

## Sumarlegur !



Einlitir og munstraðir  
jakkar á 8.900 kr.  
til 13.900 kr.

Jakki á  
**13.900 kr.**

Opið virka daga kl. 11-18.  
Opið laugardaga kl. 11-16.

**black pepper**  
FASHION

Laugavegi 178 (Bolhólmstugin) | Sími 555 1516

Klíkk á myndir og verð á Facebook



## ÚR DJÚPRI SORG Í NÝTT HLUTVERK

**SORG Á ÍTALÍU** Elsa Waage óperusöngkona flutti heim frá Ítalíu í nóvember 2011 eftir tæplega þrjátíu ára dvöl á erlendri grundu. Lífið hafði þá sveigst í allt aðra átt en hún hefði nokkurn tíma getað gert sér í hugarlund. Hún missti bæði eiginmann og aleiguna. ▶

MYND/STEFAN

grænn  
apríl

Í ár vinnum við að eftirfarandi verkefnum:

- EINN SVARTUR RUSLAPOKI hreinsunaráttak 20. apríl
- DAGUR JARÐAR í Háskólabíói 21. apríl
- APRÍLSKÓGAR 2013 – sjá [www.visir.is/sofnun](http://www.visir.is/sofnun)

Við hvetjum alla þá sem selja vöru, þekkingu og þjónustu sem er græn og umhverfisvæn að kynna vöru sína fyrir neytendum í þessum mánuði.

Bakhjarlar: TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN – OLÍS – ICELANDAIR REYKJAVÍK HOTEL  
NATURA – REYKJAVÍKURBORG – UMHVÆRISRÁÐUNEYTIÐ – 365 MIÐLAR




## Útsalan er hafin!



# 25-70%

Frábært verð og flottar vörur



Nasran-fatnaður 40% afsláttur • Motocrossfatnaður 60% afsláttur • Motocrossstígvél barna 35% afsláttur • Motocrossdekk 50% afsláttur  
Loft, oliusíur og handföng krossara 60% afsláttur • Hjálmar 25-70% afsláttur • Fjór hjólastígvél ATV One 40% afsláttur



Borgartúni 36 - s: 5889747 - [www.vdo.is](http://www.vdo.is)



**E**rfitt getur verið að fóta sig á Íslandi eftir langa búsetu í útlöndum. Sérstaklega þegar orðið hefur hrun í landinu og miklar breytingar á landi og þjóð. Fyrir þessu fann Elsa vel þegar hún kom heim þótt líf hennar hafi ekki alltaf verið dans á rósum árin áður. Ítalskur eiginmaður hennar, Emilio de Rossi, lést árið 2009 eftir langvarandi veikindi en við andlát hans misstu Elsa og dóttir hennar, Júlía Charlotte de Rossi, einnig allar veraldlegar eigur. Emilio, sem var verkfræðihönnuður, hafði lagt allt undir fyrir nýja uppfinningu á léttum pappírsumbúðum fyrir þunga hluti þegar hann veiktist og gat ekki fylgt verkefninu eftir. Eftir stóð Elsa í djúpri sorg og tók stefnuna á heimaslóðir eftir að hafa staðið ein með dóttur sinni á Ítalíu um tveggja ára skeið.

**TRÚIN HJÁLPAÐI**

„Ég hafði verið lengi í burtu frá Íslandi þótt ég hefði stundum komið í heimsókn sem gestur. Ég bjó tæp átta ár í Bandaríkjunum þar sem ég stundaði söngnám og eitt ár í Hollandi. Ég kom heim í stuttan tíma en flutti síðan til Ítalíu þar sem ég bjó í nítján ár. Það er öðruvísi að setjast að hér en vera gestur í stuttan tíma. Ég viðurkenni að það var talsvert áfall fyrir mig auk þess sem ég var að vinna í eigin sorg. Þá hjálpaði trúin og bænirnar mér mikið.

Eftir að Emilio lést hafði ég mikla þörf fyrir að vera nálægt fjölskyldu minni. Það var ein helsta ástæðan fyrir þeirri ákvörðun að flytja heim. Einnig



**MIKIÐ ÁFALL**  
Elsa þurfti að hefja nýtt líf um fimm-tugt eftir að hafa misst eiginmann sinn og allar veraldlegar eigur.

MYND/STEFAN

langaði mig til að dóttir mín kynntist því að ganga í íslenskan skóla. Hún gæti með því fengið tækifæri til að móta framtíð sína eftir eigin höfði. Ég fann að þrátt fyrir bjartsýni ítölsku þjóðarinnar um að kreppan myndi ekki banka á dyrnar hjá henni þá var töluvert farið að halla undan fæti. Ég var heldur ekki tilbúin til að fara frá dóttur minni í skemmri eða lengri tíma til að taka þátt í óperuuppfærslum en það var óneitanlega

fylgífiskur starfsins. Það var öðruvísi þegar pabbi hennar hafði tók á að hugsa um hana á meðan ég var á ferðalögum,“ segir Elsa. Hún kynntist manni sínum árið 1993 en þau giftu sig fimm árum síðar.

**ERFIÐUR SJÚKDOMUR**

Emilio hafði glímt við sjaldgæfan og erfiðan gigtarsjúkdóm um nokkurra ára skeið og til að komast fram úr deginum sökum verkja þurfti hann bæði á sterkum verkja-

töflum að halda og sterum. „Mikil lyfjainntaka hafði síðan neikvæð áhrif á hjartastarfsemi og ýmis líffæri. Smátt og smátt fór því að hægjast á líkamsstarfsemi með alvarlegum afleiðingum,“ útskýrir Elsa. Þetta var erfiður tími fyrir hana sem tók á sálarlífið en hafði einnig töluvert áhrif á feril hennar. „Þetta hafði vissulega áhrif á mig. Mér var boðið að syngja í Mozart-uppfærslu í New York en stuttu eftir að ég kom þangað

fékk Emilio alvarlegar hjartatrúflanir og hafnaði á bráðadeild. Það leiddi til þess að ég valdi einungis verkefni sem voru í hæfilegri fjarlægð frá heimili okkar í Como. Mér gekk vel að fá hlutverk í óperum en einnig söng ég mikið á tónleikum. Til dæmis var ég með hópi í Lombardi-sýslu sem er reglulega með óratóriu-flutning. Við sungum á Spáni, í Frakklandi og á fleiri stöðum. Það er enginn vafi að ferill minn hefði orðið öðruvísi

**HAFÐI ÁHRIF Á FERILINN**

„Það er enginn vafi að ferill minn hefði orðið öðruvísi ef heimilisaðstæður væru aðrar en ég er þannig gerð að takast á við það sem að höndum ber með æðruleysi.“

Fimm stjörnu ferðafrelsi

# Sýning um helgina

Útvarp og 22" LED sjónvarpstæki með DVD fylgja öllum seldum vögnum um helgina.

Opnunartími:  
Mánud. - fimmtud. 10-18  
Föstud. 10-17  
Helgar 12-16

**P. KARLSSON EHF.**  
Ögurhvarf 2  
203 Kópavogur  
Sími 517 5200

[www.lmc.is](http://www.lmc.is)

[www.pkarlsson.is](http://www.pkarlsson.is)



ef heimilisaðstæður væru aðrar en ég er þannig gerð að takast á við það sem að höndum ber með æðruleysi," segir Elsa sem þurfti að byrja lífið upp á nýtt um fimm-tugt.

#### ÆSKUDÝRKUN

Þegar Elsa er spurð hvort hún hafi fundið fyrir æskudýrkun í söngheiminum á Ítalíu, svarar hún: „Já, sannarlega. Það er mjög sérstakt hversu æskudýrkun er mikil á Ítalíu, því miður. Ég held að Ítalir missi af mörgum mjög góðum listamönnum vegna þess. Ég tel sömuleiðis að æskudýrkun sé meiri á Ítalíu en mörgum öðrum Evrópulöndum. Ég finn ekki fyrir þessu hér og finnst Íslendingar alveg einstakir hvað það varðar. Konur eru miklu fram-sæknari hér á landi og duglegri að sækja nám en þær ítölsku. Ég dáist að hvað Íslenskar konur standa sig vel í hverju því sem þær taka sér fyrir hendur. Ítalskar konur eru hins vegar elegant og kunna vel að njóta þess hlut-verks. Maður fann oft fyrir skemmtilegum spenningi í loftinu og Ítalir eru ákaflega innilegir og ljúfir. Allir bjóða góðan daginn og algengt er að fólk hittist á næsta kaffihúsi á morgnana og ræði góðlátlega saman. Mér finnst Íslendinga svolítið skorta að brosa fallega hver til annars.“

#### EITT SKREF Í EINU

Elsa segist ekki hafa hitt neinn draumaprins á Íslandi, enda sé hún tæpast tilbúin til þess að fara í nýtt samband. „Emilio var lit-ríkur persónuleiki og við gengum

saman í gegnum stóran pakka. Það getur því orðið erfitt fyrir mig að finna nýjan mann. Dóttir mín er sautján ára og stundar nám í MH. Við höfum fengið góðan stuðning frá fjölskyldu minni en félagslega hefur námið reynst henni erfitt. Skólinn hefur ekki staðið sig nægi-lega vel í því að blanda saman „útlendum“ börnum og þeim íslensku. Þau komast ekki í leik-listarval og félagslega eru þau út undan. Ég reyndi alltaf að halda íslenskunni við hjá henni með spunasögum sem í raun bjarga henni með tungumálið í dag. Hún er byrjuð að tala íslenskuna þótt henni finnst betra að læra á ensku," segir Elsa.

Þegar hún er spurð um fram-tíðina segist hún taka eitt skref í einu. „Ég spyr mig oft hvort ég eigi að gera þetta eða hitt. Mér finnst ég hafa mörgu að deila til annarra. Draumur minn er að vera með alþjóðlegt sumarnám-skeið, Opera Workshop, þar sem litlar óperur yrðu settar upp og kennslan yrði á ensku. Gamla hús-næði Íslensku óperunnar væri upplagt til þess. Mig vantar bara skipuleggjanda með mér," segir Elsa.

Hún er jafnframt á leið með hóp Íslendinga til Ítalíu í óperu-ferð á vegum Guðna í Sunnu sem hún segist hlakka mikið til að fara. „Ég sakna oft Ítalíu, sérstaklega matarins og skemmtilegra vina minna. Loftið var hlýtt og litirnir í umhverfinu svo fallegir," segir hún. „Íslenskar sundlaugar eru þó í miklu uppáhaldi hjá mér og ég stunda þær daglega, enda finnst mér gott að hreyfa mig.“

#### TÍSKUDAMA

Foreldrar Elsu eru Clara og Steinar Waage skókaupmaður, sem nú er látinn. „Ég ólst upp í skóóbúðinni og hef alltaf haft mikla delli fyrir fallegum skóm," segir Elsa sem venju-lega vekur athygli fyrir smekklegan klæðaburð. „Ég er fagurkeri og hef sérstaklega gaman af fallegum kjólum. Í Como er til dæmis ein frægasta silkkframleiðsla veraldar og auðvelt að nálgast það á góðu verði. Það var einkar skemmtilegt að láta sérsauma á sig silkkjól til að syngja í," bætir hún við.

Fernir tónleikar eru á dag-skránni hjá Elsu á næstunni með Hreppakórnum og Gissuri Páli Gissurarsyni í Guðríðarkirkju, Vídalínskirkju, á Flúðum og á Selfossi. „Einnig kem ég fram á styrktartónleikum í Salnum þann 13. apríl ásamt Erni Árnasyni, Diddú, Gissuri Páli og fleirum. Það verða mjög spennandi tónleikar," segir hún.

Umsækjendur eru bænir um að sækja um starfið á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar [www.hvalfjardarsveit.is](http://www.hvalfjardarsveit.is).

Þar er fyllt út almenn atvinnuumsókn, umsókn þarf að fylgja greinargott yfirlit yfir nám og störf, meðmæli, upplýsingar um frumkvæði, rökstuðningur umsækjanda og annað það er málið varðar. Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar: Laufey Jóhannsdóttir sveitarstjóri, sími 4338500 [laufey@hvalfjardarsveit.is](mailto:laufey@hvalfjardarsveit.is) Sveitarstjóri



## Fjarðabyggðarhafnir

Laus eru til umsóknar tvö stöðugildi vélstjóra hjá Fjarðabyggðarhöfnum. Starf vélstjóra felst í vélstjórn dráttarbáts Fjarðabyggðarhafna, auk annarra hafnarstarfa og krefst vélstjórnarréttinda fyrir 1500 kw vél.

Um lífandi starf er að ræða sem byggir á samskiptum við fólk og fyrirtæki. Nánari lýsingu á starfinu og hæfniskröfum er að finna á vef Fjarðabyggðar [www.fjardabyggd.is](http://www.fjardabyggd.is)

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Launanevndar sveitarfélaga og Fjarðabyggðar.

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá og afriti af réttindaskírteinum berist skrifstofu Fjarðabyggðar ekki síðar en þriðjudaginn 23. apríl 2013 merkt "Vélstjóri".

Upplýsingar um starfið veitir Steinþór Pétursson, framkvæmdastjóri Fjarðabyggðarhafna í síma 470 9000 eða á [steinthor.petursson@fjardabyggd.is](mailto:steinthor.petursson@fjardabyggd.is).

Störfin hafa jafnt konum sem körlum og eru konur hvattar til að sækja um.



## Sölufulltrúi

Útgáfufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir sölufulltrúa í fullt starf.

Um er að ræða sölu- og kynningastarf fyrir verk sem fyrirtækið gefur út.

Fyrirtækið gefur jafnframt út fjöldann allan af ýmis konar ritum, sjá heimasíðuna [www.sagaz.is](http://www.sagaz.is)

Reynsla af sölu og kynningarmálum æskileg en ekki skilyrði. Föst laun plús bónusar.

Umsóknir skulu sendar á netfangið [umsokn@sagaz.is](mailto:umsokn@sagaz.is) fyrir 12. apríl nk.



## Aðstoðarskólameistari

Fjölbrotaskólinn í Breiðholti auglýsir starf aðstoðarskólameistara til næstu fimm ára frá með 1. ágúst 2013

Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara og vinnur með honum við daglega stjórn og rekstur skólans sbr. 8. grein laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Aðstoðarskólameistari skal hafa starfsheitið framhaldsskólalækennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á framhaldsskólástigi, sbr. lög nr. 87/2008. Leitað er eftir einstaklingi með mikla samskiptahæfni.

Laun aðstoðarskólameistara fara eftir kjarasamningi KÍ og stofnanasamningi Fjölbrotaskólans í Breiðholti. Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en í umsókn þarf að greina frá menntun (og staðfesta með afriti af prófskírteinum), fyrri störfum og öðru því sem umsækjandi telur að máli skipti.

Umsóknir sendist til Guðrúnar Hrefnu Guðmundsdóttur skólameistara, Fjölbrotaskólanum í Breiðholti, Austurbergi 5, 111 Reykjavík, fyrir 15. apríl 2013.

Upplýsingar gefur skólameistari (sími 570 5600 og 899 2123). Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Fjölbrotaskólinn í Breiðholti var stofnaður árið 1975.

Skólinn hefur frá upphafi verið í fararbroddi skóla er vinna að virkri tengingu bóknáms, listnáms og verknáms.

Á heimasíðu skólans, [www.fb.is](http://www.fb.is), er að finna ýmsar upplýsingar um skólann og starfsemi hans.



## FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Laust er til umsóknar embætti skrifstofustjóra á skrifstofu stjórnunar og umbóta í fjármála- og efnahagsráðuneytinu

Um er að ræða nýtt embætti sem verður til með breytingum á skipulagi ráðuneytisins sem taka gildi 3. apríl nk.

**Skrifstofa stjórnunar og umbóta** annast umbætur og nýsköpun í ríkisrekstri, svo sem er varðar stefnumótun, árangursstjórnun, notkun upplýsingatækni í ríkisrekstri, opinber innkaup og skipulag stofnanakerfis ríkisins. Jafnframt annast skrifstofan fjárstýringu, dreifingu fjárheimilda, rekstrar- og greiðsluáætlanir og reikningsskil ríkisins. Þá falla mannauðsmál ríkisins undir ábyrgðarsvið skrifstofunnar, þ.m.t. stefnumótun í mannauðsmálum, lög um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, launamál og kjarasamningar, mannaflaspár, greiningar og tölfræði um laun og starfsmenn ríkisins. Auk þess ber skrifstofan ábyrgð á eignamálum ríkisins og framkvæmd eigendastefnu, m.a. forsvar ríkisins í félögum, ábyrgð á fasteignum ríkisins, þjóðlendum, opinberum framkvæmdum og samningagerð vegna auðlindanota og rentu.

**Um er að ræða fullt starf.** Um embættið gilda lög nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands og lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Um laun og önnur starfskjör fer eftir ákvörðun kjararáðs sbr. lög nr. 47/2006. Skipað verður í embættið til fimm ára frá 1. maí 2013.

**Umsækjendur skulu hafa** lokið háskólamenntun sem nýtist í starfi skrifstofustjóra. Jafnframt er gerð krafa um haldgóða þekkingu á íslensku stjórnun og rekstri. Æskilegt er að viðkomandi búi yfir þekkingu á sem flestum verkefnum skrifstofunnar. Starfs- og stjórnunarreynsla í ráðuneyti, ríkisstofnun eða sveitarfélagi er metin sérstaklega. Gerð er krafa um lipurð í samskiptum, leiðtogaþæfni og enskukunnáttu.

**Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun** og fyrri störf sendist fjármála- og efnahagsráðuneyti. Nánari upplýsingar veita Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri, og Angantýr Einarsson, skrifstofustjóri, en jafnframt er vísað á heimasíðu ráðuneytisins [fjr.is](http://fjr.is).

**Embættið hentar jafnt konum sem körlum.** Umsóknarfrestur er til 14. apríl 2013. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um skipun í stöðuna.



## Við leitum að vefstjóra

Íslandsbanki leitar að dugmiklum einstaklingi í starf vefstjóra. Við leggjum metnað okkar í að gera vefi sem uppfylla þarfir viðskiptavina og aðstoða notendur við að leysa sín verkefni. Þarfir þeirra drífa okkur áfram.

Vefstjóri vinnur náið með deildarstjóra vefþróunar, forriturum, vefhönnuði, tæknimönnum og öðrum sérfræðingum á sviði vefmála bæði innan og utan bankans. Við vinnum sem eitt teymi og höfum skýr markmið.

### Hefur þú...

- Brennandi áhuga á vefmálum
- Góða færni í framsetningu efnis fyrir vefi
- Þekkingu á notendaviðmóti og virkni vefumhverfis
- Reynslu af vefstjórn og verkefnastjórn
- Reynslu af notkun vefumsjónarkerfa
- Reynslu og skilning á notkun samfélagsmiðla
- Getu til að lesa úr vefmælingum og þekkja til markaðssetningar á netinu
- Góða kunnáttu í íslensku og ensku
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynslu af myndvinnslu og html forritun

### Frekari upplýsingar veitir:

Droplaug M. Jónsdóttir, [droplaug.jonsdottir@islandsbanki.is](mailto:droplaug.jonsdottir@islandsbanki.is), sími 844 4616.

Við þjódum góða þjónustu

Umsóknir óskast fylltar út á [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is) og sendar inn ásamt ferilskrá. Tengiliður á mannauðssviði er Ásta Skúladóttir, sími 440 4186, [asta.skuladottir@islandsbanki.is](mailto:asta.skuladottir@islandsbanki.is). Umsóknarfrestur er til með 15. apríl nk.





## Við leitum að bestu sölu- og markaðsfulltrúum landsins!

Ef þú ert hress, opinn, árangursdrifinn og hugmyndaríkur einstaklingur í leit að nýjum áskorunum, þá erum við að leita að þér. Endilega sendu okkur umsókn og við munum hafa samband við þig.

### Menntunar - og hæfniskröfur:

Þú þarft að vera eldri en 20 ára  
Hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði  
Gerð er krafa um öguð og sjálfstæð vinnubrögð  
Reynsla af sölu eða markaðsstarfi er kostur

### Við bjóðum:

Góð laun fyrir rétta aðila  
Markvissa starfsþjálfun  
Möguleika á vexti innan fyrirtækisins  
Skemmtilegt starfsumhverfi

Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Sendu umsóknina á [atvinna@hringtorg.is](mailto:atvinna@hringtorg.is)



## Sprechen Sie Deutsch? Starf í ferðapjónustu

AD Travel ehf óskar eftir þýskumælandi starfsmanni í starf við framleiðslu og úrvinnslu hópferða.

Hæfniskröfur:

- Talar og skrifar mjög góða þýsku
- Góð tölvukunnátta
- Hefur reynslu úr ferðageiranum (s.s. unnið sem leiðsögumaður eða þekkir Ísland vel)
- Getur unnið mikið yfir sumartímann
- Hefur gaman af því að skipuleggja

Um er að ræða fullt starf. Umsóknir og ferilskrá sendist á [daniel@adtravel.is](mailto:daniel@adtravel.is) fyrir 15. apríl n.k.



AD Travel er ferðaskipuleggjandi sem sérhæfir sig í hópferðum fyrir erlenda ferðamenn. Við erum að leita að hressum og skipulögðum starfskrafti sem vill vinna í litlu en skemmtilegu fjölskyldufyrirtæki þar sem unnið er náið með erlendum samstarfsaðilum að skapa ógleymanlega lífsreynslu fyrir viðskiptavininn.



GARÐUR

## Kennarar óskast til starfa í Gerðaskóla í Sveitarfélaginu Garði

Kennari óskast til að kenna 2. bekk vegna barnsburðarleyfis umsýgnarkennara. Um er að ræða um það bil 100% starf tímabilið ágúst til nóvember á næsta skólaári. Við óskum eftir kennara með kennslureynslu á yngsta stigi.

Einnig óskum við eftir að ráða sérkennara til starfa. Mikilvægt er að hann hafi tilskilin réttindi til sérkennslu og réttindi til að leggja fyrir helstu skimanir og greiningarpróf. Um er að ræða 100% starf frá ágúst nk.

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá, leyfisbréfi o.fl. skal senda til skólans með tölvupósti á netfangið: [skarpheinn@gerdaskoli.is](mailto:skarpheinn@gerdaskoli.is) í síðasta lagi 26. apríl. Skólastjórnendur veita frekari upplýsingar í síma 422-7020.

## ÞJÓNUSTUSTJÓRI GARÐABÆJAR

Garðabær auglýsir eftir þjónustustjóra í fullt starf í Ráðhúsi bæjarins. Garðabær er tæplega 14 þúsund manna sveitarfélag þar sem lögð er áhersla á að veita íbúum framúrskarandi þjónustu.

### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Dagleg umsýgn með starfsemi þjónustuvers
- Stýrir stefnumótunarvinnu í þjónustumálum Garðabæjar
- Vinnur með sviðsstjórum og stofnunum bæjarins að innleiðingu og eftirfylgni með þjónustustefnu
- Tekur þátt í almennum störfum þjónustuvers
- Vinnur að skilgreiningu og mótun þjónustuferla

### Menntun, reynsla, hæfni:

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi
- Viðbótarmenntun á sviði þjónustustjórnunar er kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi eða önnur stjórnunarreynsla
- Reynsla af störfum í framlínu stofnunar eða fyrirtækis æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni, metnaður og sjálfstæði í starfi

Leitað er að einstaklingi sem hefur framúrskarandi samskiptahæfileika, er metnaðarfullur, sveigjanlegur og tilbúinn til að ganga í öll störf í þjónustuveru. Þjónustustjóri þarf að hafa frumkvæði og geta bæði unnið sjálfstætt og í hópi.

Laun eru skv. kjarasamningum STAG við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Vinsamlegast sakið um á vef Garðabæjar Minn Garðabær.

Umsóknarfrestur er til og með 21. apríl 2013.

### Frekari upplýsingar veita

Guðfinna B. Kristjánsdóttir, upplýsingastjóri Garðabæjar í síma 525 8500, netfang: [guðfinna@gardabaer.is](mailto:guðfinna@gardabaer.is) og Vilhjálmur Kári Haraldsson mannauðsstjóri í síma 525 8500, netfang: [vilhjalmurha@gardabaer.is](mailto:vilhjalmurha@gardabaer.is).



GARÐABÆR  
[www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)



FLÓAHREPPUR

## SKÓLASTJÓRI

Flóahreppur óskar eftir að ráða skólastjóra við grunnskóla Flóahrepps, Flóaskóla frá og með 1. ágúst 2013.

Í Flóaskóla eru nemendur í 1.-10. bekk og veturinn 2012-2013 eru nemendur rúmlega 90 talsins. Samkensla er nokkur og áhersla lögð á að hver og einn einstaklingur fái að njóta sín á eigin forsendum. List- og verkgreinar og önnur skapandi vinna er stór hluti af skólalífinu. Gott samstarf er við leikskólann Krakkaborg og Tónlistarskóla Árnesinga og áhersla er lögð á gott samband og samstarf milli skóla og heimila.

### Starfssvið

- Stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi, fjárhagsáætlunum og rekstri
- Fagleg forysta
- Ráðningar og stjórnun starfsfólks
- Stuðla að framþróun í skólastarfi
- Leiða samstarf starfsmanna, nemenda, heimila og skólasamfélagsins í heild

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Grunnskólakennaramenntun
- Menntun og/eða reynsla af stjórnun og rekstri skv. 12. gr. laga nr. 87/2008.
- Reynsla af kennslu á unglingsstigi æskileg
- Forystu- og stjórnunarhæfni
- Frumkvæði og styrkur í ákvarðanatöku
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum
- Skipulagshæfni og góð yfirsýn

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launafundar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknir þurfa að vera skriflegar og þeim þarf að fylgja starfsferilsskrá. **Umsóknarfrestur er til 19. apríl n.k.**

Umsóknir skulu sendar til: Flóahreppur, Þingborg, 801 Selfoss, merkt: Skólastjóra-starf. Einnig má senda umsóknir með tölvupósti á netfangið [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is) Upplýsingar um Flóahrepp og Flóaskóla má sjá á [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is). Frekari upplýsingar um starfið veitir Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri, [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is) eða í síma 480-4370.



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti forstjóra Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA). Velferðarráðherra skipar í stöðuna til fimm ára frá 1. júlí nk.

Heilbrigðisstofnun Austurlands starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 með síðari breytingum. Starfssvæði stofnunarinnar nær frá Vopnafirði til Djúpavogs með sex heilsugæslu-umdæmum, hjúkrunardeildum á Egilsstöðum og Seyðisfirði og umdæmissjúkrahúsi í Neskaupstað. Þá annast stofnunin starfsnám í heilbrigðisvísindagreinum og starfar í tengslum við háskóla á sviði fræðslumála heilbrigðisstétta og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Heilbrigðisstofnun Austurlands er með fjölmennustu vinnustöðum á Austurlandi þar sem starfa að jafnaði um 310 manns í um 200 ársstörfum, ársvelta er um 2,2 milljarðar króna.

Forstjóri ber ábyrgð á að HSA starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf sem ráðherra setur honum. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi og þjónustu stofnunarinnar, að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Forstjóri skal hafa háskólamenntun og reynslu af rekstri og stjórnun sem nýttist honum í starfi. Hann skal einnig hafa þekkingu og reynslu á sviði heilbrigðisþjónustu. Gerð er krafa um hæfni í mannlegum samskiptum ásamt leiðtogaþæfileikum.

Hæfni umsækjenda verður metin af nefnd sem skipuð er af velferðarráðherra skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Um launakjör forstjóra fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög nr. 47/2006 um kjararáð.

Ráðuneytið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um embættið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri, [sveinn.magnusson@vel.is](mailto:sveinn.magnusson@vel.is). Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á netfangið: [postur@vel.is](mailto:postur@vel.is) eigi síðar en 30. apríl nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið hefur verið tekin.

Velferðarráðuneytinu, 6. apríl 2013.





## Sérfræðingur í gagnagrunnum

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í upplýsingatækni til að sinna m.a. þjónustu við, rekstur og þróun á sérhæfðum gagna- og gagnagrunnstengdum kerfum Veðurstofunnar. Sérfræðingurinn mun starfa í upplýsingatæknihóp Veðurstofunnar sem er hluti af Fjármála- og rekstrarsviði.

### Hlutverk

Veðurstofan er ein helsta gagnasöfnunarsstofnun landsins. Hlutverk sérfræðingsins er tvíþætt. Annars vegar að hafa umsjón með rekstri og að skipuleggja gagnagrunnskerfi Veðurstofunnar og hins vegar að taka þátt í þróun grunna og sérhæfðra kerfa tengdum þeim.

### Menntun og hæfniskröfur

- ▶ Háskólamenntun eða farsæl reynsla á sviði tölvunar- eða kerfisfræði

- ▶ Farsæl reynsla af umsjón og rekstri tölvukerfa
- ▶ Frumkvæði, hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- ▶ Góð þekking á SQL og farsæl reynsla af notkun og þróun gagnagrunna
- ▶ Æskileg er þekking á rekstri og notkun gagnagrunna, s.s. DB2, SQLserver og PostgreSQL
- ▶ Æskileg er þekking á Microsoft hugbúnaði, s.s. Windows Server, IIS og SQL Server, en einnig Linux kerfum
- ▶ Æskileg er þekking á landfræðilegum upplýsingakerfum, s.s. ArcGIS, og landfræðilegum gagnagrunnum
- ▶ Þekking og reynsla í forritun, s.s. .NET, ASP.NET, Visual Studio, Python, JavaScript er kostur
- ▶ Þekking á UML og Agile SCRUM er kostur
- ▶ Gott vald á íslensku og ensku

## Sérfræðingur í kerfisstjórn

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í kerfisstjórn til að sinna rekstri, viðhaldi og rekstrarþróun á sérhæfðum miðlægum kerfum Veðurstofunnar. Viðkomandi mun starfa í upplýsingatæknihóp Veðurstofunnar sem er hluti af Fjármála- og rekstrarsviði.

### Hlutverk

Veðurstofan rekur mörg krefjandi og óhefðbundin upplýsingatæknikerfi. Hlutverk viðkomandi er að hafa umsjón með, þjónusta, setja upp, prófa og reka þessi kerfi. Hann tekur þátt í kerfshönnun og þróun og tekur við kerfum/hugbúnaði sem koma þarf í rekstur og færir í rekstrarfærni. Hann sér um samskipti við þjónustuaðila ef svo ber undir. Einnig er möguleiki á að hann taki að sér og leiði kerfisþróunarverkefni.

### Menntun og hæfniskröfur

- ▶ Háskólamenntun eða farsæl reynsla á sviði tölvunar- eða kerfisfræði
- ▶ Farsæl reynsla af umsjón og rekstri tölvukerfa
- ▶ Frumkvæði, hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- ▶ Hæfni til að ná yfirsýn yfir flókin verkefni fljótt og örugglega
- ▶ Æskileg er reynsla af kerfshönnun sem miðar að því að ná háum uppítíma
- ▶ Góð þekking á Linux stýrikerfum og Windows þjónum
- ▶ Þekking á netkerfum og fjarskiptum er kostur
- ▶ Þekking á kerfisskjölun, t.d. 4+1 Architecture View Model eða UML er kostur
- ▶ Kunnátta í forritunarmálum, s.s. C/C++, Python, Java, Fortran, bash er kostur
- ▶ Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um starfið veita **Vigfús Gíslason** hópstjóri UT ([vigfus@vedur.is](mailto:vigfus@vedur.is), 522 6000) og **Borgar Ævar Axelsson** mannauðsstjóri ([borgar@vedur.is](mailto:borgar@vedur.is), 522 6000).

Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur til og með **24. apríl 2013**

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Veðurstofu Íslands undir [www.vedur.is/um-vi/laus-storf](http://www.vedur.is/um-vi/laus-storf) eða á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is)

Gildi Veðurstofunnar eru **þekking, áreiðanleiki, samvinna og framsækni**. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.

[www.vedur.is](http://www.vedur.is)  
522 6000

# VILTU TAKAST Á VIÐ KREFJANDI VERKEFNI Í SKEMMTILEGU STARFSUMHVERFI?

## Markaðsgreining og viðskiptaþróun

Mannvit hf. óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa við greiningu markaða og viðskiptaþróun. Viðkomandi vinnur náið með yfirstjórn fyrirtækisins, framkvæmdastjórn og forstjóra.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- M.Sc. gráða í verkfræði, viðskiptum eða fjármálum
- Mjög góð enskukunnátta og reynsla á alþjóðavettvangi
- Reynsla af fjármálum og fjármálastarfsemi
- Hæfni og reynsla í fjármálagreiningu og gerð fjárhagsmóðela
- Skilningur á eðli sjóðsstýringar og reynsla af samskiptum við fjárfesta
- Reynsla af markaðsgreiningu
- Færni í mannlegum samskiptum

## Veghönnuður/umferðarverkfræðingur

### Starfssvið

- Hönnun vega og gatna
- Umferðarhermun og umferðarspár
- Ýmis greiningarverkefni tengd samgöngum

### Menntunar- og hæfniskröfur

- M.Sc. gráða í byggingarverkfræði með sérhæfingu sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla hérlendis eða erlendis er æskileg
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að starfa í hópi
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Færni í mannlegum samskiptum

## Við bjóðum upp á:

- Góða starfsaðstöðu í lifandi umhverfi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Alþjóðleg verkefni
- Tækifæri til starfsþróunar

## Nánari upplýsingar:

Auðunn Gunnar Eiríksson 575 4882 [age@mannvit.is](mailto:age@mannvit.is) og Gauja Hálfánardóttir 422 3269 [gauja@mannvit.is](mailto:gauja@mannvit.is).

## Umsóknarfrestur er til 14 apríl.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Mannvits [www.mannvit.is](http://www.mannvit.is)

1963  
2013 | 50

Mannvit verkfræðistofa er með um 400 starfsmenn sem sinna fjölbreyttum og krefjandi verkefnum hér á landi og erlendis.

Fyrirtækið er leiðandi í tækniráðgjöf á Íslandi og stefnir á öflugra starfsemi á alþjóðamarkaði. Mannvit leggur áherslu á fyrsta flokk starfsumhverfi þar sem saman fer reynsla, nýsköpun, framsýni og símenntun. Markmið Mannvits er velferð á grunni þekkingar og vísinda en viðhorfum til verkefna og viðskiptavina verður best lýst með gildum fyrirtækisins: **Traust, vísýni, þekking og gleði**



MANNVIT



## Verkefnastjóri innri samskipta og markaðsmála

**Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands** óskar eftir að ráða verkefnastjóra innri samskipta og markaðsmála. Verkefnastjórinn tilheyrir mannauðsteymi sviðsins. Hlutverk þess er að efla mannauð, samskipti og starfsumhverfi sviðsins. Meginmarkmið verkefnisstjóra innri samskipta og markaðsmála er að laða til sviðsins úrvals nemendur og starfsfólk.

**Starfið er spennandi og fjölbreytt** og reynir mjög á sköpunarkraft og færni í samskiptum. Verkefnastjórinn þarf því að vera hugmyndaþróun og hafa brennandi áhuga á innri samskiptum og markaðsmálum. Viðkomandi þarf jafnframt að bera gott skynbragð á útlit og inntak upplýsingamiðlunar og eiga gott með að vinna með samstarfsfólki að markmiðum starfseminnar.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Þekking á helstu verkfærum innri samskipta og markaðssetningar
- Færni í vefmálum og samfélagsmiðlum
- Mikil ritfærni
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Afbragðs samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi og góðir samstarfshæfileikar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þóra Margrét Pálsdóttir, mannauðsstjóri Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, í síma **525 4644** og netfang **thp@hi.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **22. apríl 2013**

Sjá nánar um starfið á [www.hi.is/laus\\_storf](http://www.hi.is/laus_storf) og á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is)



HÁSKÓLI ÍSLANDS

### Núðluskálin Skólavörðustíg 8 leitar að starfsmanni á vaktir

Reynsla úr eldhúsi kostur. Leitum að þjónustulunduðum vinnusömum einstaklingi. Ferilskrá sendist á [nudluskalin@gmail.com](mailto:nudluskalin@gmail.com)



### FRAMTÍÐARSTARF TÍSKA

Við leitum að jákvæðu og metnaðarfullu fólki í fullt starf, sem hefur áhuga á að vaxa í starfi og öðlast reynslu til að takast á við fjölbreytt og líflæg verslunarstörf til framtíðar.

Umsækjendur skulu vera 18 ára eða eldri, góðir í mannlegum samskiptum og hafa áhuga á sölustörfum.

Verslunin Zara selur dömu, herra og barnafatnað í Kringlunni og Smáralind.

Áhugasamir sendi póst ásamt ferilskrá á: [elingud@zara.is](mailto:elingud@zara.is) eða skili umsóknum í verslanir.

Umsóknarfrestur er til 12. apríl.

ZARA

### DEILDARSTJÓRI SKÓLADEILDAR GARÐABÆJAR

Deildarstjóri skóladeildar hefur umsjón með starfi skóladeildar og stýrir þeim verkefnum sem undir deildarstjóra heyrja. Deildarstjóri starfar að faglegri þróun og ráðgjöf til leik- og grunnskóla og tekur þátt í stefnumótun skólamála með sviðsstjóra, skólalærdómshandum og skólanefnd.

#### Helstu verkefni eru meðal annars:

- Hefur umsjón með sérkennslu og sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla
- Vinnur að gerð fjárhagsáætlana í samráði við sviðsstjóra, fjármálastjóra og skólalærdómshandum
- Stuðlar að samræmingu og samstarfi milli skólastiga
- Sinnir eftirliti með grunnskólalærdómshaldi í samræmi við lög og reglugerðir
- Hefur umsjón með sérverkefnum og þróunarverkefnum
- Stýrir starfsmannahaldi skóladeildar í samráði við sviðsstjóra

#### Hæfniskröfur:

- Framhaldsmenntun á háskólastigi á sviði uppeldis- og kennslufræðimála og/eða menntastjórnunar eða önnur sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af kennslu og stjórnun í skóla
- Leiðtogaþæfileikar, skipulagshæfni og frumkvæði
- Góð tök á íslenskri tungu og hæfni í framsetningu texta
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

#### Annað:

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélag.

Sækja þarf um starfið með því að fylla út almenna atvinnuumsókn á vef Garðabæjar, Minn Garðabær.

Umsóknarfrestur er til og með 21. apríl 2013.

Samkvæmt jafnréttisstefnu Garðabæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veitir Margrét Björk Svavarsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs sími 525 8540, netfang: [margretsv@gardabaer.is](mailto:margretsv@gardabaer.is).



GARÐABÆR  
[www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)



## Lyfjamál og aukaafurðir dýra

Matvælastofnun óskar eftir að ráða sérfræðing til að hafa umsjón með lyfjamálum og aukaafurðum dýra í 100% starf á aðalskrifstofu stofnunarinnar á Selfossi. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Hlutverk sérfræðings er að hafa yfirumsjón með eftirliti með ávísun og notkun dýralyfja auk samræmingar eftirlits og eftirfylgni. Starfsmaður fer einnig með yfirumsjón með málefnum aukaafurða dýra. Meðal verkefna er túlkun laga og reglugerða ásamt úrvinnslu leyfisumsókna er varðar framleiðslu á aukaafurðum dýra og samræming eftirlits og eftirfylgni auk annarra tilfallandi verkefna sem starfsmanni kunna að vera falin.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun, s.s. dýralæknisfræði, lyfjafræði, efnafræði, líffræði, búvísindi eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Reynsla af opinberu eftirliti er æskileg
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar
- Nákvæmni, frumkvæði, fagleg vinnubrögð og sjálfstæði í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir [sigurborg.dadadottir@mast.is](mailto:sigurborg.dadadottir@mast.is) í síma 530-4800 og Anna Dóra Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri [anna.gudmundsdottir@mast.is](mailto:anna.gudmundsdottir@mast.is) í síma 530-4800.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur fyrir starfið. Umsókn ásamt afriti af prófskríteini skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss eða á [starf@mast.is](mailto:starf@mast.is) merkt "Sérfræðingur lyfjamála og aukaafurða dýra".

Umsóknarfrestur er til og með **21. apríl 2013**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Vakin er athygli á því að umsóknin gildir í 6 mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út nema umsækjandi ákveði annað. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna. Nánari upplýsingar um stofnunina er að finna á [www.mast.is](http://www.mast.is).

...frá heilbrigði til hollustu





# SKEMMTU ÞÉR MEÐ OKKUR Í VINNUNNI!

## Fullkominn markaðsstjóri óskast

Við leitum að manneskju sem getur orðið vinur okkar, hlegið að bröndurunum okkar á fundum, farið með okkur á kaffihús, hugsað út fyrir boxið, sagt okkur til syndanna eins og sannur vinur, stýrt markaðs- og vefdeildinni í fyrirtækinu sem við köllum stærsta skemmtistað í heimi og leitt okkur áfram til frekari sigra og ávinninga. Menntun og reynsla eru alveg nauðsynleg, ódrepanði áhugi á markaðsmálum og farsímageiranum, viðkomandi þarf að vera víðsýnn og hafa góða samskipta-hæfileika, geta sett sig inn í tæknileg mál og gleymdum við nokkuð að segja að þessi manneskja þarf að vera fullkomin?

Hjá Nova starfa 110 starfsmenn. Við hlaupum hratt og leggjum gríðarlega áherslu á sterka liðsheild. Við leitum að stjórnanda sem vinnur með okkur og gengur í öll störf.

### Hæfniskröfur

Menntun og reynsla á sviði markaðsmála.  
Rekstrar- og stjórnunarreynsla.  
Lífsgleði.

## Sölu- og þjónusturáðgjafar í verslun

Fyrir þann sem elskar að koma fram, veita frábæra þjónustu og veit ekkert skemmtilegra en að selja.

### Hæfniskröfur

Jákvæðni, frumkvæði, kraftur og framúrskarandi þjónustulund. Allt þetta ásamt góðri tölvukunnáttu og lipurð í mannlegum samskiptum. Stúdentspróf eða sambærileg menntun. Góðir tekjumöguleikar því laun eru árangurstengd. Um framtíðarstörf er að ræða. Unnið er á vöktum.

## Hönnuður í markaðs- og vefdeild

Við leitum að öflugum og fantagóðum grafískum hönnuði í markaðs- og vefdeild Nova. Hönnuður hjá Nova vinnur fjölbreytt auglýsinga- og kynningarefni, fréttabréf til viðskiptavina, efni í verslanir, tekur þátt í að þróa áfram útlit á nýjan vef fyrirtækisins o.fl. Viðkomandi vinnur einnig náið með öðrum starfsmönnum fyrirtækisins og auglýsingastofu. Þarf að geta sett sig inn í fjölbreytt verkefni á jákvæðum nótum og tekið þátt í að halda á lofti merki stærsta skemmtistaðs í heimi. Menntun og reynsla eru nauðsynleg ásamt ódrepanði áhuga á markaðsmálum og hönnun og ástríðu fyrir að gera góða hluti enn betri.

### Hæfniskröfur

Menntun og reynsla á sviði hönnunar.  
Reynsla í vefhönnun kostur.  
Lífsgleði.



## Sölu- og þjónusturáðgjafar í þjónustuver

Fyrir þann sem elskar að tala í síma, veita frábæra þjónustu og veit ekkert skemmtilegra en að selja.

### Nánari upplýsingar

**RÁÐUM**  
Atvinnustofa

Áhugasamir sækja um á [www.radum.is](http://www.radum.is) fyrir 15. apríl.  
Nánari upplýsingar veitir Nathalía Druzin Halldórsdóttir,  
Nathalia@radum.is, sími 519 6770.



Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter

**Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!**  
**NOVA**





## Spyrlar

MMR óskar eftir að ráða starfsfólk við úthringingar vegna markaðsrannsókna. Sveigjanlegur vinnutími á kvöldin og um helgar - hentar vel með námi eða sem aukastarf.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð framkoma, íslenskukunnátta og tölvufærni
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Stúdentspróf eða meira
- Mikill áhugi á samskiptum við annað fólk

Umsóknir sendist til Ásgríms Tryggvasonar, gagnaöflunarstjóra, á asgrimur@mmr.is merkt „spyrlar“

Nánari upplýsingar um MMR á [www.mmr.is](http://www.mmr.is)

MMR / Markaðs og miðlarannsóknir ehf / Ármúla 32, 108 Reykjavík



### VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

#### Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti forstjóra Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (HSS). Velferðarráðherra skipar í stöðuna til næstu fimm ára frá 1. júlí 2013.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 með síðari breytingum. Starfssvæði stofnunarinnar nær yfir sveitarfélögin fimm á Suðurnesjum, Reykjanesbæ, Garð, Grindavík, Sandgerði og Vogu. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja er með fjölmennustu vinnustöðum á Suðurnesjum þar sem starfa að jafnaði um 300 manns í um 200 ársstörfum, ársvelta er tæpir tveir milljarðar króna.

Forstjóri ber ábyrgð á að HSS starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf sem ráðherra setur honum. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi og þjónustu stofnunarinnar, að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Forstjóri skal hafa háskólamenntun og reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. Hann skal einnig hafa þekkingu og reynslu á sviði heilbrigðisþjónustu. Gerð er krafa um hæfni í mannlegum samskiptum ásamt leiðtogaþæfileikum.

Hæfni umsækjenda verður metin af nefnd sem skipuð er af velferðarráðherra skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Um launakjör forstjóra fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög nr. 47/2006 um kjararáð.

Ráðuneytið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um embættið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri, sveinn.magnusson@vel.is. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á netfangið: postur@vel.is eigi síðar en 30. apríl nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið hefur verið tekin.

Velferðarráðuneytinu, 6. apríl 2013.

### Alhliða ferðapjónusta í faðmi fjalla óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi stöðum:

#### • Matreiðslumaður/kokkur

Þarf að vera snyrtilegur, skipulagður með góða tilfinningu fyrir þjóðlegri matargerð og lipurð í mannlegum samskiptum.

#### • Leiðsögumaður/landvörður með leigubílaréttindi

Gott vald á ensku skilyrði ásamt því að hafa góða tilfinningu fyrir náttúrunni og þörfum fólks af ólíkum uppruna. Þarf einnig að vera léttur í lund og áráðanlegur.

Leiðsöguréttindi æskileg en ekki nauðsynleg.

#### • Ráðskona

Þarf að vera fjölbær, snyrtileg og glaðlynd umfram allt, ásamt því að geta bakað íslenskt bakkelsi s.s. brauð, kleinur, ástarpunga og fleira góðgæti.

Ferðapjónustan samanstendur af gistingu, dagsferðum, og veitingasölu í fögru umhverfi, þar sem snoturt sauð- og geitfjárbú blómstrar í bland við ferðamanninn.

Áhugasamir sendi umsóknir á: [fjalladyrd@fjalladyrd.is](mailto:fjalladyrd@fjalladyrd.is)

### Laust starf hjá Umhverfis- og skipulagssviði Borgarbyggðar:



#### Skipulags- og byggingarfulltrúi

Borgarbyggð óskar eftir að ráða skipulags- og byggingarfulltrúa til starfa hjá sveitarfélaginu.

Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í vaxandi sveitarfélagi. Launakjör skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

#### Helstu verkefni:

Framkvæmd skipulags- og byggingarmála, mælingar, úttektir, skráning fasteigna, yfirferð uppráttu og afgreiðsla umsókna, yfirferð skipulaga og eftirfylgni með málsmeðferð. Samstarf við aðila sem m.a. sinna verkefnum á sviði skipulags- og byggingarmála.

#### Menntun og hæfniskilyrði:

Leitað er eftir einstaklingi með menntun í samræmi við ákvæði 7. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 þ.e. arkitekt, byggingarfræðingur, landslagsarkitekt, tækniþræðingur, verkfræðingur eða skipulagsfræðingur og í samræmi við 25. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010 þ.e. skal auk þess hafa löggildingu sem hönnuður. Þekking og reynsla af skipulags- og byggingarmálum og opinberri stjórnsýslu er mikilvæg, einnig að viðkomandi einstaklingur hafi iðnmenntun sem bakgrunn. Leitað er eftir vel menntuðum og duglegum einstaklingi með góða samskiptahæfni.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jökull Helgason í síma 433-7100 eða á netfangið [jokull@borgarbyggd.is](mailto:jokull@borgarbyggd.is). Umsóknarfrestur er til 22. apríl 2013. Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar í Ráðhús Borgarbyggðar, Borgarbraut 14, 310 Borgarnes.

## Við leitum að bestu sölu- og markaðsfulltrúum landsins!

Ef þú ert hress, opinn, árangursdrifinn og hugmyndaþingur einstaklingur í leit að nýjum áskorunum, þá erum við að leita að þér. Endilega sendu okkur umsókn og við munum hafa samband við þig.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

Þú þarft að vera eldri en 20 ára

Hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði

Gerð er krafa um öguð og sjálfstæð vinnubrögð

Reynsla af sölu eða markaðsstarfi er kostur

### Við bjóðum:

Góð laun fyrir rétta aðila

Markvissa starfsþjálfun

Möguleika á vexti innan fyrirtækisins

Skemmtilegt starfsumhverfi

Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Sendu umsóknina á [atvinna@hringtorg.is](mailto:atvinna@hringtorg.is)



### VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

#### Forstjóri Heyrnar- og talmeinaþjálfar Íslands

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti forstjóra Heyrnar- og talmeinaþjálfar Íslands. Velferðarráðherra skipar til fimm ára í stöðuna sem er laus nú þegar.

Heyrnar- og talmeinaþjafi starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 með síðari breytingum og samkvæmt lögum nr. 42/2007 um stofnunina. Á stofnuninni starfa að jafnaði um 25 manns í um 20 ársstörfum. Stofnunin veitir þjónustu og annast faglega ráðgjöf, þjálfun og endurhæfingu við heyrnarlausu, heyrnarskerta og þá sem eru með heyrnar- og talmeinaþjálfun. Ársvelta stofnunarinnar er um 250 milljónir.

Forstjóri ber ábyrgð á að stofnunin starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf sem ráðherra setur honum. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi og þjónustu stofnunarinnar, að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Forstjóri skal hafa háskólamenntun og reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. Einnig er æskilegt að hann hafi þekkingu og reynslu í viðkomandi málaflokkum. Gerð er krafa um hæfni í mannlegum samskiptum ásamt leiðtogaþæfileikum. Hæfni umsækjenda verður metin af nefnd sem skipuð er af velferðarráðherra skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Um launakjör forstjóra fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög nr. 47/2006 um kjararáð.

Ráðuneytið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um embættið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri, sveinn.magnusson@vel.is. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á netfangið: postur@vel.is eigi síðar en 22. apríl nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið hefur verið tekin.

Velferðarráðuneytinu, 6. apríl 2013.



Barnaheill  
Save the Children á Íslandi

Við þú að...  
Ófberðisvillir tölvuleikir  
hafa áhrif á börn.





Það eru yfir **80**  
laus störf í  
Alfreð appinu!

MEÐAL ANNARS HJÁ ÞESSUM FYRIRTÆKJUM:



[www.alfred.is](http://www.alfred.is)

## SUMARSTÖRF!

**English Pub** í Reykjavík  
óskar eftir að ráða fólk í  
sumarvinnu á bar og í  
þjónustustörf í sumar.

**Umsækjendur** eru beðnir um  
að senda umsókn og ferilskrá  
á [simon@enskibarinn.is](mailto:simon@enskibarinn.is)  
fyrir 11. apríl.

THE ENGLISH PUB  
Save Water, Drink Beer

### LEIKSKÓLINN AKRAR

#### MATRÁÐUR

Leikskólinn Akrar auglýsir eftir matráði í  
100% starf

Helstu verkefni og ábyrgð er mótun og  
uppbygging matarvenja, rekstur mötuneytis,  
matseld, gerð matseðla og innkaup.

##### Reynsla og hæfni:

- Menntun á sviði matreiðslu og/eða  
reynsla af matreiðslu í stórelldhúsi
- Góð þekking á næringarfræði og rekstri  
mötuneyta
- Skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð íslenskukunnátta

Í eldhúsum leikskóla Garðabæjar er unnið  
eftir ráðleggingum og markmiðum  
Lýðheilsustöðvar hvað varðar hollustu og  
næringargildi matarins. Allur matur er  
unninn frá grunni.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi  
Sambands íslenskra sveitafélaga við  
hlutaðeigandi stéttarfélag.

##### Nánari upplýsingar:

Sigrún Sigurðardóttir leikskólastjóri  
[sigrunsig@leikskolarnir.is](mailto:sigrunsig@leikskolarnir.is)  
Sími 512 1530



# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Hljóðmaður	Þjóðleikhúsið	Reykjavík	201304/027
Næturvörður	Alþingi	Reykjavík	201304/026
Starfsmaður	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	Kirkjubæjarkl.	201304/025
Starfsmaður, sumar	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	Vestmannaey.	201304/024
Starfsmaður	Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	Reyðarfjörður	201304/023
Sérfræðingur	Matvælastofnun	Selfoss	201304/022
Framhaldsskólakennarar í ensku	Flensborgarskólinn	Hafnarfjörður	201304/021
Verkefnastjóri	Háskóli Ísl., verkfr.- og nátt.v.svið	Reykjavík	201304/020
Prófessor og yfirlæknir	Háskóli Íslands, Landspítali	Reykjavík	201304/019
Lögfræðingur	Neytendastofa	Reykjavík	201304/018
Kennarar og námsráðgjafi	Framhaldssk. í A-Skaftafellssýslu	Höfn	201304/017
Sérfræðingur	Ríkisskattstjóri	Reykjavík	201304/016
Deildarstjóri	Landspítali, launadeild	Reykjavík	201304/015
Forstjóri	Heyrnar- og talmeinafstaða Íslands	Reykjavík	201304/014
Forstjóri	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201304/013
Forstjóri	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201304/012
Sérfræðingur í lyflækningum	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201304/011
Hjúkrunarstjóri	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Þorlákshöfn	201304/010
Ljósmyndari	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201304/009
Sálfræðingur	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Kópavogur	201304/008
Yfirhjúkrunarfræðingur	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Garðabær	201304/007
Lögreglumenn	Lögreglustjórinn á Blönduósi	Blönduós	201304/006
Sérfræðingur	Ríkislögreglustjórinn	Reykjavík	201304/005
Kerfisstjóri	Neytendastofa	Reykjavík	201304/004
Bókari	Íbúðalánasjóður	Reykjavík	201304/003
Fulltrúi	Ríkiskaup	Reykjavík	201304/002
Störf við gæslu og upplýsingagjöf	Þjóðminjasafn Íslands	Reykjavík	201304/001



strató.is

## Strætó bs. leitar að vagnstjórum í sumarafleysingar!

##### Um starfið

Í starfinu felst að aka strætisvögnum Strætó bs. samkvæmt leiðakerfi sem og aðstoða og leiðbeina  
farþegum við að komast leiðar sinnar um höfuðborgarsvæðið. Um er að ræða sumarafleysingar og  
er unnið samkvæmt vaktafyrirkomulagi.

##### Helstu starfs- og ábyrgðarsvið eru:

- Akstur eftir vakta- og vagnaferlum.
- Samskipti og þjónusta við farþega.
- Samskipti við samstarfsmenn.
- Miðlun upplýsinga.
- Vagnumsjón.
- Fagmannleg vinnubrögð samkvæmt  
stefnu Strætó bs.

##### Hæfniskröfur:

- Hreint sakavottorð er skilyrði.
- Góð íslenskukunnátta.
- Aukin ökuréttindi (t.d. Tákntölur 400-450 /  
Réttindaflokkur CE).
- Mikil þolinmæði og rík þjónustulund.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. apríl 2013.**

Umsjón með ráðningum hefur Hugtak mannaúsráðgjöf.

Umsóknir skulu berast með tölvupósti til: [radningar@hugtak.is](mailto:radningar@hugtak.is). Frekari  
upplýsingar veitir Guðlaugur Örn í síma 571-5000 eða [guðlaugur@hugtak.is](mailto:guðlaugur@hugtak.is).





## Fjármálastjóri óskast

Skrifstofa stéttarfélaganna á Húsavík leitar eftir fjármálastjóra til starfa. Starfið felur í sér umsjón með bókhaldi, fjármálastjórn og almennri þjónustu við félagsmenn stéttarfélaganna sem telja um 2600 manns. Góð tölvu- og tungumálakunnátta og lipurð í mannlegum samskiptum er æskileg.

Forstöðumaður skrifstofunnar, Aðalsteinn Á. Baldursson, veitir frekari upplýsingar um starfið í síma 464 6600 eða 864 6604.

Starfsemi stéttarfélaganna í Píngeyjarsýslum er ein sú öflugasta á landsvísi.

Umsóknarfrestur um starfið er til 4. maí 2013 og skal umsóknum skilað á Skrifstofu stéttarfélaganna, Garðarsbraut 26, 640 Húsavík í lokuðu umslagi eða á netfangið kuti@framsyn.is

Framsýn- stéttarfélag  
Starfsmannafélag Húsavíkur  
Þingið, félag iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum



STARFSMANNAFÉLAG  
HÚSAVÍKUR



Ferðbúinn ehf. leitar að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi í stöðu framkvæmdastjóra skátamiðstöðvarinnar Hraunbyrgis.

### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Rekstur ferðaþjónustu (tjaldsvæði og hostel).
- Gerð rekstraráætlana og umsjón með færslu bókhalds.
- Styrkjaumsóknir, uppgjör og eftirlit með fjármálum.
- Rekstur og viðhald húsnæðis.
- Ráðning og verkstjórn starfsmanna.
- Samskipti við opinbera og erlenda aðila vegna ýmissa verkefna.

### Hæfniskröfur:

- Almenn tölvukunnátta.
- Gott vald á íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli.
- Góðir stjórnunar- og samskiptahæfileikar.
- Vandvirkni, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð.
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæð vinnubrögð.
- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Reynsla af ferðaþjónustu og markaðsmálum mikill kostur.

Um er að ræða 80-100% starfshlutfall. Starfsumsókn skal berast á netfangið starf@hraunbuar.is og skal henni fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi. Fyrirspurnir skulu berast á sama netfang.

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl 2013.

# GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

ATH - VIÐ VILJUM EKKI FÁ AÐ SJÁ HÓPVERKEFNI ÚR SKÓLA - EKKI NEMA AÐ ÞÚ HAFIR GERT ALLT SJÁLFUR :)

# ÓSKAST TIL STARFA

ÓSKUM EFTIR UPPLÝSINGUM UM ÞIG OG SÝNISHORNUM Á PDF

# VEF HÖNNUÐUR

ÓSKUM EFTIR UPPLÝSINGUM UM SJÁLFAN ÞIG OG SÝNISHORNUM Á HTTP:WWW.....

# ÓSKAST TIL STARFA

ÓSKUM EFTIR FREELANCE PRÓFARKALESARA  
ÓSKUM EFTIR FREELANCE TEXTA- OG HUGMYNDASMIÐUM  
ÓSKUM EFTIR FREELANCE HÖNNUÐUM Á SKRÁ  
ÓSKUM EFTIR GÓÐU VEÐRI Í SUMAR O.F.L. O.F.L. SKEMMTILEGT

## BETRI STOFAN

E-MAIL VINNA@BETRISTOFAN.IS

SKEMMTILEG OG FJÓLBREYTT VERKEFNI

(VERKEFNI FYRIR SKEMMTIÞINGIÐ)


www.hagvangur.is

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700  
www.hagvangur.is



EYJAFJARÐARSVEIT



## Lóðir í Eyjafjarðarsveit á tilboðsverði

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt að fella niður gatnagerðargjald af lóðum við Bakkatröð í Hrafnagilshverfi.

Þess í stað er óskað eftir tilboðum í byggingarrétt á lóðunum.

Tilboðum í lóðirnar skal skilað til skrifstofu Eyjafjarðarsveitar í seinasta lagi mánudaginn 22. apríl kl. 14 og verða þá opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Nánari upplýsingar á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar og vef sveitarfélagsins [www.eyjafjardarsveit.is](http://www.eyjafjardarsveit.is).

**Áttu þér leyndan draum að búa í góðri sveit? Eyjafjarðarsveit, já takk!**

Eyjafjarðarsveit er rúmlega 1000 manna sveitarfélag sem nær yfir Eyjafjarðardali frá Akureyri og Svalbarðsstrandarhreppi og inn á hálandið. Helsti atvinnuvegur er landbúnaður en Eyjafjörður er eitt atvinnusvæði. Þéttbýli er í Reykárhverfi við bæinn Hrafnagil um 11 km frá Akureyri og þar býr um fjórðungur íbúa sveitarfélagsins. Í hverfinu er góður grunnskóli, leikskóli og tónlistarskóli, íþróttamiðstöð, aðstaða fyrir aldraða, tónlistarhús og skrifstofa sveitarfélagsins.

Í Eyjafjarðarsveit er veðráttan góð og náttúran blómleg. Mannlíf dafnar í sveitinni og rekstur sveitarfélagsins er traustur.

Ég bý í sveit – verið velkomin!



## Leitum að öflugum starfsmanni í tekjustýringu

Í boði er spennandi starf í metnaðarfullu umhverfi. Starf tekjustjóra heyrir undir framkvæmdastjóra. Viðkomandi er ábyrgur fyrir verðlagningu fyrirtækisins á innlendum og erlendum mörkuðum og samskiptum við söluaðila í alþjóðlegu umhverfi. Starfið krefst mikillar skipulags- og greiningarhæfni sem og lipurð í mannlegum samskiptum og öguðum vinnubrögðum.

### Hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Framúrskarandi greiningarhæfileikar
- Frábær kunnátta í Excel

Umsóknir berast á pósthöfundur [gudmundur@sixt.is](mailto:gudmundur@sixt.is) fyrir mánudaginn 15. apríl. Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Orri Sigurðsson.

**SIXT**  
rent a car

Sixt rent a car - Fiskislóð 18 - 101 Reykjavík - 540 2222  
- [www.sixt.is](http://www.sixt.is) - [sixt@sixt.is](mailto:sixt@sixt.is)

www.vinna.is

vinna.is  
sími: 511 1144



## Viltu tryggja framtíð þína?

Ferðamannalandinu Íslandi vantar kokka og þjóna í stórum stíl á næstu árum.

Viltu læra til þessarra starfa á vinsælum og góðum veitingastaði í hjarta Reykjavíkur við gömlu höfnina. Ef svo er þá vertu í sambandi við okkur og við tökum vel á móti þér.

Við biðjum um heiðarleika, dugnað, snyrtimennsku og reglusemi og þá eru þér allir vegir færir.

Upplýsingar veitir Brynjar á staðnum eða í síma 894 1057 eða í brynjar@hofnin.is

Íslenski veitingastaðurinn  
við Reykjavíkurhöfn



## Snyrtistofa til sölu

Lítill snyrtistofa í góðu leiguhúsnæði til sölu.  
Nánari upplýsingar í síma: 867-9413



### Aðalsafnaðarfundur Lindasóknar

verður haldinn í Lindakirkju,  
Kópavogi, sunnudaginn 14. apríl  
nk. kl. 18 eftir messu.

Venjuleg aðalfundarstörf.  
Önnur mál

Sóknarnefnd Lindasóknar

## Umsóknir

um dvöl í íbúð fræðimanns  
í Kaupmannahöfn 2013-2014



Íbúð fræðimanns í Kaupmannahöfn, skv. reglum  
um hús Jóns Sigurðssonar, er laus til afnota  
tímabilið 28. ágúst 2013 til 26. ágúst 2014.

Allar nánari upplýsingar og sérstök eyðublöð er  
að finna á heimasíðu Jónshúss: jonshus.dk  
(Fræðimannsíbúð).

Umsóknir um íbúðina skulu hafa borist skrifstofu  
Alþingis eigi síðar en þriðjudaginn 16. apríl nk.



Kommuneqarfið SERMERSOQQ



Reykjavíkurborg



Tórshavnar kommuna

## Vestnorræni höfuðborgasjóður Nuuk, Reykjavíkur og Þórshafnar auglýsir eftir styrkumsóknum fyrir árið 2013

Reykjavíkurborg er aðili að Vestnorræna höfuðborgasjóði Færeyja, Grænlands og Íslands. Sjóðurinn hefur að markmiði að efla skilning og samstarf, m.a. á sviði menningarmála, milli þessara borga, íbúa þeirra, samtaka og stjórnmálamanna og veita fjárstyrki til verkefna sem þjóna þessum markmiðum.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum til verkefna sem tengjast samskiptum milli höfuðborganna og efla tengsl þeirra með einhverjum hætti, t.d. á sviði menningar, fræðslu eða íþróttu.

Í umsókn skal lýsa fyrirhuguðum verkefnum ítarlega, fyrirkomulagi þeirra, tímasetningu og kostnaði.

### Umsókn skal beint til:

Vestnorræni höfuðborgasjóður Nuuk, Reykjavíkur og Þórshafnar b.t. skrifstofu borgarstjóra og borgarritara Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Umsóknir berist **eigi síðar en þriðjudaginn 30. apríl nk.** og koma umsóknir sem síðar kunna að berast ekki til afgreiðslu. Umsóknum skal skila á umsóknareyðublöðum sem nálgast má á vefsíðu Reykjavíkurborgar, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)

Upplýsingar eru veittar á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, Ráðhúsi Reykjavíkur, s:411 4500. Stjórn sjóðsins mun afgreiða umsóknir í maí nk.

Reykjavík, 2. apríl 2013  
Borgarritari

# ÚTBOÐ

## Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- Úrbætur í umferðaöryggismálum 2013, nr. 13012.
